

Nefndarálit:  
Kennara- og uppeldisháskóli Íslands  
Drög að námskrá

Menntamálaráðuneytið  
Júní 1997

ISBN: 9979-821-77-9

# Efnisyfirlit

Greinargerð um störf nefndarinnar	5
Inngangur	9
Ágrip af sögu skólanna	10
Fósturskóli Íslands	10
Íþróttakennaraskóli Íslands	12
Kennaraháskóli Íslands	13
Þroskaþjálfaskóli Íslands	15
Kennsluhættir og vinnubrögð	18
Megintilgangur menntunar og heildarskipan náms	19
Megintilgangur menntunar uppeldisstétta	19
Megintilgangur menntunar íþróttakennara	20
Lýsing á heildarskipan íþróttakennaranáms og skipting þess á meginsvið	21
Megintilgangur kennaramenntunar	26
Lýsing á heildarskipan almenns kennaranáms og skipting þess á meginsvið samkvæmt gildandi tilhögun	27
Endurskoðun almenns kennaranáms	30
Megintilgangur menntunar leikskólakennara	30
Lýsing á heildarskipan náms leikskólakennara og skipting þess á meginsvið	31
Megintilgangur menntunar þroskaþjálfara	35
Lýsing á heildarskipan þroskaþjálfaranáms og skipting þess á meginsvið	35
Sameiginlegir þættir námsbrauta	39
Námskeiðslýsingar	41
Aðferðafræði, tölfræði, upplýsingatækni, vinnulag	41
Framsögn, raddbeiting	41
Heilsufræði	42
Kennslufræði, verkáætlanir	42
Listgreinar	43
Náttúrufræði, umhverfisfræði	43
Saga og félagsfræði uppeldis og menntunar	43
Siðfræði, heimspeki	44
Þróunarsálarfræði	45
Valþættir í námi	45
Vettvangsnám	46

Námsmat og próf	49
Eigið mat stofnunar á starfsemi sinni	50
Heimildaskrá	52
Viðauki I: Athugasemd frá Árna Guðmundssyni	55
Viðauki II: Greinargerðir vinnuhópa	57
Greinargerð vinnuhóps um aðferðafræði, tölfræði	58
Greinargerð vinnuhóps um eigið mat stofnunar á starfsemi sinni	61
Greinargerð vinnuhóps um framsögn, raddbeitingu	63
Greinargerð vinnuhóps um heilbrigðisgreinar í þroskaþjálfanámi	65
Greinargerð vinnuhóps um kennslufræði og verkáætlanir	78
Greinargerð vinnuhóps um námsmat og próf	82
Greinargerð vinnuhóps um siðfræði	86
Greinargerð vinnuhóps um skipan náms íþróttakennara	91
Greinargerð vinnuhóps um sögu uppeldis og menntunar, íslenska menningu og samfélag	98
Greinargerð vinnuhóps um valþætti í námi	110
Greinargerð vinnuhóps um vettvangsnám	116
Greinargerð vinnuhóps um þróunarsálfræði	119

## **Töflur**

Tafla 1. Yfirlit yfir umfang og starfsemi FÍ, ÍKÍ, KHÍ og ÞÍ skólaárið 1996 -1997.	17
Tafla 2. Skipan náms í Íþróttakennaraskóla Íslands, 65 einingar, samkvæmt kennsluskrá 1996-1997	24
Tafla 3. Skipan íþróttakennaranáms, 90 einingar, drög frá vinnuhópi innan ÍKÍ unnin í mars 1997	25
Tafla 4. Skipan þriggja ára kennaranáms samkvæmt kennsluskrá 1996-1997	29
Tafla 5. Skipan leikskólakennaranáms, 90 einingar	34
Tafla 6. Skipan þroskaþjálfanáms, 90 einingar	38
Tafla 7. Tillaga um sameiginlega þætti námsbrauta.	40

## GREINARGERÐ UM STÖRF NEFNDARINNAR

Með bréfi dagsettu 23. desember 1996 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að “endurskoða námskrár Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands með það fyrir augum að aðlaga kennsluna að háskólastigi og undirbúa þannig stofnun uppeldisháskóla“ eins og segir í erindisbréfi hennar. Tekið er fram að nefndin skuli ljúka störfum fyrir 15. júní 1997.

Nefndin var þannig skipuð: Árni Guðmundsson, Íþróttakennaraskóla Íslands, varamaður Reynir Karlsson; Vilborg Jóhannsdóttir, Þroskaþjálfaskóla Íslands, varamaður Bryndís Víglundsdóttir; Elín Jóna Þórsdóttir, Fósturskóla Íslands og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kennaraháskóla Íslands, varamaður Þóra Kristinsdóttir, sem sinnti störfum fyrsta mánuðinn í fjarveru Hrafnhildar. Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, var formaður nefndarinnar og starfsmaður var ráðinn Ólafur H. Jóhannsson, endurmenntunarstjóri Kennaraháskóla Íslands. Bryndís Víglundsdóttir gegndi störfum allan tímamann í forföllum Vilborgar.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn hinn 15. janúar sl. og hefur haldið reglulega fundi síðan. Milli funda unnu nefndarmenn greinargerðir og lýsingar á námi í skólunum fjórum.

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf hélt hún fund með formönnum hlutaðeigandi fagfélaga, þar sem viðfangsefnið var kynnt, skipst á skoðunum og þeim boðið að koma ábendingum á framfæri.

Á vegum nefndarinnar var haldinn fundur á Laugarvatni hinn 7. maí sl. Tilgangur fundarins var að ræða um menntun íþróttakennara þegar menntun þeirra færir á háskólastig og námið lengist í samræmi við það. Til fundarins voru eftirtaldir aðilar boðaðir; skólastjóri og kennarar Íþróttakennaraskólans, skólanefnd Íþróttakennaraskólans, stjórn Félags íþróttakennara og kennarar KHÍ sem annast kennslu á kjörsviðinu *íþróttir og líkamsrækt*. Í framhaldi af þessum fundi var vinnuhópurinn um menntun íþróttakennara skipaður.

Nefndin skipaði sérfræðinga í vinnuhópa til að bera saman upplýsingar um afmörkuð fagsvið og móta tillögur um þau. Á vegum nefndarinnar hafa eftirtaldir hópar starfað.

**Aðferðafræði, tölfraði**

Amalía Björnsdóttir  
Guðbjörg Daníelsdóttir  
Sif Eiríksdóttir  
Þórdís Þórðardóttir

Kennaraháskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands

**Eigið mat stofnunar á starfsemi sinni**

Ása S. Þórðardóttir  
Börkur Hansen  
Ingimar Jónsson  
Jóhanna Einarsdóttir

Proskapjálfskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands

**Framsögn, raddbeiting**

Gunnar Eyjólfsson  
Ingibjörg Frímansdóttir  
Kristín A. Ólafsdóttir  
Soffía Jakobsdóttir  
Sólveig Hauksdóttir

Íþróttakennaraskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands

**Heilbrigðisgreinar í námi þroskajálfa**

Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Ástríður Stefánsdóttir læknir  
Sigurður Thorlacius læknir  
Sólveig Steinsson þroskajálfi

**Kennslufræði, verkáætlanir**

Ingvar Sigurgeirsson  
Karl Jeppesen  
Sigríður Stefánsdóttir  
Vilborg Jóhannsdóttir

Kennaraháskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands

**Meginreglur um námsmat og próf**

Erla Kristjánsdóttir  
Elsa Sigríður Jónsdóttir  
Guðbjörg Daníelsdóttir  
Ingibjörg Harðardóttir

Kennaraháskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands

**Menntun íþróttakennara**

Ingimar Jónsson  
Rúnar Sigríksson  
Þórdís L. Gísladóttir  
Þórey Guðmundsdóttir

Íþróttakennaraskóla Íslands  
Íþróttakennarafélagi Íslands  
Skólanefnd Íþróttakennaraskólans  
Kennaraháskóla Íslands

**Saga og félagsfræði uppeldis og menntunar**

Gunnlaugur Sigurðsson  
Ingimar Jónsson  
Sigurjón Mýrdal  
Þórey Kolbeins

Fósturskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands

**Siðfræði**

Ástríður Stefánsdóttir  
Gunnar J. Gunnarsson

Proskapjálfskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands

Ingimar Jónsson  
Sigurður Björnsson

Íþróttakennaraskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands

### **Skipan leikskólakennaranáms**

Elín Jóna Þórsdóttir  
Jónína Tryggvadóttir  
Sigríður Pálmadóttir  
Sigríður Stefánsdóttir  
Sigurður Björnsson

Fósturskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands

### **Valþættir í námi**

Guðmundur B. Kristmundsson  
Hafþór B. Guðmundsson  
Kristín Hildur Ólafsdóttir  
Kristín Lilliendahl

Kennaraháskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands

### **Vettvangsnám**

Elísabet Ólafsdóttir  
Guðrún Stefánsdóttir  
Hrönn Pálmadóttir  
Páll Ólafsson

Íþróttakennaraskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands  
Fósturskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands

### **Þróunarsálfræði**

Elsa Sigríður Jónsdóttir  
Guðbjörg Daníelsdóttir  
Hrafnhildur Ragnarsdóttir  
Ingibjörg Harðardóttir

Fósturskóla Íslands  
Íþróttakennaraskóla Íslands  
Kennaraháskóla Íslands  
Proskapjálfskóla Íslands

Alls hafa því 44 sérfræðingar fjallað um sérsvið sitt. Þess ber að geta að hópunum voru settar nokkuð þröngar tímaskorður og gafst því ekki færi á ítarlegri umfjöllun.

Nefndinni var frá upphafi ljóst að menntamálaráðuneytið mun ekki setja hinum nýja Kennara- og uppeldisháskóla námskrá. Slíkt ákveður skólinn sjálfur. Því miðaði upplýsingaöflun og úrvinnsla að því að tillögur hennar gætu flýtt fyrir nauðsynlegri endurskipulagningu námsins og upp-byggingu þess í hinni nýju stofnun.

Í tillögum nefndarinnar er einkum lögð áhersla á sameiginlega þætti í námi þeirra starfsstétta sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti eru hér engar beinar tillögur gerðar um breytingar á þeirri skipan sem mótaðar hafa verið að frumkvæði viðkomandi skóla. Nefndin lagði áherslu á að lýsa tilhögun í hinum nýja skóla, en taldi falla utan við verksvið sitt að leggja mat á það nám sem nú er í boði í hverjum þessara fjögurra skóla.

Tillögur starfshópanna hafa að hluta til verið felldar inn í meginmál í drögum þessum, en eru birtar í heild í viðauka II. Það er almennt sjónarmið

Þátttakenda í vinnuhópunum að þeir hafi fengið innsýn í störf félaga sinna í öðrum skólum og er þess að vænta að vinna þeirra nýtist við áframhaldandi mótun á einstökum þáttum námskrárinnar. Nefndin þakkar öllum þátttakendunum fyrir mikilsvert framlag.

Árni Guðmundsson leggur fram athugasemd er varðar skipan íþróttakennaranáms og er hún birt í viðauka I.



# INNGANGUR

Þessi drög að námskrá ná yfir grunnnám til B.Ed.- eða B.Ph.Ed.- gráðu eftirtalinna starfsstétta; almennra grunnskólakennara, íþróttakennara, leikskólakennara og þroskaþjálfara. Með frumvarpi til laga um Kennara- og uppeldisháskóla er að því stefnt að starfsemi þeirra stofnana, sem annast hafa menntun ofangreindra starfstétta, verði sameinuð um leið og menntun íþróttakennara, leikskólakennara og þroskaþjálfara færist á háskólastig.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Kennara- og uppeldisháskóla eru eftirtalin rök færð fyrir sameiningunni:

- Menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta á margt sameiginlegt sem auðveldara er að efla og samhæfa undir einni yfirstjórn. Gildir það bæði um grunmenntun þeirra, endurmenntun og framhaldsnám.
- Með sameiningunni færist menntun allra þesara stétta ótvírætt á háskólastig og verður í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða á til betri og markvissari starfsmenntunar en ella.
- Gera má ráð fyrir að rannsóknum á sviði uppeldis og skólastarfs vaxi fiskur um hrygg við þessa breytingu og á því er full þörf.
- Þær stofnanir, sem ekki eru á háskólastigi, eru allt of smáar til að raunsætt sé að ætla að þær getir öðlast fullgildan sess sem háskólastofnanir af eigin rammleik.
- Betri nýting fæst á fjármunum, húsnæði og hvers kyns búnaði.

Ljóst er að margt er sameiginlegt í menntun áðurgreindra starfstétta. Því eru í tillögum þessum dregin sérstaklega fram þeir þættir sem geta verið sameiginlegir í námi þeirra og áhersla lögð á að samnýta kennslukrafta og sérþekkingu kennara þar sem því verður við komið. Með sameiginlegum námskeiðum og valnámi óháð skor/braut kynnast nemendur á mis-munandi brautum hver öðrum og væntanlegu starfsviði hver annars.

Hér á eftir er fyrst að finna stutt ágríp af sögu þeirra stofnana sem sameinast með stofnun Kennara- og uppeldisháskólans. Í lok þess ágríps er tafla sem sýnir umfang þessara skóla skólaárið 1996-1997. Þá er stuttur kafli um kennsluhætti, þar sem dregin eru fram þau atriði sem einkenna skulu nám og kennslu á háskólastigi. Því næst kemur aðalhlutinn, þar sem

fjallað er um menntun þeirra starfsstétta sem hlut eiga að máli. Umfjöllun um hverja braut er þrískipt; fyrst er fjallað um megintilgang menntunar á brautinni, því næst er heildarskipan námsins og meginviðfangsefnum lýst, og að lokum er tafla sem sýnir dreifingu náms á annir. Gerð er grein fyrir sameiginlegum þáttum í náminu og lagðar fram hugmyndir um hvaða námskeið gætu verið sameiginleg. Fjallað er um vettvangsnám, þar sem lýst er þeim meginviðmiðunum sem höfð eru til hliðsjónar við skipulagningu og framkvæmd á því og gerð er grein fyrir meginreglum um námsmat og próf. Þá er stutt umfjöllun um eigið mat stofnunar á starfsemi sinni. Þar er tilgreint með hvaða hætti unnt er að standa að slíku mati til að það komi stofnuninni til góða við að þróa starfsemi sína og starfshætti.

## ÁGRIP AF SÖGU SKÓLANNA

### Fósturskóli Íslands

Þann 1. október árið 1946 stofnaði Barnavinafélagið Sumargjöf *Uppeldisskóla Sumargjafar* og var hann til húsa í leikskólanum Tjarnarborg. Fyrstu árin var skólinn tveggja vetra skóli og skiptist hvor vetur í tvær fjögurra mánaða annir, bóklega og verklega. Haustið 1954 var tilhögun náms breytt; bóklega námið var lengt í tvo vetur og verklega námið var sett á sumarmánuðina. Árið 1957 var nafni skólans breytt í *Fóstruskóli Sumargjafar* þegar starfsheitið fóstra hafði unnið sér hefð í málinu. Haustið 1968 var námið lengt í þrjú ár.

Árið 1973 var skólanum var breytt í ríkisskóla með lögum nr. 10/1973 og breytist þá nafn skólans í *Fósturskóla Íslands*. Aðsetur skólans er í Reykjavík. Samkvæmt lögum um Fósturskólann, lögum um leikskóla og Uppeldisáætlun leikskóla er hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hverskonar stofnunum fyrir börn frá fæðingu til skólaskyldualdurs. Árið 1983 var í fyrsta sinn boðið upp á eins árs framhaldsnám við skólann og var viðfangsefnið í því námi *stjórnun*. Árið 1991 fór skólinn af stað með menntun leikskólakennara í fjarnámi.

Nám leikskólakennara er 90 einingar að umfangi. Námstíminn er þrjú ár í staðbundnu námi, en fjögur ár í fjarnámi, og er námið bæði bóklegt og verklegt. Grunnmenntunin skiptist í uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálgreinar og náttúrufræðigreinar. Skólaárið 1996-1997 stunduðu liðlega 300 nemendur nám við Fósturskóla Íslands, 215 í staðbundnu námi, 76 nemendur í fjarnámi og 18 nemendur stunduðu eins árs framhaldsnám að umfangi 30 einingar. Ennfremur stendur skólinn fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir starfandi leikskóla-kennara. Við Fósturskóla Íslands er fagbókasafn með úrvali bóka.

Vorið 1996 höfðu alls verið brautskráðir 1675 leikskólakennarar frá Fósturskóla Íslands. Fjöldi fastráðinna kennara árið 1997 er 22 og stöðugildi alls 29. Æfingakennarar á vettvangi eru fjölmargir. Húsnæði skólans er 1400 fermetrar. Framlög til skólans samkvæmt fjárlögum 1997 eru 82,4 milljónir.

### **Stjórnun og skipulag**

*Skólastjóri* hefur yfirumsjón með rekstri skólans og forystu um starfshætti hans.

*Aðstoðarskólastjóri* er staðgengill skólastjóra og annast í umboði hans eftirlit með daglegri starfsemi skólans.

Fósturskóli Íslands skiptist í þrjár deildir: *Leikskólakennaradeild* sinnir staðbundinni menntun leikskólakennara og menntun leikskólakennara í fjarnámi, *framhaldsdeild* sinnir framhaldsmenntun leikskólakennara, og *endurmenntunardeild* sinnir símenntun stéttarinnar.

*Skólanefnd* er skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra leikskólakennara og annar samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur. Skólanefnd skal fylgjast með því að skólinn starfi samkvæmt þeim lögum og reglum sem honum eru settar.

*Skólaráð* skal vera skólastjóra til aðstoðar við stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri er formaður þess en auk hans sitja í ráðinu tveir fastir kennarar

skólans og tveir fulltrúar nemenda. Skólaráð er kjörið til eins árs í senn. Skólaráð fjallar um þau atriði skólastjórnar sem ekki falla beint undir skólastjóra eða skólanefnd. Meðal verkefna skólaráðs er fyrirkomulag námsins innan hins almenna ramma skólans, undirbúningur stundaskrár og námsefnis næsta skólaárs, gerð próftöflu og minniháttar agabrot nemenda.

Við Fósturskólann eru eftirtalin stoðkerfi: bókasafn, námsráðgjöf og skrifstofa.

## Íþróttakennaraskóli Íslands

Með starfrækslu kennaradeildar við Flensborgarskóla árið 1892 og síðar með stofnun Kennaraskóla Íslands 1908 hófst menntun kennara. Ein námsgreinin var leikfimi. Margir nemendur þessara skóla kenndu síðan leikfimi í þeim skólum sem þeir störfuðu við.

Á fyrsta tug þessarar aldar hófu störf hér á landi fyrstu sérmenntuðu leikfimi- og sundkennararnir.

Vorið 1932 voru samþykkt á Alþingi lög um próf leikfimi- og íþróttakennara og haustið 1932 tók til starfa á Laugarvatni *Íþróttaskóli Björns Jakobssonar*. Skólinn brautskráði íþróttakennara. Með íþróttalögum, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1940, voru fimleikar og sund gerð að skyldunámsgrein í öllum skólum. Lög um *Íþróttakennaraskóla Íslands* voru samþykkt á Alþingi vorið 1942 og tók hann við af Íþróttaskóla Björns Jakobssonar 1. janúar 1943 sem ríkisskóli með níu mánaða starfstíma. Árið 1972 var námstíminn lengdur í tvö ár, auk annarra breytinga á náminu. Í janúarmánuði 1991 hófst þróunarstarf við skólann sem miðaði að því að endurskoða og endurmeta námið, skipa því í námskeið og meta námskeiðin til eininga að hætti háskóla.

Íþróttakennaraskólinn hefur aðsetur á Laugarvatni. Heildarstærð húsnæðis er 7000 fermetrar að meðtöldu íþróttahúsi og sundlaug.

Heildarframlög til skólans 1997 eru 37 milljónir.

Skólaárið 1996-1997 var fjöldi nemenda 65. Fastráðnir kennarar, auk skólastjóra eru 6 og stundakennara eru 3. Einnig veita fjölmargir kennarar leiðsögn í vettvangsnámi.

### **Stjórnun og skipulag**

*Skólaráð* er þannig skipað: Skólastjóri er formaður, en auk hans sitja í ráðinu allir fastir kennarar, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda.

*Skólanefnd* er þannig skipuð: Íþróttafulltrúi ríkisins er formaður, einn er tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn af Ungmennasambandi Íslands, einn af Íþróttakennarafélagi Íslands og einn af nemendum. Skólanefnd er skólastjóra til ráðuneytis. Nánar er kveðið á um hlutverk skólaráðs og skólanefndar í reglugerð.

## **Kennaraháskóli Íslands**

Fyrsta löggjöf um kennaramenntun á Íslandi, *Lög um Kennaraskóla Íslands*, var sett 22. nóv. 1907. Kennaraskóli Íslands tók til starfa haustið 1908. Þar á undan, allt frá árinu 1892, höfðu verið haldin námskeið fyrir verðandi kennara í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

Kennaraskólinn var gerður að háskóla með lögum árið 1971 og nafni hans breytt í *Kennaraháskóli Íslands*. Verkefni skólans voru aukin með lögum sem samþykkt voru í maí 1988. Í þeim er m.a. rennt styrkari stoðum en áður undir rannsóknarhlutverk skólans og framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og kennslufræða. Þá var í nýju lögunum lagður grunnur að lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur. Gildistöku þess ákvæðis hefur síðan verið frestað.

Aðalbygging Kennaraháskólans er við Stakkahlíð. Þar er öll stjórnslásla og þar fer fram mestöll bókleg kennsla. Bókasafn, gagnasmiðja, rannsóknarstofnun, tölvuþjónusta og íslenska menntanetið eru einnig í aðalbyggingu. Lestrarmiðstöð er í timburhúsi á skólalóðinni. Valgreinakennsla í listgreinum fer fram í Skipholti 37 og heimilisfræðikennsla í Háuhlíð 9.

Alls hefur Kennaraháskólinn yfir 7500 fermetrum húsnæðis að ráða.

Fjöldi nemenda sem innritaðir voru á haustönn skólaárið 1996-1997 er 701 og skiptist á milli námsbrauta á eftirfarandi hátt:

B.Ed.-nám, staðbundið	416
B.Ed.-nám, fjarnám	70
Viðbótarnám kennara	21
Uppeldis- og kennslufræði	71
M.Ed.- nám	118

Einnig taka árlega hátt í eitt þúsund kennarar þátt í endurmenntun af margvíslegu tagi.

Fastráðnir starfsmenn Kennaraháskóla Íslands á árinu 1996 voru 93. Þar af eru próffessorar, dósentar, lektorar og fastráðnir stundakennarar 53, en aðrir starfsmenn 40 í 36 stöðugildum. Viðtökukennarar, sem veita leiðsögn á vettvangi, eru fjölmargir.

Framlög til skólans samkvæmt fjárlögum 1997 eru 334,8 milljónir.

### **Stjórnun og skipulag**

*Rektor* er yfirmaður stjórnarsýslu skólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skóla og utan. Hann er forseti skólaráðs. Rektor er kjörinn til fjögurra ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila.

*Skólaráð* hefur ákvörðunarvald í málefnum skólans og stofnana hans og vinnur að þróun og eflingu þeirra. Í skólaráði eiga sæti rektor, sjö fulltrúar kjörnir úr hópi fastráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn úr hópi lausráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn af starfsmönnum í a.m.k. hálfu starfi, öðrum en kennurum, þrjú fulltrúar nemenda kjörnir af nemendaráði. Skólaráð skal kjörið til þriggja ára í senn, að hluta ár hvert samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Fulltrúi lausráðinna kennara og fulltrúar nemenda skulu kjörnir til eins árs í senn.

*Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri* annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans.

Kennaraháskóli Íslands skiptist í þrjár deildir: *Kennaramenntunardeild* sinnir grunnmenntun kennara, *uppeldisvísindadeild* sinnir framhaldsmenntun og viðbótarmenntun á sviði uppeldis- og kennslufræða, *endurmenntunardeild* sér um endurmenntun kennara, svo og verkefni á sviði skólaþróunar og ráðgjafar við stofnanir og einstaklinga í menntakerfinu.

*Deildarráð* bera ábyrgð gagnvart rektor og skólaráði á gerð námskrár, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfi þriggja deilda skólans. Innan kennaramenntunardeildar og uppeldisvísindadeildar eru mismunandi námsbrautir eða *skorir* sem leiða til skilgreindra námsloka.

*Skorarstjórnir* hafa umsjón með námi og kennslu í hverri skor. Í skorarstjórnnum sitja fulltrúar nemenda og kennarar tilnefndir af skólaráði. Einn þeirra er skorarstjóri og situr í viðkomandi deildarráði

*Nemendaráð*, sem kosið er til eins árs í senn, tilnefnir fulltrúa nemenda í ráð og nefndir þar sem það á við og er rektor til ráðuneytis í málefnum skólans.

Við Kennaraháskólann eru eftirtalin stoðkerfi og þjónustukerfi:

Bókasafn  
Gagnasmiðja  
Kennslumiðstöð  
Lestrarmiðstöð  
Námsráðgjöf  
Rannsóknarstofnum  
Skrifstofa  
Tölvuþjónusta / Íslenska menntanetið

## **Þroskaþjálfaskóli Íslands**

Haustið 1958 var hafin kennsla í gæslu og umönnun vangefinna á Fávítahælinu í Kópavogi. Í lögum um fávítastofnanir nr. 53/1967 segir í 15. gr.: “Við aðalfávítahæli ríkisins skal reka skóla til að sérmennta fólk til fávítageislu og skal forstöðumaður gegna starfi skólastjóra.“ Skólinn hét í fyrstu *Gæslusystaskóli* en árið 1971 var nafninu breytt í *Þroskaþjálfaskóla Íslands*.

Árið 1971 var Þroskaþjálfaskólanum sett reglugerð samkvæmt lögum um fávitastofnanir frá 1967 og árið 1977 voru sett ný lög um fávitastofnanir þar sem segir m.a. “Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.“ Samkvæmt þessum lögum er skólastjóri ráðinn að skólanum og staðsetning hans ekki lengur bundin við Kópavogshælið. Einnig fær skólinn sjálfstæðan fjárhag.

Reglugerð var gefin út 4. júlí 1977, með stoð í lögum nr. 12/1977, og starfar skólinn enn samkvæmt henni. Ný lög voru sett um starfsemi skólans 14. júní 1985. Þar er nánar kveðið á um tilgang skólans en gert var í eldri lögum, stúdentspróf er gert að inntökuskilyrði og ákvæði eru um að skólinn skuli annast símenntun þroskaþjálfara.

Í samræmi við gildandi lög og reglugerðir býður skólinn 90 eininga grunnám og 30 eininga framhaldsnám í þroskaþjálfun. Einnig eru í boði námskeið af ýmsum toga. Grunnám er þriggja ára nám, hvert námsár tvær annir.

Skólinn var til húsa á Kópavogshæli frá stofnun til 2. febrúar 1984 þegar hann flutti að Skipholti 31. Fyrstu árin voru afar fáir nemendur í skólanum en um 1970 tók þeim að fjölga. Fjöldi nemenda takmarkast af húsnæði skólans og rými til starfsþjálfunar. Skólaárið 1996-1997 stunduðu 72 nemendur nám við skólann.

Skólinn var lengst af undir yfirstjórn heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra en með breytingu á lögum um skólann, sem gerð var í mars 1991, var hann færður undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

Við skólann starfa skólastjóri, fjórir fastráðnir kennarar og stunda-kennarar voru 22 skólaárið 1996-1997, auk gestafyrirlesara.

Margir leiðbeina nemum á vettvangi og eru flestir þeirra þroskaþjálfar. Bókasafnsfræðingur er í hálfu starfi og fulltrúi á skrifstofu í 70% starfi.

Skólinn hefur yfir að ráða 500 fermetrum húsnæðis.

Framlög til skólans samkvæmt fjárlögum 1997 eru 25,2 milljónir.



## Stjórnun og skipulag

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólastjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Einn er skipaður samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfra og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema. Kveðið er á um hlutverk skólastjórnar í reglugerð frá 1977.

Aðstoðarskólameistari og sviðsstjórar starfa með skólastjóra. Við skólann starfar fjögurra manna námsmatsnefnd. Nefndin er skipuð til eins árs í senn.

**Tafla 1. Yfirlit yfir umfang og starfsemi FÍ, ÍKÍ, KHÍ og ÞÍ skólaárið 1996 -1997.**

	Nem. í stað bundnu námi	Nem. í fjarnámi	Fastir kennarar	Fastráðnir stunda-kennarar	Aðrir starfsmenn	Húsnæði í fm.	Fjárveitingar 1997 í millj. skv. fjárlögum
FÍ	231	76	22	7	7	1.450	82,4
ÍKÍ	65		6	3	3	7.000 <sup>1</sup>	37 <sup>2</sup>
KHÍ	626 <sup>3</sup>	70	45	9	40	7.500 <sup>4</sup>	334,8
ÞÍ	72		4	22	2	500	25,2
Samtals	994	146	77	41	52	18.950	465,2

<sup>1</sup> Inni í þessari tölu er ekki húsnæði sem tilheyrir Íþróttamiðstöð Íslands.

<sup>2</sup> Á fjárlögum voru veittar 22,5 millj. til rekstrar Íþróttakennaraskólans og u.þ.b. 14,5 millj. af sameiginlegum framlögum til ríkiseigna á Laugarvatni renna til skólans.

<sup>3</sup> Nemendur í UF-námi og M.Ed.-námi stunda fjarnám að hluta.

<sup>4</sup> Húsnæði KHÍ að Varmalandi er ekki inni í þessari tölu.

## KENNSLUHÆTTIR OG VINNUBRÖGÐ

Kennsluhættir í háskóla skulu vera nemendum til fyrirmyndar um skipulag og vinnubrögð. Kosta skal kapps um að styrkja sjálfstæði og frumkvæði nemenda og efla með þeim öguð vinnubrögð.

Í háskólanámi er gert ráð fyrir að nemendur sýni verulegt sjálfstæði í öllum efnistöðum umfram það sem krafist er á lægri skólastigum. Þetta á bæði við um val á lesefni umfram það sem kann að vera ákvarðað sem kjarnaefni, val á viðfangsefnum, efnistöð og framsetningu. Kennsla á háskólastigi skal jafnan taka mið af nýrri þekkingu á sérhverju fræðasviði og háskólakennarar leggja sitt af mörkum til nýsköpunar þekkingar með eigin rannsóknum.

Kennsla háskólakennara beinist fyrst og fremst að því að skýra fræðileg hugtök og kenningar, veita yfirlit yfir mismunandi kenningar og faglega afstöðu fræðimanna og veita nemendum innsýn í ýmis álitamál sem viðfangsefninu eða fræðigreininni tengjast. Rökræður milli kennara og nemenda og milli nemenda innbyrðis eru mikilvægur þáttur í háskólanámi. Kennari, sem tekur afstöðu til álitamála, skal færa gild rök fyrir skoðun sinni og gefa nemendum færi á að rökræða þá skoðun eða afstöðu.

Í starfsmenntun er mikilvægt að kosta kapps um að tengja saman kenningu og starf. Nemendur skulu öðlast þjálfun í að beita fræðilegri þekkingu sinni við úrlausn viðfangsefna á vettvangi. Þetta á bæði við um viðfangsefni er tengjast inntaki náms og aðferðum við miðlun þess og á ekki síður við um uppeldisleg viðfangsefni er tengjast þeim einstaklingum sem unnið er með.

Við lok náms eiga nemendur á búa yfir hæfni til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun um sérhvert viðfangsefni er varðar fagsvið þeirra. Þeir eiga að geta skoðað viðfangsefni út frá mismunandi sjónarhornum, tekið ígrundaða afstöðu í ljósi þekkingar sinnar og sett skoðanir sínar fram á ljósan hátt og stutt þær faglegum rökum. Þessi hæfni á að birtast með ótvíræðum hætti í lokaverkefnum nemenda.

Í starfstengdu nám ber að tryggja að nemendur öðlist þá verkleikni sem gerir þeim kleift að uppfylla þær lágmarkskröfur sem starfið útheimtir og að þeir hafi jafnframt öðlast það persónulega öryggi sem fagmanni er nauðsynlegt. Mikilvægt er að þeir tileinki sér það viðhorf að grunnnám er aðeins fyrsti hluti starfsnáms sem nauðsynlegt er að efla og styrkja alla starfsæfina, jafnframt því sem hver og einn þarf að tileinka sér nýja þekkingu sem stöðugt verður til innan sérhverrar fræðigreinar.

Í hverju námskeiði skal gefa nemum tækifæri til að ræða og meta tilhögun náms og kennslu með hliðsjón af markmiðum og viðfangsefnum námskeiðsins.

Í vettvangsnámi fá nemendur tækifæri til að reyna í verki sem flesta þætti er þeir fjalla um í fræðilegum hluta náms, þannig að tengsl kenninga og framkvæmdar verði svo traust sem framast er unnt. Mikilvægt er að traust tengsl séu milli þeirra sem annast fræðilegan hlut námsins og þeirra sem leiðbeina á vettvangi. Sú gagnvirkni er einn af grundvallarþáttum í starfsmenntun.

## **MEGINTILGANGUR MENNTUNAR OG HEILDARSKIPAN NÁMS**

Í þessum kafla er gerð grein fyrir megintilgangi menntunar og heildarskipan náms á fjórum námsbrautum. Þessar námsbrautir eru: almennt kennaranám, íþróttakennaranám, leikskólakennaranám og þroskaþjálfanám. Í lok umfjöllunar um hverja braut er birt tafla sem sýnir skipan náms á annir. Í framhaldi af umfjöllun um einstakar brautir er gerð grein fyrir sameiginlegum þáttum í náminu.

### **Megintilgangur menntunar uppeldisstétta**

Menntun uppeldis- og umönnunarstétta tekur mið af hlutverki þeirra, starfsskyldum og starfsaðstöðu. Hlutverk þeirra er þjóðfélagslega skilgreint. Það endurspeglar breytingar í samfélaginu en hefur jafnframt áhrif á þróun þess.

Rauður þráður í menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta er manngildishugsjónin. Hún birtist í því að hagsmunir skjólstæðinganna eru öllum öðrum starfsskyldum æðri. Hver og einn á rétt á þeirri fræðslu og leiðsögn sem gerir honum kleift að rækta hæfileika sína til fyllsta þroska. Hvern og einn skjólstæðing eða nemanda ber að virða á eigin forsendum og engum má mismuna á grundvelli persónulegra eða menningarlegra sérkenna. Ætíð ber að gæta fyllsta trúnaðar um málefni sem varða skjólstæðingana og fjölskyldur þeirra. Fagstéttir, sem þessum störfum sinna, þurfa því að hafa til að bera fjölpætta hæfni sem m.a. felur í sér þroskaða siðgæðisvitund.

## **Megintilgangur menntunar íþróttakennara**

Menntun íþróttakennara miðar að því að búa nemendur undir kennslu í íþróttum, slysa hjálp, líkams- og heilsufræði í grunn- og framhaldsskólum. Einnig skulu þeir öðlast þekkingu og færni til að leiðbeina hjá ungmenna- og íþróttafélögum og stofnunum sem annast líkamsrækt og þjálfun.

Íþróttakennarar þurfa að búa yfir traustri þekkingu á þremur fræða-sviðum:

- a) *Uppeldis- og kennslufræðisvið* veitir þekkingu á sérkennum mismunandi aldurstiga, þroskaferli og einstaklingamun nemenda. Þekking á íslenskri menningu og þróun íslensks samfélags varpar ljósi á félagslegar aðstæður og uppvaxtarskilyrði barna og ungmenna.
- b) *Líffræði -og heilbrigðisvið* veitir þekkingu og skilning á gerð mannlíkamans og gildi hollustu og heilbrigðis fyrir andlega og líkamlega velferð manna. Þetta svið leggur jafnframt grunn að skilningi á gildi hreyfingar og íþróttar sem fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum og margvíslegum félagslegum örðugleikum barna og ungmenna.
- c) *Íþróttagreinar* veita þekkingu á hinum ýmsu sviðum íþróttar og jafnframt leikni í íþróttum almennt sem og einstökum íþróttagreinum. Færni á þessu sviði gerir íþróttakennara færari um að leiðbeina og þjálfa í einstökum greinum íþróttar.

Mikilvægt er að þessi svið myndi trausta heild þar sem hvert þeirra styður annað. Einnig er áriðandi að tryggja að fræðilegur hluti og leikniþættir styðji hver annan. Þessa heildarsýn þarf m.a. að styrkja í þeirri leiðsögn sem veitt er í vettvangsnámi.

Menntun íþróttakennara þarf að spanna vítt starfssvið. Því er nauðsynlegt að gefa nemum kost á að dýpka þekkingu sína á tilteknum sérsviðum á seinni misserum námsins þar sem þeir gætu valið milli þess að gerast íþróttakennarar eða þjálfarar svo dæmi séu tekin.<sup>5</sup>

## Lýsing á heildarskipan íþróttakennaranáms og skipting þess á megin svið

Íþróttakennaranám er að umfangi 65 einingar og er námstími að jafnaði tvö ár. Námið á að veita sem heildstæðasta starfsmenntun innan þess ramma sem gildandi löggjöf og reglugerð heimila.

Námið er greint í *kjarnanám* og *valnám*. *Kjarnanámið* er sá grunnur sem kennaranám í íþróttum er byggt á og vegur 60 einingar en vægi valnáms er 5 einingar.

Meginþættir kjarnanáms eru greindir í þrjú eftirtalin svið:

Uppeldis og kennslufræði	21,5 einingar
Líffræðigreinar	17,0 einingar
Íþróttir	21,5 einingar

*Valnámið* er a.m.k. 5 einingar og er byggt upp sem framhald ákveðinna kjarnagreina. Ein eining er af uppeldis- og kennslufræðisviði, ein eining af líffræðisviði og þrjár af íþróttasviði kjarnanáms.

### *Uppeldis- og kennslufræði*

Í uppeldisgreinum er lagður uppeldis- og kennslufræðilegur grunnur að námi íþróttakennara, þjálfara og leiðbeinenda í íþróttum.

Innan uppeldis- og kennslufræðisviðs er *almenn kynning* á íþróttakennaranámi, lögum og reglugerðum er það varða, og kynning á störfum

---

<sup>5</sup> Tillögu um deildaskipt nám er finna í greinargerð starfshóps um menntun íþróttakennara í viðauka II.

ípróttakennara. Á námskeiði um *vinnulag* tileinka nemendur sér fagleg vinnubrögð í námi, námstækni og þjálfast í framsetningu efnis.

*Þróunarsálfræði* fjallar um stefnur og kenningar um þroskaferil barna og unglinga. Áherslu er lögð á vitsmunaproska, félagsþroska, siðgæðisþroska, hegðun og sálræn vandamál og í *námsálarfræði* er áhersla er lögð á kenningar um nám og kennslu og hvernig nýta má þá þekkingu í kennslu ípróttta. Fjallað er m.a. um greind, minni, athygli, aga og áhugahvöt.

Á námskeiði um *líkams- og hreyfiþroska barna* er fjallað um mikilvægi fjölþætts hreyfináms barna þar sem unnið er út frá mati á hreyfiþroska þeirra.

Í *ípróttasálfræði* kynnast nemendur helstu kenningum og rannsóknum er tengjast ípróttum og ípróttaiðkun fólks á öllum aldri og er leiðbeint um hvernig hagnýta má þessa þekkingu við ípróttakennslu og þjálfun. Þá er fjallað um aga, virðingu fyrir lögum og reglum, tómstundir, forvarnir sem tengjast ípróttaiðkun o.fl.

Í *ípróttasögu* er fjallað um þróun ípróttta frá fornu fari til samtímans. Íslenskri ípróttasögu eru gerð sérstök skil, svo og íslenskum skóla-ípróttum.

*Ípróttafélagsfræðin* fjallar m.a. um félagsmótun og ípróttir, ípróttir og samfélagið, ípróttir og tómstundir, ípróttir og efnahagsmál, og um stjórnun og rekstur ípróttafélaga.

*Kennslufræði* skipar allstóran sess innan uppeldisgreina. Þar er m.a. fjallað um námskrárgerð og námsmat í ípróttum og almenna þætti sem tengjast allri kennslu í skólum og hjá ípróttafélögum. Leiðbeint er um mismunandi kennsluaðferðir og kennslutækni sem tengjast m.a. aldri, áhuga, getu og þroska.

*Vettvangsnám (æfingakennsla)* vegur 5,5 einingar. Áhersla er lögð á að nemendur nýti sem best þá þekkingu sem skólinn veitir þeim og tengi saman fræðilega þekkingu, færni og framkvæmd kennslu.

*Lokaritgerð* fjallar um sjálfvalið efni er tengist íþróttum eða líkamsrækt. Ritgerðina þarf að byggja á fræðilegum grunni og viðhafa viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

#### *Líf- og líkamsfræðigreinar*

Hér er fjallað um áhrif hreyfingar og hreyfingarleysis á líkama mannsins og lundarfar. Námsgreinar innan þessa sviðs skarast og tengjast hver annarri.

Kennsla í *lífeðlisfræði* á að auka þekkingu nemenda á grundvallarlögmálum lífeðlisfræði mannsins, starfsemi einstakra líffæra og líffærakerfa, aðlögun þeirra að hreyfingu og þjálfun, og áhrif hreyfingarleysis á starfsemi þeirra. Kennsla í *líffærafræði* beinist að þeim líffærum og líffærakerfum sem taka þátt í hreyfingum líkamans, hreyfingarmynstri, burðarstöðum líkamans og helstu álagsflötum. Einnig er fjallað um markvissa og rétta þjálfun. *Lífaflfræði* fjallar um lögmál hreyfingar og krafta. Áhersla er lögð á rétta beitingu líkamans.

*Þjálffræði* fjallar um grundvallaratriði líkamspjálfunar. Leiðbeint er um aðferðir sem beitt er við þjálfun þrekþátta, þols og styrks, liðleika og samhæfingar. Athygli er beint að þjálfun allra aldurshópa.

Í *heilbrigðisfræði og heilsurækt* er sýnt fram á mikilvægi góðrar heilsu og tengsl hennar við hollt mataræði og líkamsrækt. Gerð er grein fyrir áhrifamætti íþróttar og þátt íþróttaiðkana í forvarnarstarfi gegn ýmiss konar vá. Fallað er sérstaklega um íþróttiðkun fatlaðra og aldraðra. Þá fá nemendur leiðsögn í *skyndihjálp* sem miðar að því að búa þá undir rétt viðbrögð við slysum og bráðum veikindum.

#### *Íþróttagreinar*

Kynnt eru markmið íþróttakennslu í skólum samkvæmt námskrá. Íþróttakennslan miðar einnig að því að nemendur öðlist þá þekkingu og færni sem þarf til að geta þjálfað íþróttamenn.

*Valgreinanám* fer fram á 3. og 4. misseri. Valnámið er byggt á námskeiðum sem áður hafa verið kennd við skólann og er því viðbótarnám sem auka á þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir velja. Hver

nemandi þarf að sækja a.m.k. fimm námskeið, eitt af uppeldissviði, eitt af líffræðisviði og þrjú af íþróttasviði.

Hér á eftir koma tvær töflur. Sú fyrri sýnir námsskipan 65 eininga náms skólaárið 1996-1997 en hin síðari er dæmi um skipan 90 eininga náms. Ekki er fjallað sérstaklega um inntak náms samkvæmt þeirri töflu því eftir er að endurskoða námið í heild áður en til sú skipan tekur gildi.

**Tafla 2. Skipan náms í Íþróttakennaraskóla Íslands, 65 einingar, samkvæmt kennsluskrá 1996-1997.**

Misseri / svið	Uppeldisgreinar	Ein. 22,5	Líffræðigreinar,	Ein. 18	Íþrottagreinar	Ein. 24,5	Alls 65
1.	Almenn kynning 0,5e Vinnulag 0,5e Þroska-sálfræði 2,5e Líkams- og hreyfiþroski 1e Kennslufræði skólaíþróttá 1e Æfingakennsla I 0,25e	5,75	Líffærafræði I 1,5e Lífeðlisfræði I 2e Þjálffræði I 1e	4,5	Dans 1e Rytmik 1e Leikfimi og fimleikar I 1e Smáleikir 0,5e Frjálsíþróttir I 1e Sund I 1e Körfuknattleikur 1e Handknattleikur 1e	7,5	17,75
2.	Æfingakennsla II 1e Æfingakennsla III 0,75e (stunduð að sumri)	1,75	Líffærafræði I 1,5e Lífeðlisfræði 2e Þjálffræði I 1e Lífaflsfræði 1e Skyndihjálp 1e	6,5	Leikfimi og fiml. I 0,5e Frjálsar íþróttir I 1e Sund I 1,5e Knattspyrna 1e Blak 1e Fangbrögð 0,5e Badminton 0,5e Tennis 0,5e Borðtennis 0,5e Útivist og ratleikir 0,5e	7,5	15,75
3.	Íþróttasálfræði 1e Kennslufr. I 1e Kennslufr. II 2e Íþróttasaga 1e Ritgerð 0,5e Æfingakennsla IV 1e Valnám 1e	7,5	Líffærafræði II 0,5e Þjálffræði II 1e Heilsurækt I 1,5e Valnám 1e	4	Leikfimi og fiml. II 1,5e Frjálsar íþróttir II 1,5e Sund II 1e	4	15,5
4.	Námssálfræði 2,5e Íþróttafélagsfræði 1e Ritgerð 1,5e Æfingakennsla V 2,5e	7,5	Heilbrigðisfræði 1,5e Heilsurækt II 1,5e	3	Leikfimi og fiml. II 0,5e Fangbrögð 0,5e Vetraríþróttir 1e Golf 0,5e Valnám 3e	5,5	16



**Tafla 3. Skipan íþróttakennaranáms, 90 einingar, drög frá vinnuhópi innan ÍKÍ unnin í mars 1997.**

Misser i/ svið	Uppeldis- og kennslufræðigr., vettvangsnám	Ein. 37,5	Líffræði- og heilbrigðisgreinar	Ein. 19	Íþróttagreinar 21,5 ein.	Ein. 21,5	Valgreinar 12 ein.	Alls 90
1.	Þróunarsálfr. 4e Framsögn, raddbeiting, (kennslufr I) 1e Vinnulag 1e Almenn kynning 0,5e	6,5	Líffærafræði Ia 1,5e Lífeðlisfræði Ia 2e	3,5	Leikfimi, fimleikar I 1,5e Sund I 2,5e Handknattleikur 1e	5		15
2.	Vettvangsheimis ókn 1e Kennslufræði II 2e Líkams- og hreyfiproski 1e	4	Líffærafræði Ib 1,5e Lífeðlisfræði Ib 2e Skyndihjálp 1e	4,5	Leikfimi, fimleikar II 2e Sund II 1e Knattspyrna 1e Rytmik 1e Körfuknattl. 1e Kynning á ýmsum íþróttagreinum 0,5e	6,5		15
3.	Vettvangsnám grsk. 6.-10 bk. 3e Kennslufræði skólaíþróttagrsk, 6.-10. bk. 1e Tölfr./aðferðafr. 1e Íþróttasaga 1e Sérkennsla 1e	7	Líffærafræði II (starfræn) 1e Þjálffræði Ia 1e Lífaflsfræði 1e	3	Frjálsar íþróttir I 2e Blak 1e Dans 1e Kynning á ýmsum íþróttagreinum 1e	5		15
4.	Vettvangsnám grsk. 1.-5. bk. 3e Kennslufræði skólaíþróttagrsk. 1.-5. bk. 1e Námssálfræði 3e	7	Þjálffræði Ib 1e Heilbrigðisfræði 2e Heilsurækt I 2e	5	Frjálsar íþróttir II 1,5e Kynning á ýmsum íþróttagreinum 1,5e	3		15
5.	Vettvangsnám frh.sk.1.-4 bk. 3e Kennslufræði skólaíþróttagrsk. 1.-4 .bk. 1e Íþróttasálfræði 1e Íþróttafélagsfræði 1e	6	Þjálffræði II 1e Heilsurækt II 2e	3			Íþróttagr., val A 3e Íþróttagreinar, val B 3e	15
6.	Vettvangsnám í valgreinum 4e Lokaritgerð 3e	7			Fangbrögð 1e Vetrariþróttir 1e	2	Íþróttagreina-sérhæfing 4e Uppeldisgreinar, val 1e Líffræðigreinar, val 1e	15

## Megintilgangur kennaramenntunar

Almennt kennaranám er sérfræðileg starfsmenntun sem miðar að því að búa kennaraefni undir kennslu og önnur störf í grunnskólum. Grunntenntun veitir staðgóða þekkingu á skóla, kennslu, börnum og unglingum og námsgreinum grunnskólans, og býr verðandi kennara undir að vinna með börnum og unglingum á mikilvægu þroskaskeiði þeirra, aldrinum frá 6-16 ára.

Hlutverk grunnskólakennarans *tengist meginmarkmiði grunnskóla-laganna*, þ.e. “...í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun.“ Meginmarkmið kennaramenntunar er að veita kennaraefnum sérfræðilega undirstöðu til að inna verk þetta af hendi og stuðla að því að þau öðlist heildarsýn yfir viðfangsefni og starfshætti í grunnskólanum.

Kennaranemar þurfa að öðlast innsýn í *uppeldis- og sálarfræði, félagsfræði, kennslufræði, siðfræði og uppeldisheimspeki* og kynnast *mismunandi hugmyndum um einstaklingamun, þroska og hæfileika*. Samhliða fræðilegri þekkingu á börnum og unglingum þurfa þeir að öðlast *reynslu af nemendum* á mismunandi aldri og þroskastigi og við ólíkar aðstæður.

Í kennaramenntun skal ennfremur veita innsýn í *einkenni íslenskrar menningar* og leggja ber *rækt við íslenska tungu í öllum greinum kennaranáms*. Huga þarf að ýmsum viðfangsefnum grunnskóla sem ekki hafa hlotið sess í hefðbundnum námsgreinum, svo sem *jafnréttisfræðslu og friðaruppeldi, þróun upplýsingatækni og tölvuvæðingu samfélagsins*.

Almennt kennaranám skal veita innsýn í skólastarf i grunnskólanum öllum. Kennaraefni skulu öðlast *kunnáttu og færni í að takast á við kennslu í öllum aldurshópum, kennslu blandaðra nemendahópa og nemenda með sérþarfir* og skal það gert í öllum meginþáttum námsins.

Einn meginþáttur kennaramenntunar er fólgin í *þjálfun á vettvangi grunnskólans*. Kennaranemar þurfa að *kynnast skólastarfi í raun, nemendum, námsumhverfi, kennsluháttum og námsgreinum grunnskólans, eðli þeirra og kennslufræðilegum möguleikum*.

Kennaraefni skulu *hyggja að þróun menntakerfisins* og líklegum og æskilegum breytingum á því í náinni framtíð.

## **Lýsing á heildarskipan almenns kennaranáms og skipting þess á megin svið samkvæmt gildandi tilhögun**

Kennaranám til B.Ed.- gráðu er að umfangi 90 einingar og er námstími að jafnaði þrjú ár í staðbundnu námi en fjögur ár sé námið stundað sem fjarnám. Kennaranám er ofið úr þremur meginþáttum sem ætlað er að veita heildstæða starfsmenntun.

Meginþættir í almennu kennaranámi eru þessir:

Uppeldisgreinar	30 einingar
Kennarafræði	30 einingar
Valgreinar	30 einingar

Af þessum 90 einingum er vettvangsnám 13 einingar sem teknar eru af óskiptu.

### *Uppeldisgreinar*

Í uppeldisgreinum er lagður fræðilegur grunnur í námi kennara og jafnframt fengist við forsendur fyrir ýmsum öðrum þáttum sem fjallað er um í náminu.

Innan uppeldisgreina er fjallað um *íslenska menningu og samfélag* og þar er að finna *inngang að uppeldisvísindum* þar sem hugmyndir um uppeldi og menntun á ýmsum skeiðum sögunnar eru athugaðar bæði í ljósi þess samfélags sem þær eru sprottnar úr og einnig með tilliti til eigin samtíðar.

Í *þróunarsálfræði* er fjallað um þróun einstaklingsins frá fæðingu til fullorðinsára sem og þátt uppalenda og samfélags í framförum hans á heimilum og í skóla. Kynntar eru mismunandi kenningar um þroska og hugað að því hvað þær fela í sér fyrir kennslu og skólastarf.

*Náms- og kennslufræði* skipa allstóran sess innan uppeldisgreina. Þar er fjallað um grundvallarforsendur náms og kennslu og kynntar mismunandi

kennsluaðferðir og kennslutækni. Þessi atriði eru m.a. skoðuð með hliðsjón af mismunandi aldri nemenda, þar sem sérstök áhersla er annars vegar lögð á ung börn og hins vegar á unglingsárin.

Innan uppeldisgreina er fjallað um *námskrárgerð og námsmat*, sem nemendur reyna að hluta til í verki í vettvangsnámi.

Nokkur umfjöllun er um *siðfræði* þar sem áhersla er lögð á siðfræði kennarastarfsins og ábyrgar umræður um siðræn álitamál.

Í *sérkennslu* er fengist við margvíslega örðugleika nemenda, bæði náms- og félagslega.

Í *lokaritgerð* takast nemendur á við verkefni sem þeir hafa sérstakan áhuga á. Í því verkefni er þeim ætlað að sýna sjálfstæði, bæði hvað varðar efnistöð og framsetningu.

#### *Kennarafræði*

*Kennarafræði* fjalla einkum um námsgreinar og viðfangsefni grunnskólans. Nemendur öðlast innsýn í þær námsgreinar sem bekkjarkennari þarf að hafa á valdi sínu og þau vinnubrögð sem beitt er.

Megináhersla er lögð á *íslenskt mál* og *stærðfræði* en einnig eru til umfjöllunar *listmenning*, *umhverfisfræði* svo og aðrar *bóklegar greinar*.

Grunnur er lagður að *aðferðafræði* og *tölfræði* og fjallað er um ýmsa þætti er tengjast starfi kennarans almennt.

#### *Valgreinar*

*Valgreinar* eru að umfangi þriðjungur almenns kennaranáms. Hvert kennaraefni velur *tvær bóklegar greinar* sem eiga sér hliðstæðu við námsgreinar grunnskólans, 15 einingar hvora, eða *eina list- eða verkgrein*, 30 einingar.

Í valgreinum er annars vegar stefnt að almennri menntun og hins vegar að persónulegum skilningi á eðli og uppbyggingu námsgreina, og þekkingar- og kennslufræðilegum forsendum þeirra. Nám í valgrein gegnir tvíþættu hlutverki: Það gerir kennaraefni hæfari til að kenna

valgreinar sínar, og ásamt námi í uppeldisgreinum og kennarafræðum gerir það kennaraefni jafnframt færari til að tileinka sér þá þekkingu og leikni sem starfið krefst hverju sinni.

### Vettvangsnám

Æfingakennsla og önnur störf á vettvangi samsvara 13 einingum. Þessar einingar eru teknar af óskiptum 90 einingum og minnkar vægi hvers af ofangreindum þáttum í samræmi við það. Vettvangsnám tengist bæði kennarafræðum og valgreinum. Gerð er grein fyrir vettvangsnámi í sérstökum kafla hér á eftir.

**Tafla 4. Skipan þriggja ára kennaranáms samkvæmt kennsluskrá 1996-1997.**

Misseri, áhersla	Uppeldisgreinar	Ein. 26	Kennarafræði	Ein. 26	Vettvangsnám 13e	Valgreinar 25 e	Alls 90
1. Uppeldi, menntun, samfélag	Þróunarsálfræði, 4e Íslensk menning og samfélag, 2e Inngangur að uppeldisvísindum, 2e	8	Íslenskt mál, 4e Listmenning og skólastarf I, 2e	6	1		15
2. Bekkjar-kennarinn	Náms- og kennslufræði, 3e Valnámskeið í náms- og kennslufræði, 1e	4	Stærðfræði, 3e Mælt mál, 2e Listmenning og skólastarf II, 2e Umhverfismennt, 2e	9	2		15
3. Byrjendakennsla	Nám ungra barna, 4e	4	Kennsla ungra barna, 4e	4	3	4	15
4. Unglingakennsla	Unglingsárin, 2e	2	Íslenska, 2e Val: Erl. mál, heilsufræði, samfélagsfræði, kristin fræði, náttúrufræði, listgreinar, stærðfræði, 1+1e	4	3	6	15
5. Þekking og miðlun	Námskrá, námsefnisgerð og námsmat, 3e Siðfræði, 1e Sérkennsla, 1e	5	Aðferðafræði og tölfraði, 1e Lokaritgerð, 1e	2		8	15
6. Kennarastarfið	Lokaritgerð, 2e Uppeldisgr.: Valnámskeið, 1e	3	Kennarastarfið, 1e	1	4*	7	15

\* Vettvangsnám reiknast sem hluti af greinasviðum.

## **Endurskoðun almenns kennaranáms**

Með lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 29/1988 var ákveðið að lengd almenns kennaranáms yrði fjögur ár eða 120 einingar. Á grundvelli þessa ákvæðis gaf skólinn út námskrá árið 1991. Gildistöku þessa lagaákvæðis hefur verið frestað og því hafa ákvæði námskrár ekki komist til framkvæmda.

Í janúar 1997 skipuðu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskólinn sameiginlegan starfshóp til að gera tillögur um samstarf á sviði kennaramenntunar. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum en þess er að vænta að hann leggi fram nýjar tillögur um tilhögun kennaramenntunar sem munu hafa áhrif á námskrárgerð.

## **Megintilgangur menntunar leikskólakennara**

Hlutverk leikskólakennara tekur mið af Uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993, lögum um leikskóla nr. 78/1994 og reglugerð nr. 225/1995 og felst í því að efla alhliða þroska barna í samvinnu við foreldra, veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði svo að þau fái notið bernsku sinnar; að stuðla að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun; að sköpunarmáttur barna sé ræktaður og sjálfsmynd þeirra styrkt.

Samkvæmt lögum um Fósturskóla Íslands nr. 10/1973 og reglugerð nr. 226/1976 er hlutverk skólans að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Í menntun leikskólakennara skal leggja áherslu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til.

Í menntun leikskólakennara þarf að hafa í huga tvenns konar sjónarmið sem liggja að baki starfi í leikskóla. Annars vegar er leikskólinn menntastofnun fyrir börn fram að skólaskyldualdri sem býður þeim þroskavænleg tækifæri til náms. Hins vegar þarf að leggja áherslu á

líkamlega og andlega umönnun sem þar er veitt. Þessir þættir eru jafn mikilvægir og órjúfanlega tengdir í uppeldi og námi barna á leikskólastigi.

Vettvangsnám er stór hluti af menntun leikskólakennara. Þar kynnist nemandinn starfi leikskólans af eigin raun. Í vettvangsnáminu er lögð áhersla á að samþætta fræðilega þekkingu og starfið á vettvangi.

## **Lýsing á heildarskipan náms leikskólakennara og skipting þess á megin svið**

Nám leikskólakennara er að umfangi 90 einingar og námstími þrjú ár í staðbundnu námi en fjögur ár í fjarnámi. Námið er sett saman úr þremur megin sviðum sem eru nátengd og eiga að mynda órofa heild. Meginþættir í námi leikskólakennara eru þessir:

Uppeldisgreinar	29 einingar
Kennarafræði og sérsvið	43 einingar
Vettvangsnám	18 einingar

### *Uppeldisgreinar*

Fræðilegur grundvöllur námsins er þverfaglegur og sóttur til þeirra fræðigreina sem hafa uppeldi, þroska, menntun og samskipti að viðfangsefni. Þessum greinum er einnig ætlað að tryggja að nemendur tileinki sér fagleg vinnubrögð.

Innan uppeldisgreina er *þekkingarfræði* þar sem fjallað er um ferli og forsendur fræðilegrar hugsunar og mikilvægi vel ígrundaðrar þekkingarfræði í allri rannsókn.

Í *sálfræði* er fjallað um rannsóknaraðferðir greinarinnar, valdar kenningar í þróunarsálfræði, helstu þroskaþætti og frávik frá þeim. Einnig er fjallað um tilfinningar og sjálfskennd og þróun þessara þátta fram á efri ár. Enn fremur er fjallað um samskiptahæfni barna.

Í *félagsfræði* er fjallað um áhrif samfélagsins og menningar þess í þeirri tilveru sem börn lifa í, fjallað er um félagsleg frávik af ýmsum toga og

frávikakenningar. Kynntar eru helstu lagareglur er varða fjölskylduna svo sem sífja-, erfða- og persónuréttur.

Í *siðfræði og uppeldi* er fjallað um innrætingu, miðlun siðferðilegra viðhorfa í kennslu og um samræðu sem miðil siðfræðinnar.

Í *menntun og uppeldi* er að finna inngang að uppeldisvísindum þar sem fjallað er um stefnur og straua í uppeldi leikskólabarna, þar er einnig fjallað um heimspekilega hugsun og möguleika hennar í uppeldi barna.

Í *sögu uppeldis og menntunar* er veitt innsýn í hugmyndafræði og grundvallarhugmyndir valdra heimspekinga og uppeldisfrömuða til forna og fram á miðaldir og reynt að tengja þær hugmyndum sem nú eru efst á baugi í leikskólastarfinu.

Í *stjórnun* er fjallað um hlutverk leikskólakennarans sem stjórnanda með áherslu á samskipti hinna fullorðnu á leikskóladeildinni og á milli deilda. Einnig er fjallað um mat og matsaðferðir

Fjallað er um *barnateikningar* og mikilvægi þeirra í þroska og lífi barna og vakin athygli á tengslum á milli teikniþroska og almenns þroska barnsins.

*Leikskólafræðin* tengja saman uppeldisgreinar og kennarafræði annars vegar og vettvangsnám hins vegar. Þar tvinnast fræðileg þekking um uppeldi og þroska saman við framkvæmd á vettvangi. Innan leikskólafræða er fjallað um alla þætti þess víðtæka sviðs sem starf leikskólakennarans spannar svo sem leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins, skipulagningu á umhverfi, gerð dagskipulags, samskipti, stjórnun og mat. Greinin er rauður þráður í öllu náminu.

Í *vinnubrögðum og málnotkun* er fjallað um þætti sem lúta að íslensku máli í ræðu og riti svo sem fræðilegum vinnubrögðum, upplýsingaöflun, heimildanotkun og framsetningu máls.

*Íslenska, þjóðsögur og barnabókmenntir* fjalla um málþroska, málörvun og kenningar um gildi barnabókmennta í uppeldi barna og í starfi í



leikskólum. Rakin er saga og þróun íslenskra barnabókmennta í máli og myndum.

*Hollusta og heilbrigði* felur í sér umfjöllun um grundvallaratriði og viðfangsefni heilbrigðisfræðinnar og heilbrigðisfræðslunnar. Fjallað er um heilsufarsvandamál barna, hugtakið umhverfisheilsufræði er kynnt og þeir þættir í umhverfinu sem geta ógnað heilsu manna. Fjallað er um neyðarhjálp þannig að nemendur geti brugðist rétt við ef slys og veikindi ber að höndum. Mikilvægi næringar og heilsufars er kynnt með uppeldisfræðileg sjónarmið að leiðarljósi.

*Náttúrufræði* fjallar um mikilvægi lífríkis landsins, almenna þekkingu á dýralífi, að leikskólabörn kynnist náttúrunni í leik og starfi og börn sem “litla vísindamenn“. Helstu umhverfisvandamál eru tekin fyrir og leiðbeint um hvernig fjalla má um þau með leikskólabörnum.

*Atferlisathuganir* fela í sér kynningu á mismunandi aðferðum við gerð athugana á börnum og mikilvægi þeirra í leikskólauppeldi.

Í *tölfræði* er lögð áhersla á undirstöðuatriði tölfræðinnar, notkun einfaldra mælitalna lýsandi tölfræði og myndræna framsetningu gagna.

*Listgreinar* skipa stóran sess í menntun leikskólakennara. Í tónmennt er lögð áhersla á að nemendur fái undirstöðuþekkingu og þjálfun, sem nauðsynleg er til að geta nýtt tónlist sem náms- og þroskaleið í starfi með ungum börnum. Fjallað er um hreyfiuppeldi í leikskólastarfi og um mikilvægi hreyfingar í tónlistaruppeldi ungra barna. Í *myndið* er lögð áhersla á að kynna sem flesta þætti mynd- og handmenntar með uppeldisleg sjónarmið og alhliða þroska barnsins að leiðarljósi. Einnig er lögð áhersla á að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð í skapandi starfi og læri að þróa eigin hugmyndir. Í *leikrænni tjáningu og framsögn* rækta nemendur tjáningarhæfni sína í samskiptum við börn og fullorðna og þeir eru hvattir til að nota eigin sköpunargáfu í uppeldi, umönnun og kennslu.

#### *Lokaritgerð*

Nemendur fjalla um sjálfvalin viðfangsefni og þeim er ætlað að sýna hæfni til sjálfstæðra vinnubragða hvað varðar efnistöð og framsetningu.

## Sérsvið

Nemendum gefst kostur á valfrjálsri dýpkun á tilteknu sviði eða sviðum á síðasta námsári.

## Vettvangsnám

Vettvangsnám er afar mikilvægur liður í menntun leikskólakennara. Það lýtur sameiginlegri umsjá æfingakennara og verknámskennara og er skipulagt í nánnum tengslum við uppeldisgreinar og kennarafræði. Í vettvangsnámi kynnist nemandinn væntanlegu starfi af eigin raun og fær markvissna þjálfun í faglegum vinnubrögðum á öllum sviðum sem heyra undir starf leikskólakennara.

**Tafla 5. Skipan leikskólakennaranáms, 90 einingar.** <sup>6</sup>

Misseri Svið	Uppeldisgreinar	Ein. 29	Kennarafræði og sérsvið	Ein 43	Vettvangs-nám 18 ein.	Alls 90
1.	Aðfari 0e Þekkingarfræði 2e Félagsfræði 2e Sálfræði 3e	7	Vinnubrögð og málnotkun 2e Leikskólafræði 2e Listgreinar: Myndið 2e Atferlisathuganir 1e Tölfræði 1e	8		15
2.	Sálfræði 1e Menntun og uppeldi 2e Barnateikningar 1e	4	Leikskólafræði 2e Hollusta og heilbrigði 2e Náttúrufræði 1e	5	6	15
3.	Sálfræði 2e Saga uppeldis og menntunar 2e	4	Leikskólafræði 1e Náttúrufræði 2e Listgreinar: Tónmennt 2e Leikræn tjáning / framsögn 1e Leikur og listir 1e	7	4	15
4.	Sálfræði 2e Félagsfræði 2e	4	Íslenskar barnabókmenntir 3e Listgreinar: Tónlist / hreyfing 3e Myndið 2e Leikræn tjáning, framsögn 1e	9	2	15
5.	Sálfræði 2e Félagsfræði 2e Uppeldisfræði 2e Heimspeki 1e	7	Leikskólafræði 1e Hollusta og heilbrigði 2e Íslenska 1e Atferlisathuganir 1e Valgrein 2e	7	1	15
6.	Stjórnun 3e	3	Lokaritgerð 3e Valgreinar 4e	7	5	15

<sup>6</sup> Haustið 1996 hófu nesar á fyrsta ári nám samkvæmt þessari skipan. Aðrir árgangar stunda nám samkvæmt eldri skipan sem ekki er lýst hér.

## Megintilgangur menntunar þroskaþjálfra

Þroskaþjálfaskóli Íslands hefur starfað samkvæmt lögum nr. 40/1985. Þar segir í 1. gr.: “Ríkið rekur skóla sem hefur það hlutverk að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf.“

Í menntun þroskaþjálfra er einnig tekið mið af öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum sem lúta að fólki með sérþarfir og tryggir rétt þess til þjónustu og stuðnings í samræmi við þarfir hvers og eins. Viðhorf samfélagsins á hverjum tíma hafa jafnframt áhrif á hvað kennt er og námsefni skólans getur einnig haft mótandi áhrif á viðhorf samfélagsins, og lagasetningu sem speglar þau viðhorf.

Nám þroskaþjálfra er sett saman af tveimur sviðum, sviði uppeldis og sviði heilbrigðis. Þessi svið mynda í sameiningu fræðasviðið *þroskaþjálfun*. Starf þroskaþjálfra felst í að aðstoða skjólstaðing sinn við að ná þeim besta andlega og líkamlega þroska og öðlast þau lífsgæði sem aðstaður leyfa. Þessi markmið eru óháð aldri og fötlun.

Þroskaþjálfri þarf að hafa fræðilega þekkingu að leiðarljósi í störfum sínum en einnig trausta siðgæðisvitund og líkamlegt atgervi. Þroskaþjálfar starfa með fólki sem býr við fötlun eða hefur sérþarfir. Orsakir fötlunar eru mismunandi og birtast á mismunandi æviskeiðum. Því er vinnuumhverfi þroskaþjálfra margbreytilegt og viðfangsefni þeirra spanna vítt svið.

### Lýsing á heildarskipan þroskaþjálfanáms og skipting þess á megin svið

Í námi þroskaþjálfra er fyrst fjallað um hinn “heilbrigða, fullfæra“ mann. Á þeim grunni um “fullfært, heilbrigt“ ástand er kennt um frávík.

Í þroskaþjálfagreinum er fjallað um ýmsar sérþarfir. Þessar sérþarfir verða til vegna margvíslegra áfalla, sem fólk verður fyrir á mismunandi æviskeiðum, vegna veikinda eða frávika frá eðlilegu þroskaferli. Einu nafni kallast þetta ástand fötlun.

Á grunni þekkingar á eðli fötlunar og afleiðingum hennar eru nemendur búnir undir að bregðast við fötlun og létta fötluðum skjólstaðingum lífið.

Þroskaþjálfanám er 90 einingar og er námstíminn að jafnaði þrjú ár. Meginþættir í þroskaþjálfanámi eru:

Uppeldisgreinar	20 einingar
Heilbrigðisgreinar	17 einingar
Þroskaþjálfun	53 einingar

#### *Uppeldisgreinar*

Í uppeldisgreinum er lagður grunnur að þekkingu á manningum á öllum æviskeiðum hans. Er þar lagður grunnur að námi í þroskaþjálfun og því jafnframt að störfum þroskaþjálfna.

Í *þróunarsálfræði* eru kynntar mismunandi kenningar um þroska og þróunarferli og fjallað um æviáfanga mannsins frá getnaði til grafar. Hegðun og viðbrögð við margvíslegum aðstæðum lífsins á hinum ýmsu æviskeiðum eru skoðuð í ljósi mögulegs þroska.

Í greininni *uppeldi* eru kynntar hugmyndir manna um uppeldi, allt frá tímum Forn-Grikkja til nútímans. Einnig er fjallað um kennslu, uppeldi og samfélagslega ábyrgð. Loks er lögbundinn réttur fatlaðra til náms og uppeldis í velferðarsamfélaginu skoðaður og borinn saman við raunverulegar aðstæður.

Markmiðið með kennslu í *siðfræði* er að kynna nemendum helstu hugmyndir þeirrar siðfræði sem vestræn menning er grunduð á og gera þá færa um að fást við ýmis siðfræðileg álitamál.

Megintilgangur kennslu um *fjölskylduna* er að auka verðandi þroskaþjálfum skilning á farsælum samskiptum innan fjölskyldunnar og hvernig best má styðja fjölskyldur fatlaðra.

#### *Heilbrigðisgreinar*

Grunnþekking á heilsu og líkamlegu heilbrigði er nauðsynleg til að skilja frávik frá venjulegu ástandi.

Í líffæra- og lífeðlisfræði er fjallað um grunnþætti líkamsstarfseminnar sem er forsenda skilnings á ýmsum frávikum og fötlun sem síðar er fjallað um.

*Heilbrigðisfræði* gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar er fjallað um frumþarfir einstaklinga og eðlilega líkamsstarfsemi. Hins vegar er fjallað um leiðir til að stuðla að heilbrigði og viðbrögð við frávikum. Fjallað er um frumþætti umönnunar, næringu og næringarþörf, tannheilsu og tannhirðu, lyf og lyfjagjafir. Í greininni *sjúkdómar* er kennt um ýmsa sjúkdóma er geta valdið fötlun, sjúkdóma í taugakerfi og smitsjúkdóma. Þá er ítarleg umfjöllun um *geðsjúkdóma* og *geðheilbrigði*. Markmiðið með þessum greinum er að nemendur kunni skil á heilbrigðu ástandi mannsins, verði læsir á frávik frá því og nýti sér þekkingu sína við þroskaþjálfun.

### *Þroskaþjálfun*

Í þessum þætti námsins er þess vænst að nemendur tileinki sér færni til að starfa að þroskaþjálfun. Byggt er á grunni sem lagður er í uppeldis- og heilbrigðisgreinum.

Í *list og verkgreinum* fjalla nemendur ítarlega um hugmyndafræði skapandi uppeldis og skapandi lífs.

Í námskeiði um *fötlun og boðskipti* kynnast nemendur daglegum veruleika fatlaðra og læra aðferðir til að aðstoða fólk við að bregðast við fötlun. Nemendur velja svið fötlunar þar sem þeir dýpka þekkingu sína.

Í *stjórnun og fjársýslu* er fjallað um lögmál nútímalegar stjórnunar og þroskaþjálfafæni öðlast færni í alhliða meðferð fjár innan stofnana.

*Kennslufræði þroskaþjálfunar* fjallar um grunnlögmál kennslufræði og sérhæfða útfærslu vegna frávíka þess sem þjálfar á eða kenna.

*Vettvangsnám og kennslufræði þroskaþjálfunar* er að umfangi u.þ.b. 1/3 af heildarnámi í þroskaþjálfun. Í vettvangsnámi kynnast namar fjölmörgum tegundum stofnana. Heildstæð þekking þeirra á að endur-speglast í þjálfunaráætlun fyrir einstaklinga og síðar í áætlun fyrir hóp sem er unnin í tengslum við starfsþjálfun á vettvangi. Lögð er áhersla á að öll hugmyndafræðin og önnur þau fræði sem kennd eru í þroskaþjálfunámi séu reynd í vettvangsnáminu.

Þeir námsþættir sem að ofan er lýst mynda fræðasviðið þroskaþjálfun. List- og verkgreinar gæða kennslufræðina lífi og kunnátta um fötlun

einstaklingsins sem vinna á með er forsenda þess að þroskaþjálfari geti staðið vel að verki. Hann þarf að kunna skil á hinum eðlilega þroskaferli og vita hvers má vænta á hverju stigi svo að eðli og inntak verkefna sem ætluð eru skjólstaðingnum sé í samræmi við eðlislæga getu. Þroska-þjálfinn þarf einnig að þekkja heilsufar skjólstaðings síns og kunna að bæta líðan hans eins og unnt er. Oft reynir á að þroskaþjálfinn geti gripið til óhefðbundinna aðferða við tjáningu og þættir í námi hans eiga að auðvelda honum það.

**Tafla 6. Skipan þroskaþjálfanáms, 90 einingar.<sup>7</sup>**

Misseri Svið	Uppeldisgreinar	Ein. 20	Heilbrigðisgreinar	Ein. 17	Þroskaþjálfun	Ein. 53	Alls 90
1.	Þróunarsálfræði I 2e	2	Heilbrigðisfræði 6e Líffæra- og lífeðlisfr. 4e	10	Félagssálfræði 1e Leikræn tjáning 2e	3	15
2.	Þróunarsálfræði II 4e Uppeldi 5e	9			Vinnulag 1e Skapandi starf I 2e Félagssálfræði 1e Leikræn tjáning 1e Vettvangsnám I 1e	6	15
3.					Fötun 6e Skapandi starf I 4e Kennslufræði þroskaþjálfunar I 2 e Þroskaþjálfun alvarlega fatlaðra I 3e	15	15
4.	Þróunarsálfræði III 3e	3			Aðferðafræði 2e Skapandi starf II 2e Kennslufræði þroskaþjálfunar II 2 e Vettvangsnám II 6e	12	15
5.	Fjölskyldan 3e	3	Sjúkdómar I 3e Öldrun 2e	5	Skapandi starf III 1e Kennslufræði þroskaþjálfunar III 3e Fjársýsla 1e Stjórnun 2e	7	15
6.	Síðfræði 3e	3	Sjúkdómar II 2e	2	Kennslufræði þroskaþjálfunar IV 1e Vettvangsnám III 9e	10	15

<sup>7</sup> Haustið 1996 hófu nemar á fyrsta ári nám samkvæmt þessari skipan. Aðrir árgangar stunda nám samkvæmt eldri skipan sem ekki er lýst hér.

## Sameiginlegir þættir námsbrauta

Í þessum tillögum er við það miðað að nemendur velji tiltekna braut þegar þeir innritast í Kennara- og uppeldisháskólann og stundi meginhluta námsins á þeirri braut. Sú hugmynd hefur einnig verið reifuð að á fyrsta ári sé námið sameiginlegt fyrir alla nemendur og þeir velji braut við upphaf þriðju annar. Verði þessi kostur tekinn þarf að huga nánar að heildarumfangi sameiginlegra námsþátta.

Af lýsingum á einstökum námsbrautum hér að framan má ráða að nú þegar eru ýmsir þættir sameiginlegir í námi þessara starfsstétta og aðrir þættir eru hliðstæðir.

Augljóst er mikilvægi þess að leikskólakennarar þekki til kennslu í yngstu bekkjum grunnskóla og að grunnskólakennarar þekki til starfa með elstu börnum leikskólanna. Þroskaþjálfar munu trúlega starfa í auknum mæli í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við þá meginstefnu að fötluð börn og ungmenni séu með ófötluðum, báðum til ávinnings. Af því leiðir að þroskaþjálfar þurfa að kynnast störfum kennara og kennarar þurfa að þekka í hverju sérþekking þroskaþjálfara er fólgin.

Í eftirfarandi töflu er að finna tillögur um sameiginlega þætti, umfang þeirra og á hvaða misserum nefndin telur æskilegt er að þeir yrðu kenndir. Þessar tillögur eru að hluta til byggðar á tillögum frá starfshópum sem skoðuðu tiltekna þætti, og að hluta til á mati nefndarinnar. Greinargerðir starfshópanna fylgja með í heild í viðauka II. Samkvæmt þessum tillögum er meginhluti náms á 1. misseri og um helmingur náms á 2. misseri sameiginlegur. Í kjölfar töflunnar fylgir stutt lýsing á hverjum hinna sameiginlegu þátta.

Eins og námi þessara starfsstétta hefur verið skipað eru sameiginlegir þættir eða sambærilegir ekki alltaf kenndir á sömu misserum, eða í sama umfangi á misseri. Lagt er til að í nánari útfærslu á þessum drögum að námskrá og í kennsluskrám, sem samdar verða á grundvelli þeirra, verði hugað að samræmingu alls staðar þar sem henni verður með góðu móti við komið án þess að það gangi á svig við megingilgang námsins.

Samkvæmt eftirfarandi tillögu gætu sameiginlegir þættir numið a.m.k. 23-25 einingum.

**Tafla 7. Tillaga um sameiginlega þætti námsbrauta.**

Námsþættir	Fjöldi eininga
1. misseri	
Aðferðafræði, tölfræði, upplýsingatækni, vinnulag	4
Framsögn, raddbeiting	2
Saga og félagsfræði uppeldis og menntunar	3
Þróunarsálfræði	4-5
2. misseri	
Heilbrigðisgreinar	2
Kennslufræði, verkáætlanir	2
Listgreinar	2
Náttúrufræði, umhverfisfræði.	2
3. misseri	
Sérgreinar brauta	
4. misseri	
Sérgreinar brauta	
5. misseri	
Siðfræði, heimspeki	2-3
6. misseri	
Sérgreinar brauta	
Sameiginlegar einingar	23-25
Sértækar einingar	67-65 .
Einingar alls <sup>8</sup>	90

<sup>8</sup> Í þessari töflu er miðað við 90 eininga kennaranám. Tillögur liggja fyrir um 120 eininga kennaranám, sbr. *Námskrá fyrir almennt kennaranám 1991*. Þar er gert ráð fyrir að aukningin verði einkum á sérsviðum og í vettvangsnámi.



## Námskeiðslýsingar

*Aðferðafræði, tölfræði, upplýsingatækni, vinnulag*

Æskilegt er að við upphaf náms fái nemendur námskeið um vinnulag í háskólanámi þar sem áhersla er lögð á þálfun í framsetningu fræðilegs efnis með áherslum á heimildaleit og mat á gildi mismunandi heimilda, ritaða framsetningu efnis og sjálfstæða röksemdafærslu í fræðilegum skrifum. Námskeið þetta nýtist sem undirbúningur fyrir fræðileg skrif í ýmsum greinum, aðferðafræði, tölfræði og ritun lokaverkefna.

Lagt er til að í þessu námskeiði læri nemendur að þekkja helstu rannsóknaraðferðir sem beitt er í vísindum og geti lesið fræðilegar greinar á gagnrýnin hátt. Þeir kynnist grunnhugtökum í aðferðafræði og lýsandi tölfræði, kunni undirstöðuatriði í ályktunartölfræði og læri á forrit sem nýst gætu við útreikninga.

Heppilegt er að tengja nám í aðferðafræði og tölfræði öðrum fræðigreinum, þannig að nemendur beiti þeim hugtökum í samhengi og verði gagnrýnir á niðurstöður rannsókna. Mikilvægt er að glæða áhuga þeirra á rannsóknum og gildi þess að fylgjast með á sínu sviði með lestri fræðigreina.

Æskilegt er að nemendum verði boðið að taka valnámskeið í aðferðafræði síðar á námsferlinum. Slík námskeið gætu nýst sem undirbúningur fyrir lokaverkefni eða sem dýpkun á ákveðnu sviði.

Mikilvægt er að nemendur fái einnig kennslu í eigindlegri aðferðafræði. Eigindlegar aðferðir eru mikilvægar sem hagnýt rannsóknaraðferð í skólastarfi og ekki síst á málefnum fatlaðra. Þær geta aukið skilning á þroskaheftum og varpað ljósi á persónulega reynslu fatlaðra. Námskeið í eigindlegum rannsóknaraðferðum væri heppilegt að kenna í síðari hluta námsins.

*Framsögn, raddbeiting*

Kennarar og þroskaþjálfar vinna að uppeldisstörfum og eru því óhjákvæmilega mállegar fyrirmyndir nemenda sinna og skjólstæðinga. Því þurfa þessar starfsstéttir að hafa góða undirstöðumenntun í öllu er lýtur að

máli og málmyndun. Auk þess er röddin þeirra aðalatvinnutæki og mikilvægt að kenna raddbeitingu og þjálfra röddina. Því er lagt til að tveimur einingum sé varið í sameiginlegt námskeið í raddbeitingu, raddþjálfun, raddvernd og leiðsögn um að koma fram fyrir hóp af fólki.

### *Heilsufræði*

Í námskeiðinu er æskilegt að nemar fái innsýn í mikilvægi líkamsræktar og næringar fyrir heilsusamlega lífshætti. Fjallað yrði um ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu svo nemar verði hæfari til að leiðbeina nemendum sínum og skjólstæðingum um hollustu og heilbriggt líferni. Æskilegt er að fjallað sé um grundvallaratriði og viðfangsefni heilsu- og heilbrigðisfræði og vikið að ýmsum heilsufarsvandamálum barna og fullorðinna. Sýnt verði fram á mikilvægi góðrar heilsu og tengsl hennar við hollt mataræði og líkamsrækt. Þá yrði gerð er grein fyrir áhrifamætti íþróttar og þætti íþróttaiðkana í forvarnarstarfi gegn ýmiss konar vá.

### *Kennslufræði, verkáætlanir*

Fjölmörg námskeið á þessu sviði gætu nýst öllum nemendum hins nýja skóla. Augljóst er t.d. að kjarninn í kennslufræðimenntun almennra kennara og íþróttakennara getur verið hinn sami, uns að sérhæfingu kemur.

Lagt er til að á þessu námskeiði sé lagður almennur kennslufræðigrunnur, sameiginlegur öllum nemendum. Fjallað verði m.a. um eftirfarandi þætti: Almenna kennslufræði, námssálarfræði, samskipti, grundvallaratriði námskrárfraeða, námsefnisgerð, kennslutækni, og notkun tölvu- og upplýsingatækni í kennslu.

Vert er að benda á að kennslufræði er einnig tengd öðrum námskeiðum á önninni, námskeiðum um listgreinar og skapandi starf, náttúrufræði og umhverfismennt.

Rétt er að minna á að meginvandinn við samræmingu þessara atriða gæti verið fólgin í því að við það týndist sú sterka starfsmiðun sem áhersla hefur verið lögð á í öllum skólunum.

Að endingu skal þess getið að sá möguleika hefur verið reifaður að efna megi til sameiginlegs námskeiðs snemma í náminu um eðli og einkenni kennslu- og uppeldisstarfa, samskipti stéttanna, fagmennskuhugtakið, gæðamat, lög, reglugerðir og siðareglur.

### *Listgreinar*

Á þessu námskeið verði lögð áhersla á að nemandur geri sér grein fyrir mikilvægi og gildi lista og skapandi starfs fyrir þroska, uppeldi og skólustarf, ásamt þeirri lífsfyllingu sem listir veita hverjum þeim er þær stunda og þeirra njóta. Jafnframt yrði að því stefnt að nemandur öðlist skilning á áhrifum lista á menningu og samfélag.

Mikilvægt er að nemandur fái þjálfun í að tileinka sér listræn vinnubrögð og öðlast vald á ýmsum þeim efnum og áhöldum sem nýtt eru til listsköpunar. Þeir kynnist af eigin raun sköpunarferli mismunandi listgreina með iðkun og tilraunum á vettvangi og vinnustofum.

### *Náttúrufræði, umhverfisfræði*

Í þessu námskeiði er æskilegt að leggja áhersla á að nemandur glöggvi sig á gildi þess að nýta náttúruna sem vettvang leiks og náms. Þeir læri að skoða fyrirbæri í náttúrunni og fái jafnframt þjálfun í að skipuleggja margvíslega náttúruskoðun með ólíka námshópa í huga. Hugað verði að gildi útiveru og útileikja. Þá er mikilvægt að nemandur efli með sér skilning á gildi umhverfismenntunar og umhverfisverndar, átti sig á vistfræðilegum og menningarlegum hliðum á samskiptum manna við umhverfi sitt, og hugsanlegum leiðum til að bæta þau. Einnig þjálfist þeir í að skipuleggja umhverfismennt og fást við álitamál er þeirri kennslu tengjast.

### *Saga og félagsfræði uppeldis og menntunar*

Saga og félagsfræði uppeldis og menntunar eru kjarnaþættir í menntun kennara og annarra uppeldisstétta. Nauðsynlegt er að nemandur hins nýja Kennara- og uppeldisháskóla fái í námi sínu umfjöllun um tengsl menntunar og samfélags við fjölbreytilegar aðstæður í tíma og rúmi. Hér þarf bæði að fást við almenn fræðileg atriði og svo skipan mála við tiltekna sögulegar aðstæður, sérstaklega á Íslandi. Þannig öðlast nemandur almenna sýn á starfsvettvanginn til að spegla í reynslu sína af skólum og uppeldisstofnunum og greina viðfangsefni kennslu og uppeldisstarfa.

Eðli sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar og viðfangsefni þessara fræðigreina henta vel sem inngangsnámskeið í námi uppeldisstétta þar sem unnið er á gagnrýnin hátt með mikilvægar hugmyndir og faglega starfshætti.

Auk þessa sameiginlega námskeiðs er æskilegt að boðin verði sérhæfð námskeið á sama sviði, þar sem t.d. væri hugað sérstaklega að leikskóla-  
starfi, íþróttakennslu, faggreinum eða þroskaþjálfun. Slík námskeið gætu verið kjarnanámskeið á tilteknum námsbrautum, en valkostur fyrir aðra nemendur stofnunarinnar.

### *Siðfræði, heimspeki*

Í Kennara- og uppeldisháskóla þarf bæði að huga að sameiginlegu grunnnámskeiði í siðfræði, aðferðafræði heimspeki og þekkingafræði, en um leið að tryggja að fjölbreytnin, sem hefur verið í skólunum, fjórum tapist ekki.

Æskilegt er að sameiginlegt námskeið innihaldi grundvallaratriði í þekkingarfræði og aðferðafræði heimspekinnar, svo sem greiningu hugtaka og raka, þjálfun í röksemdafærslu og heimspekilegri samræðu og þætti úr sögu siðfræðinnar.

Fjölbreytni og sérhæfingu mætti koma við með viðbótarnámskeiðum í siðfræði viðkomandi starfsstétta, þar sem fjallað yrði um réttindi og skyldur, og tekin til umræðu siðferðileg álitamál og spurningar sem tengjast starfi og viðfangsefnum viðkomandi stétta. Að auki verður að reikna með að umræðan um siðfræði komi inn í ýmis önnur námskeið eða tengist viðfangsefnum þeirra.

Þessu til viðbótar mætti hugsa sér valnámskeið þar sem nemendur fá svigrúm til að dýpka þekkingu sína samkvæmt eigin óskum.

## *Þróunarsálarfræði*

Lagt er til að kennsla í þróunarsálfræði verði samræmd að svo miklu leyti sem kostur er, en jafnframt verði hún aðlöguð að viðfangsefnum hvernar brautar og tryggt að starfstengdar áherslur glattist ekki.

Gert er ráð fyrir að nemendur allra brauta taki sameiginlegt inngangs- og yfirlitsnámskeið í þróunarsálfræði til 4-5 eininga. Í þessu námskeiði yrði áhersla lögð á æviskeiðið frá 0-20 ára, kenningar um þroska og helstu þroskaáfangi.

Jafnhliða sameiginlegum kjarna verði haldið inni aðhæfingu sálfræðikennslunnar að meginviðfangsefnum námsbrautanna.

Auk grunnnámskeiðs í þróunarsálfræði er æskilegt að í boði verði sérhæfðari námskeið þar sem kafað verður dýpra í einstök aldursskeið eða þroskaþætti. Sum þessara námskeiða, sem væru skylda fyrir nemendur ákveðinna brauta, gætu jafnframt verið valnámskeið fyrir nemendur annarra námsbrauta.

Á sameiginlegu námskeiði er lögð áhersla á að nemendur kunnir skil á völdum kenningum og rannsóknum þróunarsálfræðinnar sem og helstu áhrifavöldum á þroskaferlinum, þeir kynnist helstu orsökum og eðli frávíka og einstaklingamunar, kynnist völdum aðferðum við mat á þroska barna, m.a með eigin athugunum, geri sér ljósa þýðingu fjölskyldu barns, jafnaldra, kennara og annarra uppálenda fyrir þroska þess, og móti á fræðilegum grunni eigin hugmyndir um það hvernig þeir sem uppáendur og kennarar geta best stuðlað að framförum og alhliða þroska.

## **Valþættir í námi**

Nefndin leggur ekki fram beinar tillögur um valþætti og valnám í Kennara- og uppeldisháskólanum. Slíkar tillögur þarf að móta við nánari útfærslu náms. Nefndin telur eigi að síður mikilvægt að nemum gefist kostur á að móta nám sitt með því að velja um áherslur og áhugasvið. Þetta má gera með ýmsu móti og er hér drepið á nokkra kosti.

- a) Val innan einstakara námskeiða, t.d. með sjálfstæðum athugunarefnum.
- b) Val milli námskeiða sem í boði eru á hverri námsbraut.
- c) Val á kjörsviði. Kjörsviðið tiltekur þá sérhæfingu sem til boða er á viðkomandi braut.
- d) Óbundið val úr þeim námskeiðum sem skólinn býður hverju sinni. Að hluta til gæti þetta val falist í því að nemendur á tiltekinni braut velja námskeið sem eru í kjarna á einhverri annari braut.
- e) Valin námskeið í öðrum menntastofnunum hérlendis eða við erlenda háskóla. Til að gera þetta kleift þarf að skipuleggja námið þannig að a.m.k. eitt misseri sé án allra kjarnagreina.

Þessar hugmyndir þarf allar að útfæra nánar, en hér er vísað til greinargerðar starfshóps um valþætti, sem birt er í viðauka II.

## VETTvangsnám

Vettvangsnám er samofið öðrum þáttum námsins og tengist ákveðnum námskeiðum á hverju tímabili (sjá nánar í kennsluskram einstakra brauta).

Lögð er áhersla á að nemar öðlist sem víðtækasta reynslu, hver á sínum starfsvettvangi, kynnist ólíkum aldurshópum og treysti fræðilega þekkingu sína í samvinnu við starfsmenn á vettvangi. Nemar eru hvattir til að sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum innan þess ramma sem vettvangsnámi er settur.

Mikilvægt er að nemar fái kynni af starfsvettvangi frá upphafi náms, með heimsóknnum, og könnunum og athugunum á afmörkuðum þáttum á vettvangi áður en að kennslu eða öðrum uppeldisstörfum kemur.

Vettvangsnám dreifist á námstímamann og er einstökum tímabilum lýst í kennsluskram. Gera ber stigvaxandi kröfur um verkefni og ábyrgð nema á vettvangi eftir því sem líður á námið. Vettvangstímabil skulu vera samfelld og samhengi milli tímabila tryggt þannig að nýtt tímabil feli í sér auknar kröfur. Í upphafi gera nemar áætlanir til skamms tíma í senn, en þegar á námið líður þeir þurfi að sýna hæfni sína í að skipuleggja og áætla kennslu og uppeldisstarf til lengri tíma.

Heildarumsjón og skipulag vettvangsnáms er í höndum verkefnisstjóra eða æfingastjóra sem vinnur í nánú samráði við umsjónarmenn þeirra námskeiða sem vettvangsnámið tengist.

Í upphafi hvers tímabils í vettvangsnámi skulu nemar kynna sér vel aðstæður á vettvangi áður en þeir huga að gerð kennslu- eða starfsáætlunar. Á vettvangi njóta nemar leiðsagnar fagfólks sem hefur til þess hlotið sérstakan undirbúning. Þeir sem taka að sér leiðsögn á vettvangi kynna sér áhersluatriði í námi nemanna, sækja kynningar- og undirbúningsfundi fyrir vettvangsnám, fræðslufundi sem boðað er til um einstök atriði sem snerta nám, kennslu og vinnu með ólíkum aldurs-hópum. Þeir veita nemum nauðsynlegar upplýsingar um starfið og, eftir því sem þörf krefur, um skjólstæðinga sína, en gæta þó ætíð fyllsta trúnaðar. Þeir skipuleggja veru þeirra á vettvangi með þeim hætti að þeir öðlist innsýn í sem flesta þætti sem í starfinu felast.

Traust leiðsögn á vettvangi er forsenda árangurs. Traust leiðsögn felur í sér fjölmarga þætti. Nema er sýnt hvernig vanur fagmaður stendur að verki, en jafnframt er hvatt til frumkvæðis og sjálfstæðis. Útskýra þarf hvers vegna tiltekin vinnubrögð eru viðhöfð og ræða þau við nemann. Mikilvægt er að ræða við nema um þeirra framlag, benda sérstaklega á það sem vel er gert og hvetja til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Mikilvægt er að nemar fái fram rökstutt álit leiðbeinandans.

Við undirbúning og gerð starfsáætlana njóta nemar leiðsagnar kennara í Kennara- og uppeldisháskóla, og leiðbeinenda á vettvangi.

Á vettvangi fá nemar tækifæri til að treysta fræðilega þekkingu sína og bera saman við eigin reynslu. Þeir framkvæma áætlanir sínar, leggja fyrir eigin verkefni og kannanir, og meta frammistöðu sína að tímabili loknu. Nemar halda leiðarabók á hverju tímabili þar sem þeir skrá hugleiðingar sínar og spurningar sem kunna að vakna, athugasemdir og ályktanir eða annað sem þeir telja að varpi ljósi á eigin frammistöðu. Auk leiðarabókar skila nemar skýrslu um vettvangsnám sitt að loknu hverju tímabili.

## **Skipan vettvangsnáms**

### *Vettvangsnám í Fósturskóla Íslands*

Á fyrsta ári eru nemendur 6 vikur á vettvangi á vorönn og stunda bóklegt nám í skólanum samhliða. Á öðru ári fer vettvangsnám fram í desember og janúar 6 tíma á dag í 6 vikur. Á þriðja ári er áætlað að nemendur fari eina viku á haustönn í heimsóknir í yngri bekki grunnskólans. Í apríl-maí er 5 vikna verknám 6 tíma á dag. Eftir hvert tímabil er ætlaður tími til að vinna úr reynslunni á vettvangi.

### *Vettvangsnám í Íþróttakennaraskóla Íslands*

Í drögum að þriggja ára íþróttanámi er gert ráð fyrir vettvangsnámi sem nemur 14 einingum. Það dreifist þannig að á 2. misseri er gert ráð fyrir heimsókn á vettvang (1 ein.). Á þriðja misseri er 3 einingum varið til að kenna efstu bekkjum grunnskólans (6.-10. bekk). Á fjórða misseri fari nemar þrjár vikur (3 ein.) á vettvang til að kenna yngstu bekkjum grunnskólans (1.-4. bekk). Á 5. misseri fari nemar á íþróttabraut í fjórar vikur (4 ein.) til kennslu í framhaldsskólum.

### *Vettvangsnám í Kennaraháskóla Íslands*

Kennaranemar eru 12 vikur á vettvangi en einni viku er varið í uppgjör og frágang leiðarbókar í lok námstímans. Nemar fara á vettvang grunnskólans og kenna á miðstigi í þrjár vikur á vormisseri fyrsta námsárs. Á öðru ári kenna nemar í byrjendabekkjum þrjár vikur á vormisseri. Á þriðja námsári fara nemar í sex vikur að hausti og kenna valgreinar sínar í 5.-10. bekk grunnskólans. Nenum er gert að verja allt að einni viku til heimsókna í nokkra skóla sem eru ólíkir hvað snertir hugmyndafræði og starfshætti.

### *Vettvangsnám í Þroskaþjálfaskóla Íslands*

Á öðru misseri eru nemar eina viku samfelld á vettvangi (1 ein.). Á fjórða misseri eru nemar í 13 vikur á vettvangi, tvo daga í viku 6 stundir í senn (5 ein.). Á 2. ári vinna nemar einstaklingsáætlun fyrir skjólstæðing undir leiðsögn umsjónarmanna starfsþjálfunar. Jafnframt er lögð áhersla á að leið-beinendur þeirra á vettvangi veiti þeim innsýn í ábyrgð og skyldur þroskaþjálfara og kynni þeim þá þætti starfsins er varða uppeldi, umönnun og þjálfun skjólstæðinga þeirra. Á 6. misseri eru nemar í 13 vikur á vettvangi, 4 daga í senn (7 ein.). Á 3. ári vinna nemendur áætlun fyrir



stofnun eða hóp undir leiðsögn umsjónarmanna starfsþjálfunar. Jafnframt er lögð áhersla á að leiðbeinendur þeirra og tenglar á vettvangi veiti þeim innsýn í starfssvið þroskaþjálfara með sérstaka áherslu á stjórnun og yfirsýn í starfi.

## NÁMSMAT OG PRÓF

### Tilgangur og form

Námsmat hefur tvönnan meginþilgang: Annars vegar að gefa kennurum og nemum tækifæri til að móta og bæta nám og kennslu, hins vegar að veita upplýsingar um árangur kennslu og námsgengi nema. Í námi uppeldisstétta skal stefnt að því að namar hljóti sem fjölbreytilegasta reynslu af mismunandi matsaðferðum. Því er eðlilegt að beitt sé margvís-legum aðferðum við námsmat og bryddað upp á nýmælum. Samræmis skal þó ætíð gætt milli umfangs, viðfangsefna, markmiða og námsmats í hverju námskeiði.

Námsmat í vettvangsnámi skal verða í höndum þeirra sérhæfðu starfsmanna sem taka við nemum á vettvangi og starfsmanna Kennara- og uppeldisháskólans.

### Einkunnir

Að jafnaði skulu gefnar talnaeinkunnir í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum *lokið/ólókið*. Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunn 5.

### Prófdómarar

Við munnleg og verkleg próf sem teljast til lokaprófs, þar á meðal B.Ed.-ritgerð, skal vera einn prófdómari utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Þegar prófdómari metur úrlausn ásamt kennara gildir einfalt meðalgildi beggja einkunna sem lokaeinkunn.

# EIGIÐ MAT STOFNUNAR Á STARFSEMI SINNI

Markmið stofnunar með eigin mati á starfsemi sinni er að varpa ljósi á hvernig hún uppfyllir hlutverk sitt. Með slíku mati er hægt að fylgjast með framförum og leggja mat á gæði einstakara þátta eða stofnunar í heild. Þá stuðlar eigið mat að markvissu breytinga- og umbótastarfi og stefnumótun til lengri og skemmri tíma.

Ljóst er að eigið mat hefur verið stundað í einhverjum mæli í öllum skólunum sem hlut eiga að máli. Mat þetta er þó stundað með formlegustum hætti í Kennaraháskóla Íslands. Reglur þar um er einkum að finna í vinnureglum vegna misserismats og í möppu um fyrirkomulag á formlegu mati á kennslu í vörslu kennslustjóra KHÍ.

Setja skal starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hvernig að mati skuli staðið, hver hefur umsjón með framkvæmd þess, hverjir hafa aðgang að upplýsingum um mat og hvernig farið er með niðurstöður.

Lagt er til að matið beinist að eftirfarandi atriðum.

## 1. *Mat á námskeiðum*

Nám sem skipulagt er í námskeiðum skal meta við lok hvers misseris. Tilgangur matsins er að bæta kennslu, námsefni, verkefni og annað sem hefur áhrif á nám og kennslu. Mat þetta skal einkum byggja á viðhorfum nemenda, skoðunum viðkomandi kennara, markmiðum námskeiðsins, lesefni og öðrum gögnum sem fyrir liggja.

## 2. *Mat á afmörkuðum heildum, t.d. misserum, valgreinum, vettvangsnámi*

Með reglulegu millibili skal leggja mat á deildir, námsbrautir og aðrar skipulagsheildir. Tilgangur matsins er að bæta kennslu, skipulag og annað sem hefur áhrif á nám og kennslu. Mat þetta skal byggja á viðhorfum og skoðunum nemenda, kennara og annarra sem hlut eiga að máli og fyrirliggjandi gögnum um starfsemina.

## 3. *Faglegt mat á kennslu einstakra kennara að ósk þeirra sjálfra*

Mat þetta getur falist í athugunum á viðhorfum nemenda, námsefni og verkefnum nemenda, undirbúningi og framkvæmd kennslu og námsmats. Æskilegt er að mat af þessu tagi sé unnið í nánú samráði við viðkomandi kennara, m.a. um afmörkun þeirra þátta sem meta skal. Þá er æskilegt að í

kjölfar niðurstaðna af slíku mati sé unnin áætlun um hvernig bæta megi úr þeim ágöllum sem í ljós koma.

#### *4. Mati á stofnuninni í heild*

Mat þetta skal stunda reglulega. Það skal byggjast á sjálfsmati annars vegar og mati ytri aðila hins vegar. Matið skal taka til kennslu, stjórnunar, rannsókna, aðstöðu kennara, tengsla við hagsmunasamtök, erlent samstarf o.s.frv. Leitast skal við að fá erlenda sérfræðinga til að sinna ytra mati til að tryggja samanburð við erlendar menntastofnanir, sem standa framarlega á sínu sviði.

# Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla. Menntamálaráðuneytið, 1989.*

*Barnavinafélagið Sumargjöf 50 ára: 1924 apríl 1974, Sumargjöf, barnavinafélag, 1976*

*Drög að frumvarpi til laga um Íþróttaháskóla Íslands ásamt greinargerð, 1993.*

*Efling uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi, nefndarálit. Menntamálaráðuneytið, mars 1995.*

*Fósturskóli Íslands. Námsvísir fyrir 1. ár 1996-1997. Námsvísir fyrir 2. ár 1996-1997. Námsvísir fyrir 3. ár 1996-1997.*

*Frumvarp til laga um háskóla. Lagt fyrir Alþingi á 121 löggjafarþingi 1996-97.*

*Frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla. Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996-97.*

*Gils Guðmundsson. Barnavinafélagið “Sumargjöf“ 25 ára: 1924-11.apríl 1949. Barnavinafélagið Sumargjöf, 1949.*

*Íþróttakennaraskóli Íslands. Kennsluskrá 1996-1997.*

*Kennaraháskóli Íslands. Kennsluskrá fyrir almennt kennaranám skólaárið 1996-1997.*

*Leikskólabraut við kennaradeild Háskólans á Akureyri, lokaskýrsla vinnuhóps. Háskólinn á Akureyri, 1996.*

*Lærerutdanning, mellom krav og ideal. Norges offentlige utredning. 1996: 22.*

*Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967.*

*Lög um Fósturskóla Íslands nr. 10/1973.*

*Lög um grunnskóla nr. 66/1995, með breyt. nr. 77/1996.*

*Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands* nr. 65/1972.

*Lög um Kennaraháskóla Íslands* nr. 29/ 1988, með breyt. nr. 122/1990, nr. 46/1994, nr. 66/1995.

*Lög um leikskóla* nr. 78/1994.

*Lög um málefni fatlaðra* nr. 59/1992, með breyt. nr. 59/1992, 144/1995.

*Lög um þroskaþjálfu* nr. 18/1978.

*Lög um Þroskaþjálfaskóla Íslands* nr. 40/1985, með breyt. nr. 30/1991.

*Námskrá fyrir almennt kennaranám*. Kennaraháskóli Íslands, 1991.

*Physical Education Teachers*. European network of Sport Science in Higher Education, 1996.

*Reglugerð fyrir Fósturskóla Íslands* nr. 137/1979, með breyt. nr. 492/1986.

*Reglugerð fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands*. nr. 277/1977.

*Reglugerð um Kennaraháskóla Íslands* nr. 496/1990, með breyt. nr. 149/1991.

*Reglugerð um Íþróttakennaraskóla Íslands* nr. 311/1981, með breyt. nr. 139/1984.

*Reglugerð um starfsemi leikskóla* nr. 225/1995.

*Reglugerð um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfu* nr. 215/1987.

*Salamancayfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Menntamálaráðuneytið, 1995.

*Skýrsla vinnuhóps um samstarf eða sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands*. Kennaraháskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, 1994.

*Tillögur um inntak og skipulag náms fyrir leikskólakennara*. Menntamálaráðuneytið, ágúst 1996.

*Uppeldisáætlun leikskóla*. Menntamálaráðuneytið, 1993.

Þroskaþjálfaskóli Íslands. *Námsvísir 1996-1999*.



# VIÐAUKI I

## ATHUGASEMD FRÁ ÁRNA GUÐMUNDSSYNI

Fulltrúi Íþróttakennaraskóla Íslands, - í nefnd til að endurskoða námskrá Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands með það fyrir augum að aðlaga kennsluna að háskólastigi, - óskar eftir að taka fram eftirfarandi.

1. Íþróttakennaraskóli Íslands starfar að Laugarvatni við mjög góðar aðstæður, ný og mjög fullkomin íþróttamannvirki, stórt og rúmgott skólahús og heimavistir, auk íbúða fyrir kennara. Hér er um að ræða verðmæta eign. Umhverfið er mjög vænt skólasterfinu.  
Sbr. Lög nr. 65/1972, “mega ýmsir þættir í starfi skólans fara fram á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur leyfir...”  
Hinir skólarnir tveir, eða öllu heldur þrír með Kennaraháskóla Íslands, eru staðsettir í Reykjavík. Það hefur ekki tafið svo mjög starfsemi nefndarinnar, nema þá helst umræðuna um sameiginlega kennslu, sameiginleg námskeið, skipan námskeiða á misseri og inntöku nemenda.
2. Þessir skólar eiga það sameiginlegt að mennta kennara og umönnunarstéttir fyrir skólakerfið, þjóðfélagið. Þar hafa skólarnir haft afmörkuð svið. Íþróttakennaraskóli Íslands hefur séð um menntun íþróttakennara fyrir öll skólastigin og íþróttahreyfinguna.
3. Það sem sameinar þessa skóla í kennslunni sjálfri er, að mati undirritaðs, fyrst og fremst námið í uppeldis- og kennslufræði, þó með allmiklum frávikum þegar grunnnáminu í þessum greinum lýkur. Þá tekur við kennsla með breytilegum áherslum, allt eftir sérsviði hvers skóla, t.d. hvað íþróttakennsluna varðar. Íþróttasálfræði, íþróttafélagsfræði o.fl. og kennslufræðilegir þættir, er snerta íþróttakennsluna sérstaklega, m.a. vegna mismunandi umhverfis sem kennt er í og áherslna sem íþróttirnar, íþróttakennslan gerir kröfu til o.s.frv..
4. Á fundi nefndarinnar, 6. maí sl., en undirritaður sat ekki þann fund, kom m.a. fram sú hugmynd “að fyrsta önnin gæti orðið sameiginleg öllum brautum og jafnvel að nemendur velji ekki braut fyrr en að fyrsta ári loknu“. Innritun yrði þá væntanlega sameiginleg fyrir allar deildir, brautir. Þetta telur undirritaður ekki geta átt við nám í íþróttufræðum. Íþróttakennaraskóli Íslands hefur starfað sem tveggja ára skóli frá árinu 1972. Þráfaldlega hefur verið óskað eftir breytingu

á núverandi löggjöf um skólann, m.a. til að færa skólann á háskólastig og auka fagnámið, íþróttanámið við skólann. Verði sú hugmynd að veruleika, að 1. misserið eða árið yrði sameiginlegt öllum brautum, myndi fagkennsla í íþróttum við skólann aukast sáralítið. Hún færi að mestu fram á tveimur árum eins og verið hefur sl. 25 ár. - Þá yrði ekki það framfaraspor í menntun íþróttakennara sem vænst hefur verið, að mati undirritaðs.

5. Samkvæmt fundi 3. júní sl., sem undirritaður sat ekki, - var m.a. farið yfir töflu um sameiginlega þætti námsbrauta. Niðurstaðan varð sú að leggja til, að á 1. misseri yrðu sameiginleg námskeið í uppeldis- og kennslufræði, 12 - 13 einingar og á 2. misseri 6 einingar undir sama sviði. Þetta þýðir í raun og veru að 1. misserið er svo til undirlagt af uppeldis- og kennslufræðigreinum og 2. misserið tæplega að hálfu á sama sviði.

Nemendur Íþróttakennarskóla Íslands er íþróttamenn, þ.e.a.s. nemendur sem hafa áhuga á íþróttum og íþróttakennslu. Nemendur skólans þurfa því og vilja komast í beina snertingu við íþróttirnar strax á 1. misseri, - 1. ári. Þess vegna verður að dreifa náminu í uppeldis- og kennslufræði á fleiri misseri, eða seinka námskeiðunum. Það er frekar möguleiki að draga úr verklegum þáttum kennslunar, íþróttunum, þegar á námstímann líður og auka þá vægi bóklegra fræða. Kennsla í uppeldis- og kennslufræðigreinum er heppilegri og árangursríkari í smærri hópum innan marka hvers skóla, en í sameiginlegum fyrirlestrum allra nemenda skólanna. Í smærri hópum gefst meira ráðrúm til spurninga og umræðna sem eflaust eru ólík eftir námsbrautum og áhugasviði nemendanna.

23. júní, 1997

Árni Guðmundsson.



**VIÐAUKI II**  
**GREINARGERÐIR VINNUHÓPA**

# Greinargerð vinnuhóps um aðferðafræði, tölfræði

**Álitsgerð vegna kennslu í aðferðafræði og tölfræði í hinum nýja Kennara- og uppeldisháskóla.**

## **Markmið**

- nemendur þekki helstu rannsóknaaðferðir sem beitt er í vísindum
- nemendur geti lesið fræðilegar greinar á gagnrýnin hátt
- nemendur þekki grunnhugtök í aðferðafræði, m.a. kvarða, mælingar, breytur, og úrtök
- nemendur þekki grunnhugtök í lýsandi tölfræði m.a. myndir og töflur, miðsækni, dreifingu og afleiddar tölur
- nemendur kunni undirstöðuatriði í fylgni og aðhvarfsgreiningu
- nemendur kunni undirstöðuatriði ályktunartölfræði, þetta verði almenn umfjöllun en tekin dæmi um t-próf og kí-kvaðrat
- nemendur læri á forrit sem nýst gæti við útreikninga, t.d. Excel.

## **Kenndar verði 3 einingar á öðru misseri náms:**

Sérstök áhersla verður á lestur fræðigreina jafnhliða námi í aðferðafræði og tölfræði, t.d. mætti velja greinar í samvinnu við kennara í sálarfræði, eða uppeldisfræði. Námi í aðferðafræði og tölfræði verði tengt fræðigreinum, þannig að nemendur beiti þeim hugtökum í samhengi og verði gagnrýnir á rannsóknaniðurstöður. Reynt verði að glæða áhuga þeirra á rannsóknum og nemendur skilji gildi þess að fylgjast með á sínu sviði með lestri fræðigreina.

Einnig verði nemendum kennt á forrit sem þeir gætu nýtt við vinnu í tölfræði og úrvinnslu gagna.

## **Kennsluhættir:**

Fyrirlestrar, dæmatímar, umræðutímar og tölvutímar.

## **Námsmat:**

Verkefni t.d. rannsóknartilboð, gagnauðrvinnsla og túlkun, heima-dæmi og próf.

## **Almennar athugasemdir:**

1) Vinnuhópurinn telur æskilegt að nemendum yrði boðið að taka valnámskeið í aðferðafræði síðar á námsferlinum. Slík námskeið gætu nýst sem undirbúningur fyrir lokaverkefni eða sem dýpkun á ákveðnu sviði. Nákvæmt námsefni valnámskeiða og fjöldi þeirra færi eftir áhuga hverju sinni.

2) Fulltrúi Þroskaþjálfaskólans telur mikilvægt að nemendur í þroskaþjálfun fái einnig kennslu í eigindlegri aðferðafræði. Eigindlegar aðferðir eru mikilvægar sem hagnýt rannsóknaraðferð á málefnum fatlaðra, til að geta gefið nýja sýn/skilning á þroskaheftum og til að varpa ljósi á persónulega reynslu fatlaðra.

Námskeiðið væri kennt í síðari hluta námsins og vægi þess 1-2 einingar. Sérstök áhersla væri á vettvangsathuganir, djúpvíðtöl, rannsóknar-áætlanir og greiningu gagna.

3) Fulltrúar Íþróttakennaraskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands telja einnig að nemendur sinna deilda þurfi að taka viðeigandi tölfræði í tengslum við námskeið í námsmati.

Amalía Björnsdóttir, KHÍ.  
Guðbjörg Daníelsdóttir, ÍKÍ.  
Sif Eiríksdóttir, ÞSÍ.  
Þórdís Þórðardóttir, FÍ.

### **Ályktun um kennslu í vinnulagi fyrir nemendur Fósturskólans, Íþróttakennaraskólans og Þroskaþjálfaskólans.**

Undirritaðar vilja koma því á framfæri að þær telji nauðsynlegt að nemendur þessara skóla (deilda) fái kennslu í þeim faglegu vinnubrögðum sem einkenna eiga nám á háskólastigi. Sérstaklega á þetta við þar sem háskólastig gerir auknar kröfur til sjálfstæðra vinnubragða og fræðilegrar framsetningar efnis, s.s. sjálfstæðrar röksemdafærslu í tengslum við fræðilega úttekt með tilvísunum í heimildir og ritun rannsóknarskýrslna.

Fulltrúar Íþróttakennaraskólans og Þroskaþjálfaskólans hafa kennt vinnulag við sína skóla undanfarin 1-2 ár og hafa bæði kennarar og nemendur lýst því yfir að þeir sjái breytingar á vinnubrögðum í kjölfar námskeiðsins. Í Fósturskólanum hefur vinnulagið verið kennt sem hluti af íslensku, þekkingarfræði og tölfræði. Við teljum að betra sé að hafa þessi atriði í einu námskeiði um vinnulag.

Undirritaðar setja fram eftirfarandi tillögur um innihald námskeiðs í vinnulagi:

Þjálfun í framsetningu fræðilegs efnis með eftirfarandi áherslum:

a. Heimildaleit og mat á gildi mismunandi heimilda.

- b. Tilvísanir í heimildir og heimildaskrár.
- c. Sjálfstæð röksemdafærsla í fræðilegum skrifum.
- d. Uppsetning og ritun rannsóknarskýrslu.
- e. Munnleg framsetning efnis (sérstaklega fyrir nemendur sem ekki fá þessa þjálfun í öðrum námskeiðum, s.s. í kennslufræði).

Nauðsynlegt er að mati undirritaðra að námskeiðið sé kennt strax á fyrstu önn námsins þannig að það nýtist sem undirbúningur, s.s. fyrir fræðileg skrif í ýmsum greinum, aðferðafræði- og tölfræði og ritun lokaverkefna.

Vægi námskeiðsins verður að vera a.m.k. tvær einingar þar sem gert er ráð fyrir talsverðri verkefnavinnu til að nemendur öðlist færni í þessum vinnubrögðum.

Guðbjörg Daníelsdóttir, ÍKÍ.

Sif Eiríksdóttir, ÞSÍ.

Þórdís Þórðardóttir, FÍ.

## Greinargerð vinnuhóps um eigið mat stofnunar á starfsemi sinni

Fyrir nokkru var settur á laggirnar starfshópur til að fjalla um *eigið mat stofnunar á starfsemi sinni* sbr. bréf dagsett 29. janúar 1997. Höfum við haldið nokkra fundi til að ræða efnið og erum sammála um að eigið mat sé mikilvægur þáttur í starfsemi nútímastofnana. Við mótun laga fyrir uppeldisháskóla beri því að taka mið af þessum þætti.

Ljóst er að eigið mat er stundað í öllum skólunum sem hlut eiga að máli (KHÍ, FÍ, ÍKÍ, ÞÍ). Mat þetta er þó stundað með formlegustum hætti í Kennaraháskóla Íslands. Við mótun laga fyrir uppeldisháskóla leggur hópurinn því til að litið verði til þess sem þar er gert. Reglur þar um er einkum að finna í vinnureglum vegna misserismats og í möppu um fyrirkomulag á formlegu mati á kennslu (gögn hjá kennslustjóra KHÍ).

Markmið með eigin mati á starfsemi sinni er að varpa ljósi á hvernig stofnun uppfyllir hlutverk sitt. Með slíku mati er hægt að fylgjast með framförum og leggja mat á gæði einstakara þátta eða stofnunar í heild. Þá stuðlar eigið mat að markvissu breytinga- og umbótastarfi og stefnumótun til lengri og skemmri tíma.

Hópurinn leggur til að matið beinist að eftirfarandi atriðum. Kveða skal nánar á um í starfsreglum hver hefur umsjón með matinu, hverjir hafa aðgang að upplýsingum um mat og hvernig farið er með niðurstöður mats.

### 1. *Mat á námskeiðum.*

Nám sem skipulagt er í námskeiðum skal meta við lok hvers misseris. Tilgangur matsins er að bæta kennslu, námsefni, verkefni og annað sem hefur áhrif á nám og kennslu. Mat þetta skal byggja á viðhorfum nemenda og skoðunum viðkomandi kennara.

### 2. *Mat á merkingarbærum einingum eins og misserum, valgreinum, æfingakennslu o.s.frv.*

Mat á námsbrautum og öðrum merkingarbærum skipulagsheildum skal stunda reglulega. Tilgangur matsins er að bæta kennslu, skipulag og annað sem hefur áhrif á nám og kennslu. Mat þetta skal byggja á viðhorfum nemenda, skoðunum kennara og annarra sem hlut eiga að máli.

### 3. *Faglegt mat á inntaki og kennslu einstakra kennara að ósk kennara.*

Mat þetta felst í athugunum á viðhorfum nemenda, námsefni og undirbúningi og kennslu kennara.

4. *Mati á stofnuninni í heild eða afmörkuðum starfseinngum.*

Mat þetta skal stunda reglulega. Það skal byggjast á sjálfsmati og mati ytri aðila. Taka skal til þátta eins og kennslu, stjórnunar, rannsókna, aðstöðu kennara, tengsla við hagsmunasamtök, erlent samstarf o.s.frv. Leitast skal við að fá einn eða fleiri erlenda sérfræðinga í hlutverk ytri matsaðila.

Starfshópurinn lítur svo á að nánari útfærsla á þessum atriðum verði unnin síðar. Þessi atriði séu stefnumarkandi og nægjanleg á þessu stigi málsins.

Starfshópur um *Eigið mat stofnunar á starfsemi sinni,*

Ása Þórðardóttir  
Börkur Hansen  
Ingimar Jónsson  
Jóhanna Einarsdóttir

# Greinargerð vinnuhóps um framsögn og raddbeitingu

Í vinnuhópnum sátu:

Gunnar Eyjólfsson	Íþróttakennaraskóla Íslands
Ingibjörg B. Frímansdóttir	Kennaraháskóla Íslands
Kristín Ólafsdóttir	Proskapjálfaskóla Íslands
Soffía Jakobsdóttir	Kennaraháskóla Íslands
Sólveig Hauksdóttir	Fósturskóla Íslands

Hópurinn fundaði tvisvar sinnum (Gunnar Eyjólfsson komst í hvorugt skiptið) og lagðar voru fram kennsluáætlanir skólanna. Algjör samstaða var um mikilvægi framsagnar- og tjáningarkennslu í þessum skólum og hversu nauðsynlegt það er fyrir kennara framtíðarinnar að þekkja vel rödd sína, að efla tjáningarhæfni þeirra og gera þeim kleift að miðla þeirri þekkingu til nemenda sinna.

## *Greinargerð*

Skólanir fjórir sem fulltrúarnir koma frá hafa allir tjáningu og framsögn á kennsluskrá sinni.

Í *Fósturskólanum* fær hver nemandi sem nemur tveimur kennslustundum á viku í þrjár annir. Náminu er skipt á haustönn fyrsta árið, vorönn annað árið og ýmist á haust- eða vorönn þriðja árið.

Í *Íþróttakennaraskóla Íslands* er varið sem nemur 20 kennslustundum í tjáningu og framsögn.

Í *Kennaraháskóla Íslands* fær hver nemandi sem nemur 20 kennslustundum á vorönn fyrsta árs.

Í *Proskapjálfaskólanum* eru kennslustundir um 60, ýmist kenndar á báðum önnum fyrsta bekkjar eða einni önn í fyrsta bekk og ein önn í öðrum bekk.

## *Tillögur*

Leik- og grunnskólakennarar og þroskajálfar sinna uppeldis- og kennslustörfum og stór hluti þeirra starfs er að vera fyrirmyndir nemenda sinna hvað varðar mál og tjáningu. Því er mikilvægt að þessar starfsstéttir hafi góða undirstöðumenntun í öllu er lýtur að máli og framburði. Auk þess er röddin atvinnutæki þeirra og mikilvægt er að þjálfar rödd og raddbeitingu og kenna nemendum að meta og fara vel með þetta kennslutæki. Starf kennarans felst í því að koma fram og miðla öðrum af þekkingu sinni, því er nauðsynlegt að losa nemendur við “sviðsskrekkin” og auka hæfni þeirra til lifandi tjáningar.

Við leggjum til að minnst tveimur einingum sé varið í kennslu í raddbeitingu, raddþjálfun, raddvernd og hvernig skuli bera sig til við að

koma fram fyrir hóp af fólki, t.d. í kennslu. Þessar einingar séu í kjarna, sameiginlegar öllum hópum.

Í þessu felst að kennd sé *undirstaða góðrar raddbeitingar* svo sem öndun og líkamsstaða, *raddvernd* þ.e. mikilvægi þess að fara vel með röddina og hvað beri að forðast svo hún skaðist ekki og loks *raddþjálfun* t.d. þjálfun talfæra svo flutningur sé skýr og áheyrilegur. Þá sé kennd *rétt líkamsstaða, öndun og beiting ólíkra blæbrigða raddarinnar, flutningur texta, framkoma í kennslu* eða annað er lýtur að góðri miðlun.

Þá sé að minnsta kosti einni einingu varið í að kenna kennslufræði greinarinnar. Hún getur verið mismunandi eftir áherslum hvers hóps og skal tekið tillit til hvers þeirra fyrir sig.

Við teljum nauðsynlegt að í sameinuðum skóla uppeldis- og kennarastétta verði nemendur þjálfaðir í tjáningu og framsögn. Það er mikilvægt fyrir kennaraefnin sjálf að vera fær um að tjá sig af festu og öryggi. Að þau séu meðvituð um mikilvægi raddarinnar sem þeirra helsta kennslutæki og hvernig hennar sé best gætt, hún þjálfuð og möguleikar hennar nýttir. Enn fremur er mikilvægt að kennarar framtíðarinnar geti leiðbeint og þjálfað nemendur sína í tjáningu mun betur en nú er gert. Kennslu í tjáningu og framsögn (flutningi talaðs máls) ætti ekki að rýra frá því sem nú er í þeim skólanna fjögurra sem ríkasta áherslu leggja á þessar greinar.

Reykjavík, 10. júní 1997

Fyrir hönd samstarfshópsins  
Ingibjörg B. Frímansdóttir



# **Greinargerð vinnuhóps um heilbrigðisgreinar í þroskaþjálfanami**

## **Álitsgerð vinnuhóps um heilbrigðisgreinar í námi þroskaþjálfna**

Með bréfi dagsettu 11. apríl 1997 fól nefnd sem vinnur að undirbúningi námsskrár fyrir Kennara- og uppeldisháskólann undirrituðum, sem vinnuhópi, að vinna að eftirfarandi:

- að meta þörfina á þekkingu þroskaþjálfna á heilbrigðisgreinum,
- að láta í ljós álit á hvort breytinga er þörf á þeim heilbrigðisgreinum sem nú eru kenndar,
- að láta í ljós álit á hvort eitthvað af námi í heilbrigðisgreinum, sem ætlað er þroskaþjálfum, hefur einnig gildi fyrir aðra hópa sem menntaðir eru við Kennara- og uppeldisháskólann (leikskólakennara, grunnskólakennara, íþróttakennara).

Starfshópurinn hefur haldið 6 fundi og sett saman eftirfarandi álitsgerð. Til að gera grein fyrir mikilvægi heilbrigðisgreina í menntun þroskaþjálfna, taldi vinnuhópurinn rétt að byrja á því að varpa ljósi á sérstöðu og eðli þroskaþjálfunar.

## **Sérstaða þroskaþjálfunar**

“Hlutverk Þroskaþjálfaskóla Íslands er að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf. Ennfremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfna.”

(Námsvísir Þroskaþjálfaskóla Íslands)

Alls staðar þar sem fatlaðir dvelja við leik, nám eða störf er þörf á sérhæfðri þekkingu þroskaþjálfans.

Störf og ábyrgðarsvið þroskaþjálfna hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, ekki síst í ljósi aukinnar og betri þekkingu á fötlun, afleiðingum hennar, tækniframförum, svo og möguleikum fatlaðra til þess að ná að þroska og nýta möguleika sína til hagsbóta fyrir sig og þjóðfélagið.

Í stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að;

“Fatlaðir eigi rétt á fjárhagslegu og félagslegu öryggi og mannsæmandi lífskjörum. Þeir eiga rétt á, eftir sem hæfileikar þeirra leyfa, að fá vinnu og halda henni, sem og að taka þátt í frjóu og arðgefandi starfi og ganga í verkalýsfélag. Fatlaðir eiga kröfu á að tekið sé tillit til sérþarfa þeirra á öllum stigum fjárhags- og félaglegrar skipulagningar”.

Ef markmið þessarar yfirlýsingar eiga að nást, er ljóst að markviss þjálfun, stuðningur og umönnun frá frumbersku til fullorðinsáranna er fötluðum mikilvæg. Einungis þroskaþjálfar fá í menntun sinni undirbúning til að meta á heildrænan hátt þarfir fatlaðra fyrir þjálfun og stuðning á öllum skeiðum ævinnar.

Enginn einn þjóðfélagshópur hefur lotið jafn breytilegum viðhorfum samfélagsins og fatlaðir. Spannar það sviðið allt frá læknisfræðilegum meðferðarsjónarmiðum og stofnanavistun til nútímalegra mannréttindasjónarmiða. Nú er álitíð að fötlun og vandamál fatlaðra og fjölskyldna þeirra séu málefni samfélagsins alls og að upphefja megi að miklu leyti neikvæðar afleiðingar fötlunar með markvissri þjálfun og úrbótum í umhverfinu. Nútíma þjóðfélag býr yfir þekkingu og tækniunnáttu sem gerir kleift að yfirstíga þær hindranir sem áður komu í veg fyrir þátttöku fatlaðra í lífinu.

Sérstaða þroskaheftra í hópi fatlaðra er mikil, en viðhorf til þeirra hafa ekki hvað síst tekið miklum breytingum. Í dag er virtur réttur þeirra til þess að hafa áhrif á eigið líf og taka ákvarðanir sem snerta þá sjálfa. Þrátt fyrir þetta má ekki gleyma því að þeir tilheyra þeim jaðarhópi í þjóðfélaginu sem á erfiðast með að gæta réttar síns og eru háðari öðrum í daglegu lífi sínu en almennt gerist. Störf í þeirra þágu verða að byggja á mannréttindasjónarmiðum, mannúð, réttlæti og virðingu. Því er sú siðferðilega sýn sem menntun og störf þroskaþjálfra byggir á afar mikilvæg og verður að hlúa mjög vel að þeim þáttum menntunar í þeim breytingum sem framundan eru. Sterk siðferðisvitund fagfólks er til þess fallin að auka lífsgæði og treysta mannréttindi þeirra sem þjónustunnar njóta.

Starfsvettvangur þroskaþjálfra er margvíslegur. Þroskaþjálfri starfar með fólki frá vöggu til grafar.

1. Ungbörn með fötlun. Öll börn, án tillits til fötlunar, eiga rétt á að alast upp hjá fjölskyldum og fá tækifæri til þess að aðlagast samfélaginu í stað þess að vera aðskilin frá heildinni. Marvísleg stuðningsþjónusta þarf að vera í boði sem og sérhæfð þjónusta í heimabyggð, m.a. þjónusta þroskaþjálfra. Þegar barn greinist með fötlun er mikilvægt að þjálfun við hæfi hvers og eins hefjist eins fljótt og auðið er. Slík þjálfun getur farið fram á heimili barns, eða í tengslum við sérstaka þjálfunarstaði sem og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þroskaþjálfri gegnir þarna lykilhlutverki í að þjálfra barnið, samhæfa aðgerðir, og að veita foreldrum eða öðrum sem annast það, stuðning og kennslu.

2. Leikskólabarnið. Mikilvægt er fötluðum börnum að fá þjálfun og kennslu við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna þar sem þeim gefst kostur á að auka félagslegan þroska jafnhliða því að þeim sé veitt þjálfun við þeirra hæfi af sérfræðingum á því sviði. Þarna gegna þroskaþjálfar áfram

mikilvægu hlutverki. Öll fötluð börn eiga rétt á að sækja leikskóla samkvæmt lögum og hefur þegar mikil og góð reynsla fengist af störfum þroskaþjálfara á þessu skólastigi. Mikilvægt er engu að síður að þróa enn frekar leikskólastarfsemi með tilliti til barna með fötlun. Enn fremur þarf að gera þjónustuna sveigjanlegri, m.a. þannig að þjálfun geti farið fram á heimili barnsins ef þörf krefur.

3. Grunn- og framhaldsskólinn. Eitt af grundvallaratriðum almennra mannréttinda er jafnrétti til menntunar og skólagöngu. Samkvæmt gildandi lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er hlutverk þeirra að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntunar allra nemenda auk þess að búa þá undir líf og störf í samfélaginu. Réttur fatlaðra barna til kennslu og þjálfunar við hæfi í heimaskóla er samkvæmt lögum ótvíræður. Til þess að nemendur með fötlun fái notið skólagöngu til fullnustu og möguleikar þeirra til alhliða þroska séu virkjaðir verður aðgangur að sérmenntuðum aðilum eins og þroskaþjálfum að vera tryggður. Þessum nemendum þarf að sinna sérstaklega í sambandi við náms- og starfsval. Þar er sérþekking þroskaþjálfara eitt af lykilatriðum þess að vel takist til.

4. Fullorðinsár fatlaðra / þroskaheftra. Allir eiga rétt á starfi og virkri þátttöku í atvinnulífinu. Leita þarf allra leiða til þess að finna og skapa ný störf eða starfshætti sem henta fötluðum. Veita þarf fötluðum liðveislu í starfi til þess að tryggja bæði þeim og vinnustaðnum árangur af starfinu. Takist ekki að útvega störf á almennum vinnumarkaði getur verið nauðsynlegt að koma á fót vernaðri vinnu. Mikilvægi starfa þroskaþjálfara við undirbúning, þjálfun og eftirfylgd í atvinnuþátttöku fatlaðra er ótvíræð.

Allir eiga rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir. Á heimili er friðhelgi einkalífs virt. Fötluðum þarf að tryggja þá þjónustu og stuðning sem þeir þurfa til að lifa sjálfstæðu lífi á eigin heimili. Það er ljóst að margir fatlaðir þurfa verulega þjálfun og aðstoð til þess að geta tekist á við sjálfstæða búestu. Þar reynir ef til vill hvað mest á þekkingu, hæfni og kunnáttu sérmenntaðrar stéttar eins og þroskaþjálfara. Stéttin er að nýta þekkingu sína til hagsbóta fyrir einstaklinginn og virða jafnframt sjálfsákvörðunarrétt og mannlega reisn hans. Þroskaþjálfar hafa mikilvægu hlutverki að gegna, sem fræðarar bæði til hins fatlaða og aðstoðarmanna hans þannig að heimilið verði öruggt og gott skjól og virðing fyrir heimilisfólki sé í fyrirrúmi.

Við aðbúnað þroskaheftra aldraðra verður að hafa það hugfast að öldrun þeirra hefst oft fyrir en hjá öðrum. Því verður öldrunarþjónusta fyrir þá fyrst og fremst að taka mið af mati á aðstæðum og heilsu en ekki einvörðungu aldri. Þrátt fyrir að stefna beri að því að þroskaheftir eldri borgarar fái sambærilega þjónustu og aldraðir almennt er nauðsynlegt að tryggja þeim sem komast til elli ára einnig sértæka þjónustu þroskaþjálfara.

Stefna sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og hagsmunasamtökum fatlaðra er sú að veita þjónustu við þá samkvæmt almennum lögum og hverfa frá sérlögum. Þetta mun hafa það í för með sér að ábyrgð á þjónustu við þá færist að nær öllu leyti frá ríki til almennra stofnana sveitarfélaganna. Þangað mun því starfsvettvangur þroskaþjálfarar færast í auknum mæli.

Nauðsynlegt er í þeim breytingum sem áformaðar eru í menntun uppeldis- og kennarastétta, að varðveita sérþekkingu þroskaþjálfarar á sviði umönnunar, uppeldis og þjálfunar. Þroskaþjálfarar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í að tryggja fötluðum sambærileg lífskjör og öðrum. Þeir eru talsmenn þeirra sem ekki geta talað sínu máli sjálfir og hafa menntun sem er til þess fallin að tryggja það að fatlaðir fái að þroska hæfileika sína og getu til þess að taka þátt í samfélaginu við hlið ófatlaðra.

### **Mat á þörf á þekkingu þroskaþjálfarar á heilbrigðisgreinum**

Við mat á þörf á þekkingu þroskaþjálfarar á heilbrigðisgreinum er höfð til hliðsjónar reglugerð nr 215/1987 um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfarar svo og með hvaða hætti þroskaþjálfarar tengjast fötluðu fólki í dag.

Þroskaþjálfarar starfa í dag m.a.:

- á leikfangasöfnum,
- í dagvistun / leikskólum og skólum,
- á hæfingar- og endurhæfingast. og vernduðum vinnustöðum,
- á sambýlum, vistheimilum og skammtímavistun,
- í tómstundastarfi,
- við stoðþjónustu ýmiskonar,
- við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Þetta er í samræmi við áðurnefnda reglugerð. Þroskaþjálfarar starfa að þjálfun, uppeldi og umönnun fólks með ólíkar fatlanir og á mismunandi aldri.

Meginatriði þjálfunarinnar eru:

- “ 1. Atferli daglegs lífs.
2. Hreyfiþjálfun.
3. Skynþjálfun.
4. Málþjálfun.
5. Hugsanamiðlun.”

Umönnunin felur í sér eftirfarandi:

- “ 1. Daglega umhirðu og fæðugjöf.
2. Eftirlit með daglegu og almennu heilsufari.
3. Aðhlyningu.

4. Eftirlit með geðrænum hegðunarvandkvæðum og meðferð samkv. fyrirmælum lækna eða sálfræðinga.
5. Lyfjagjafir og eftirlit með verkunum lyfja samkvæmt fyrirmælum lækna.
6. Ráðstafanir vegna þeirra sem þarfnast skyndilegrar sjúkrahúsvistunar.“

Markviss þjálfun byggir á greiningu á líkamlegu og andlegu ástandi einstaklingsins og taka þarf tillit til ýmissa þátta sem eiga sér líffræðilegar orsakir sem hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjálfunar.

Til þess að geta sinnt daglegri ummönnun og því eftirliti sem til er ætlast þurfa þroskaþjálfar að vita að hverju skal gáð, hvað á að meta og hvernig upplýsingar skal veita og er þeim því nauðsynlegt að þekkja vel hið “heilbrigða” til að geta metið frávik.

Þroskaþjálfar vinna í náinni samvinnu við aðra faghópa innan heilbrigðisstétta, s.s. lækna og sjúkraþjálfara og er mikilvægt að þessir hópar tali “sama tungumál”. Þroskaþjálfar eru ennfremur oft á tíðum í þeirri stöðu að miðla upplýsingum til samstarfsmanna og þurfa þá að geta útskýrt málin á viðeigandi máta. Þroskaþjálfar eru oftast en ekki þeir sem aðstoða við að samræma meðferð, þjálfun og umönnun daglegu lífi einstaklingsins, þannig að viðkomandi geti þrátt fyrir ýmis frávik átt innihaldsríkt líf.

Af ofansögðu má ljóst vera að þörf fyrir þekkingu á hinum ýmsu heilbrigðisgreinum er þroskaþjálfum mjög nauðsynleg. Þrátt fyrir stöðugar breytingar í málefnum fatlaðs fólks er ekki fyrir séð að eðli starfa þroskaþjálfra breytist á þann veg í nánustu framtíð að ekki verði áfram þörf fyrir góða þekkingu þeirra á heilbrigðisgreinum.

Við teljum því að sú kennsla sem nú fer fram í þessum greinum sé mikilvæg og að ekki megi draga úr henni.

## **Yfirlit yfir kennslu í heilbrigðisgreinum í Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands**

### **1. Fósturskóli Íslands:**

Í Fósturskóla Íslands er lögð áhersla á að veita fræðilega og hagnýta menntun á sviði uppeldis- og félagsgreina, móðurmáls-, heilbrigðis- og náttúrufræðigreina, lista- og verkgreina. Þær heilbrigðisgreinar sem kenndar eru, eru eftirfarandi:

**Heilbrigðisfræði (2 ein.):** Nemendur eiga að kunna skil á líffærafræði mannsins og á því helsta sem geti ógnað heilsu og valdið sjúkdómum. Farið er í sögu heilsuverndar og kynnt faraldursfræðileg hugtök. Kynnt eru helstu heilsufarsvandamál barna og hugtakið umhverfisheilsufræði. 33 kennslustundir.

**Næringarfræði (1 ein.):** Nemendur eiga að gera sér grein fyrir næringarþörf mannsins og því hvernig best er að uppfylla hana. Einnig að þeir sjái samhengi næringar, heilsufars og þroska. Nemendur eiga að geta notað þekkingu sína til að setja saman matseðla og í öðru starfi leikskólans. 22 kennslustundir.

**Skyndihjálp (1 ein.):** Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur geti brugðist rétt við er slys og veikindi ber að höndum. 22 kennslustundir.

Auk þess er kennt við skólann námskeið um **hreyfiþroska (1 ein.)**. Nemendur eiga að kunna skil á líkams- og hreyfiþroska barna og geta greint alvarleg frávik frá honum. Samtals 22 kennslustundir. Þó að þessi grein heyri ekki beint undir heilbrigðisgreinar, þá á hún margt sameiginlegt með þeim og því teljum við rétt að hún komi fram í okkar umfjöllun.

**Einingafjöldi samtals:** 5 ein.

## **2. Íþróttakennaraskólinn:**

Námið greinist upp í 60 ein. í kjarna og 5 ein. í vali. Kjarninn greinist síðan í þrennt og eru þar uppeldisgreinar 21,5 ein., líffræðigreinar 17 ein. og skólaíþróttir 21,5 ein. Valnám er samtals 5 ein. og er þar gert ráð fyrir að nemandi velji 3 ein. úr skólaíþróttahluta, 1 ein. úr líffræðigreinum og 1 ein. úr uppeldisfræðigreinum.

Líkams- og heilsufræðigreinar greinast upp í 10 fög og eru þau eftirfarandi:

**10.31.11 Líffærafræði 1 (3 ein.):** Markmið kennslunnar er að auka þekkingu og skilning nemenda á gerð og starfsemi mannlíkamans með sérstakri áherslu á þau líffæri og líffærakerfi sem tengjast hreyfingu. Viðfangsefni er fyrst og fremst umfjöllun um stoðkerfi líkamans.

**10.32.11 Lífeðlisfræði (4 ein.):** Markmið námskeiðsins er auka þekkingu nemenda á grundvallarlögmálum lífeðlisfræði mannsins. Farið er yfir starfsemi líffærakerfa og einstakra líffæra, aðlögun þeirra og þjálfun og áhrif kyrrsetu á starfsemi þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að tengja lífeðlisfræðina íþróttaiðkun og þeim breytingum sem verða á líkamsstarfsemi við þjálfun.

**10.33.11 Þjálfraði I (2 ein.):** Markmiðið er að nemendur nái valdi á grunnhugtökum og viðfangsefni þjálfraðinnar. Fjallað verður um helstu grundvallaratriði íþróttþjálfunar. Lögð er áhersla á þjálfun barna og unglinga.

**10.34.21 Lífaflfræði (1 ein.):** Nemendum eru kynnt þau grundvallar-lögmál eðlisfræðinnar sem gilda um hreyfingar. Sérstaklega verður farið yfir hreyfingar mannslíkamans. Áhersla er lögð á rétta beitingu líkamans í íþróttum og atvinnu, réttar starfsstöður, átakshorn og rétta lyftitækni.

**10.35.41 Heilbrigðisfræði (1,5 ein.):** Nemendur eiga að öðlast þekkingu á heilsuvernd og heilbrigðum lífsháttum og mikilvægi þeirra fyrir einstaklinginn og samfélagið. Nemendur eiga að öðlast þekkingu í grundvallaratriðum næringarfræðinnar og fá fræðslu um lyfjamisnotkun í íþróttum

**10.36.31 Heilsurækt I. (1,5 ein.):** Markmiðið er að kynna nemendum aðferðir og íþróttir í almennri heilsurækt og helstu nýjungar á því sviði.

**10.37.21 Skyndihjálp (1 ein.):** Nemendum er kennt að bregðast rétt við er slys eða bráðan sjúkdóm ber að höndum og einnig eru nemendur búnir undir kennslu í skyndihjálpi í skólum.

**10.31.32 Líffærafræði II. (0,5 ein.):** Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu og skilning nemenda á vöðvastarfi við hreyfingar.

**10.33.32 Þjálfraði II. (1 ein.):** Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á tækni og taktíkþjálfun í íþróttum, skipulagningu í íþróttþjálfun, ofþjálfun og aðra þætti sem hafa áhrif á árangur. Jafnframt er fjallað um hæfileikamótun í íþróttum og mikilvægi íþróttþjálfunar fyrir aldraða.

**10.36.42 Heilsurækt II. (1,5 ein.):** Markmiðið er að kynna nemendum íþróttir fyrir fatlaða annars vegar og hins vegar íþróttir fyrir aldraða. Að búa nemendur undir kennslu í íþróttum fyrir þessa hópa.

Einnig er kennt námskeið í líkams- og hreyfifroska (sem fellt er undir uppeldisgreinar).

**Einingafjöldi samtals:** 17 ein.

**Framhaldsnámskeið (Nemandi velur eina grein sem valfag):**

### **3. Kennaraháskóli Íslands:**

Viðfangsefni í almennu kennaranámi skiptast á þrjú svið: Uppeldisgreinar, kennarafræði (kennslufræði, námsgreinar grunnskólans og vettvangsnám) og kjörsvið. Samtals eru uppeldisgreinar og kennarafræði 60 ein. en kjörsvið er allt að 30 ein. Þau fög sem falla undir uppeldisgreinar og kennarafræði eru sameiginleg öllum sem stunda almennt kennaranám.

Undir uppeldisgreinar og kennarafræði heyra eftirtalin fög:

**20.55.43.950 Heilsufræði (1 ein.):** Námskeið er ekki ætlað nemum í valgreinum heimilisfræði eða íþróttum. Markmið námskeiðs er að veita nemendum innsýn í mikilvægi líkamsræktar og næringar fyrir heilsusamlega lífshætti og gera nemum grein fyrir ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu svo þeir verði hæfari til að leiðbeina nemendum sínum um hollustu og heilbrigði.

**20.03.53.936 Nemendur með sérþarfir (1 ein.):** Með námskeiði er stefnt að því að kennaranemar öðlist nokkurn skilning á fötlunum og sérþörfum barna í námi og þekkingu á því hvernig brugðist er við þeim í skólakerfinu.

Á kjörsviði er kennsla í heilbrigðisgreinum einungis ef valin er heimilisfræði, íþróttir og líkamsrækt eða líffræði:

Heimilisfræði:

**20.54.32.936 Næring og líkamsstarfsemi I (2 ein.):** Á þessu námskeiði er slegið saman næringar-, lífefna-, og lífeðlisfræði. Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á næringarþörf mannsins og skilning á starfsemi mannlíkamans og geri sér grein fyrir tengslum næringar og heilsufars. Þeim er einnig ætlað að tileinka sér hugtök og aðferðir næringarfræði, lífefnafræði og lífeðlisfræði svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til á hverjum tíma.

**20.54.42.930 Næring og líkamsstarfsemi II (1 ein.):** Framhald af næring og líkamsstarfsemi I.

**20.54.53.946 Næring og líkamsstarfsemi III (3 ein.):** Framhald af næring og líkamsstarfsemi II.



## Íþróttir og líkamsrækt:

**20.52.32.906 Líffærafræði (2 ein.):** Nemendur eiga að öðlast þekkingu á byggingu og starfsemi hreyfifæra líkamans og læra að beita þeirri þekkingu við líkams-uppeldi í grunnskólakennslu.

**20.52.45.900 Þjálfraði (1 ein.):** Nemendur eiga að öðlast þekkingu á þeim áhrifum sem líkaminn verður fyrir við iðkun íþróttta, eftir mismunandi þjálfunaraðferðum, álagi og aldri. Einnig að þeir öðlist þekkingu á grundvallarreglum þjálfraðinnar, svo sem viðbrögðum líkamans við álagi, þoli, krafti, hraða, liðleika og fimi.

**20.52.53.906 Næringarfræði (1 ein.):** Stefnt er að því að nemendur kynnist rannsóknaraðferðum næringarfræði og geri sér grein fyrir tengslum næringar og heilsufars og átti sig á gildi æskilegrar næringar fyrir góðan árangur í íþróttum.

**20.52.54.916 Lífeðlisfræði (2 ein.):** Stefnt er að því að nemendur öðlist þekkingu á grundvallaratriðum lífeðlisfræði með sérstöku tilliti til íþróttaiðkunar.

**20.52.63.910 Íþróttameiðsl-skyndihjálp (1 ein.):** Markmiðið er að gera nemendur færa um að bregðast rétt við ef slys ber að höndum.

**20.52.66.900 Hreyfingarfræði (1 ein.):** Nemendur eiga að öðlast skilning og næmi á margháttuðu starfi vöðvahópa og athuga grundvallarreglur hreyfinga þannig að þær komi að notum í kennslu. Einnig að þeir geti skilgreint hreyfingar líkamans út frá aflfræðilegum lögmálum.

## Líffræði:

**20.34.42.930 Erfðafræði (1 ein.):** Kennaranemum er ætlað að fá innsýn í nútíma erfðafræði, erfðatækni nútímans og siðfræðilegar spurningar sem hún vekur og grunnskólakennslu á sviði erfðafræði.

**20.34.53.96 Líkams og heilsufræði (1 ein.):** Kennaranemar eiga að öðlast skilning á manningum sem lífveru og þáttum sem hafa áhrif á heilbrigði hans.

**Einigafjöldi samtals:** 2 ein. Uppeldis og Kennarafræði.  
6 ein. Heimilisfræði.  
8 ein. Íþróttir- og líkamsrækt.  
2 ein. Líffræði.

#### **4. Þroskaþjálfaskóli Íslands.**

Kennslugreinum í námi við Þroskaþjálfaskóla Íslands er skipt í fimm meginflokka og eru þeir: Fötlun, Heilbrigðisgreinar, Kennslufræði, List og verkgreinar og Uppeldisgreinar. Til heilbrigðisgreina teljast: Heilbrigðisfræði, Líffæra- og lífeðlisfræði, Sjúkdómar og öldrun. Auk ofantalinna má einnig telja námskeið í Fötlun, Hreyfiþroska og Hreyfihömlun. Þótt þessar greinar heyri ekki beint undir heilbrigðisgreinarnar eiga þær engu að síður margt sameiginlegt með þeim og eru því hafðar með í þessari upptalningu.

Hér verður nú fjallað í stuttu máli um hverja þessara greina fyrir sig.

**Heilbrigðisfræði (6 ein.):** Heilbrigðisfræði greinist upp í fjóra námsþætti sem hverjum um sig lýkur með prófi. Námsþættirnir eru:

- Frumþættir hjúkrunar og umönnunar.
- Munnur-tennur-munnhirða.
- Næringarfræði.
- Almenn lyfjafræði.

Samanlagt er greinin 6 ein. og kennd á fyrsta ári. Er í þessari grein lögð áhersla á að kenna nemendum að annast einstaklinga með mjög mismunandi þarfir og leitast við að laga kennsluna sérstaklega að þörfum þeirra sem þroskaþjálfar sinna.

**Líffæra- og lífeðlisfræði (4 ein.):** Er í þessari grein kennd almenn líffæra- og lífeðlisfræði þó með sérstakri áherslu á líffæra- og lífeðlisfræði taugakerfis. Einnig er farið í grundvallaratriði Mendelskrar erfðafræði. Í kennslunni er lögð áhersla á að taka dæmi sem tengjast starfi þroskaþjálfara. Greinin er mjög mikilvæg undirstaða fyrir aðrar greinar sem kenndar eru seinna í náminu. Má þar sem dæmi nefna umfjöllun um sjúkdóma, fatlanir, öldrun og þróunarsálarfræði.

**Sjúkdómar (5 ein.):** Greininni er skipt upp í þrennt og lýkur hverjum námsþætti með prófi:

- Geðsjúkdómar og geðlyf (3 ein.).
- Smitsjúkdómar (1 ein.).
- Taugasjúkdómar (1 ein.).

Í tengslum við kennslu um sjúkdóma er fjallað um þau lyf sem tengjast meðferð þeirra. Er í náminu lögð áhersla á þá sjúkdóma og einkenni sem gera má ráð fyrir þroskaþjálfar kynnist í starfi sínu, t.d. krampa, sýkingar í einstaklingum með veikar varnir og geðtruflanir þroskaheftra svo eitthvað sé nefnt.

**Öldrun (2 ein.):** Fjallað er um ýmsar breytingar sem verða í líkamanum og einstökum líffærum á þessu æviskeiði. Einnig er fjallað um andlegt atgervi og breytingar á því.

**Fatlanir (6 ein.):** Greinin skiptist í tvennt:

- Námsþátt A: Orsakir fötlunar.

- Námsþátt B: Að lifa með fötlun.

Námsþáttur A á að gefa nemendum hugmynd um eðlilega þróun andlegs og líkamlegs ástands manna og afleiðingar ýmissa sjúkdóma eða frávíka er kunna að valda fötlun. Farið er í þætti eins og orsakir þroskahömlunar, efnaskiptasjúkdóma, hrörnunarsjúkdóma og litningagalla svo dæmi séu nefnd. Námsþáttur B á að gefa nemendum færi á að kynnst ýmsum tegundum fatlana og hvaða áhrif fötlunin hefur á þroska einstaklingsins og getu til þátttöku í lífinu.

**Hreyfiþroski (1 ein.):** Námsefnið er kennt í tengslum við yfirferð í þróunarsálarfræði. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur kunnir skil á þróun eðlilegs hreyfiþroska barns og að þeir læri um algeng frávik þróunarferils hreyfiþroska.

**Hreyfihömlun (1,5 ein.):** Nemendur eiga að læra um heilalömun (CP), hvernig á að haga daglegri meðferð hinna mismunandi hópa með heilalömun og einnig er stefnt að því að fræða nemendur um hreyfifærni hinna ýmsu hópa.

**Einingafjöldi samtals:** 25,5 ein.

### **Þörf á kennslu í heilbrigðisgreinum fyrir verðandi grunnskólakennara, leikskólakennara og íþróttakennara**

Kennarar á öllum skólastigum þurfa að koma til móts við margbreytilegar þarfir nemenda sinna. Margir nemendur þurfa t.d. að glíma við sjúkdóma eða fötlun. Sem dæmi má nefna sykursýki, mígreni, astma, flogaveiki, ofvirkni og sjúkdóm Tourettes. Kennari sem þekkir eitthvað til sjúkdóms nemandans á auðveldara með að bregðast við vandamálum sem upp koma og með að sýna nemandanum og fjölskyldu hans skilning. Í sumum tilvikum geta einkenni sjúkdóms eða fötlunar nemanda auk þess beinlínis haft truflandi áhrif á starf í skóla eða leikskóla. Sem dæmi um þetta má nefna kæki (sjúkdóm Tourettes) eða ofvirkni hjá barni og krampa. Þá getur það að skilja rætur vandamálsins auðvelað kennaranum að takast á við það. Barn sem fær oft störuflög ("dettur út" augnablik, jafnvel oft á dag) á erfitt með að fylgjast með í skólanum. Þetta er oft túlkað sem almennir námserfiðleikar. Ef kennari þekkir til þessa vandamáls getur það orðið til þess að barnið fái rétta greiningu og að með tilhlýðilegri meðferð verði námsvandinn úr sögunni. Mörg börn í leikskóla þurfa tímabundið eða að staðaldri að nota lyf og þurfa leikskólakennarar að sjá um lyfjagjafir. Það er nauðsynlegt fyrir íþróttakennara að hafa nokkra þekkingu á þeim sjúkdómum sem geta hrjáð hinn almenna nemanda í skóla og dregið úr þoli eða hreyfifærni. Það getur til dæmis haft áhrif á íþróttakennsluna ef

nemandi er með astma eða sjúkdóm í baki eða liðum eða tekur lyf sem hafa áhrif á starfsemi taugakerfisins, t.d. krampalyf eða verkjalyf.

Við leggjum því til að þeir sem stunda nám til að verða almennir kennarar, leikskólakennarar eða íþróttakennarar fái kennslu sem tryggja ákveðna lágmarksþekkingu á helstu sjúkdómum og fötlunum sem búast má við að nemendur þeirra geti haft. Hér er aðeins verið að tala um lauslega umfjöllun á þessu sviði, sem ætti ekki að þurfa að vera mjög tímafrek. Við teljum að þetta eigi að vera skyldunámskeið. Jafnframt teljum við þetta þurfi að vera sérstakt námskeið fyrir ofangreinda nemendur, þ.e. að þeir eigi hvað þetta varðar ekki samleið með verðandi þroskaþjálfum, þar sem þroskaþjálfanemar þarfnist mun ítarlegri kennslu á þessu sviði.

Við bendum á að þetta námskeið myndi hafa þá sérstöðu að vera ekki ætlað að miðla þekkingu til verðandi kennara til að nota síðar í kennslu, heldur til að bæta samskipti kennarans og nemenda hans. Námskeiði 20.03.53.936, Nemendur með sérþarfir (1 ein.) í Kennaraháskólanum, er hugsanlega ætlað að mæta þessari þörf að einhverju leyti, en þar virðist þó vera lögð áhersla á varanlega fötlun, fremur en tímabundin frávik. Ofangreinda þörf fyrir sérstaka umfjöllun í heilbrigðisgreinum, sem við bendum hér á, mætti uppfylla annað hvort með sérstöku námskeiði eða með því að útvíkka þetta námskeið og opna það fyrir verðandi leikskólakennara og íþróttakennara.

### **Niðurstaða:**

Þroskaþjálfari þarf í starfi sínu m.a. að sinna einstaklingum með líffræðileg frávik og vinna þar í náinni samvinnu við heilbrigðisstéttir. Vinnuhópurinn álitur því að sérstaða starfa þroskaþjálfara kalli á talsverða þekkingu þeirra í heilbrigðisgreinum og að síst megi draga þar úr kennslu. Nánara mat á innihaldi þessara greina er of tímafrekt til að tímarammi sá sem vinnuhópnum var gefinn nægi og verður því að bíða betri tíma. Við teljum nauðsynlegt að verðandi leikskólakennarar, grunnskólakennarar og íþróttakennarar fái í sínu grunnnámi ákveðna kennslu varðandi helstu sjúkdóma og fatlanir sem búast má við að nemendur geti haft til þess að mæta þörfum nemenda sinna í skólastarfi.

### **Gögn sem vinnuhópurinn hefur stuðst við:**

- Námsvísir Þroskaþjálfaskóla Íslands.
- Kennsluskrá fyrir almennt kennaranám, frá Kennaraháskóla Íslands.
- Hluti af námsvísi frá Fósturskóla Íslands.
- Hluti af kennsluskrá frá Íþróttakennaraskóla Íslands.

- Reglugerð nr. 215 Um störf, starfsvettvang og starfshætti  
Þroskaþjálfra, útgefin af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu  
þann 18. maí 1987.
- Stefnuyfirlýsing Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra (1993).

Reykjavík, 28. maí 1997

Ásta B. Þorsteinsdóttir  
hjúkrunarfræðingur

Ástríður Stefánsdóttir  
læknir

Sigurður Thorlacius  
læknir

Sólveig Steinsson  
þroskaþjálfari

# Greinargerð vinnuhóps um kennslufræði og verkáætlanir

9.5. 1997

## Greinargerð vinnuhóps um kennslufræði og verkáætlanir í nýjum Kennara- og uppeldisháskóla

Með bréfi dagsettu 11. apríl 1997 voru eftirtaldir skipaðir í vinnuhóp um kennslufræði og verkáætlanir í nýjum Kennara- og uppeldisháskóla:

Ingvar Sigurgeirsson dósent við Kennaraháskóla Íslands.

Karl Jeppesen kennslufræðingur sem kennt hefur almenna kennslufræði við Íþróttakennaraskóla Íslands undanfarin ár.

Sigríður Stefánsdóttir verknámskennari í Fósturskóla Íslands.

Vilborg Jóhannsdóttir kennari og umsjónarmaður starfsþjálfunar við Þroskaþjálfaskóla Íslands

Verkefni hópsins var að bera saman það sem gert er á sviði kennslufræði og verkáætlana í skólunum fjórum og meta að hve miklu leyti um samþærilegt efni væri að ræða. Á grundvelli þessa mats var talið æskilegt að fá tillögu hópsins um umfang efnisins og hvar á námstímanum því væri best fyrir komið.

Mikilvægt er að hafa í huga að skilningur á hugtakinu kennslufræði getur verið mjög mismunandi í skólunum fjórum. Hópurinn kom sér saman um að miða við þá skilgreiningu að kennslufræði væru fræðin um undirbúning, framkvæmd og mat á kennslu og uppeldisstarfi. Þessir þættir fléttast með ýmsum hætti inn í námskeið í skólunum fjórum.

Á eftirfarandi töflu er yfirlit um þau námskeið sem helst virðast tengjast kennslufræði og undirbúningi vettvangsnáms.

	Fósturskólinn	Íþróttakennaraskólinn	Kennaraháskólinn	Þroskaþjálfaskólinn
1. misseri	Leikskólafræði 2,5e  Listgrein (myndíð) 2e  Atferlisathuganir 1e.	Kennslufræði skólaípróttta 1e  Æfingakennsla I 0,25e  Dans 1e  Rytmik, tón- fræði og skapandi hreyfing 1e	Tölvu- og upplýsingatækni 1e  Umhverfismennt 2e	Leikræn tjáning 1e

2. misseri	Barnateikningar 1e  Leikskólafræði 2e  Vettvangsnám 6e  Náttúrufræði 1e	Æfingakennsla II 1e  Útivist og ratleikir 0,5e  Æfingakennsla III 0,75e (sumarstarf)	Náms- og kennslufræði 3e  Valnámskeið í náms- og kennslufræði 1e  Nemendur með sérþarfir 1e  Stærðfræði 3e (1,5e er helguð stærðfræðinámi)  Mælt mál 2e  Listmenning og skólastarf 2e  Vettvangsnám 3e	Skapandi starf I 3e  Vettvangsnám 1e  Proskaleikur 2e
3. misseri	Leikskólafræði 1e  Náttúrufræði 2e  Listgreinar 4e (tónmennt 2e, leikræn tjáning / framsögn 1e, leikur og listir 1e (brúðuleikhús))  Vettvangsnám 4e	Kennslufræði I 1e  Kennslufræði II 2e  Æfingakennsla IV 1e  Valnám 2e (hluti tengist uppeldisgreinum)	Námskrá og námsefnisgerð 2e  Tölvu- og upplýsingatækni 1e  Aðerðafraði, tölfraði og námsmat 2e  Listmenning og skólastarf II	Skapandi starf I frh. 3e  Leikræn tjáning 1e  Kennslufræði þroskajálfunar 3e  Þroskajálfun alvarlegra fatlana 3e
4. misseri	Íslenska og barnabókmenntir 3e. (áhersla á að segja sögur og fara með texta)  Listgreinar 6e (tónlist og hreyfing 3e, myndið 2e, leikræn tjáning og framsögn 1e)  Vettvangsnám 2e	Ritgerð 1,5e  Æfingakennsla V 2,5e  Valnám 3e	Nám ungra barna 3e  Kennsla ungra barna 3e  Vettvangsnám 3e	Skapandi starf II 2e  Kennslufræði þroskajálfunar frh. og vettvangsnám 7e  Líkamsþjálfun 2e

5. misseri	Leikskólafræði 1e Atferlisathuganir 1e Valgrein 2e (ýmis viðfangsefni, m.a. barnabókmenntir, listgreinar, upplýsingaöflun, ritgerðir) Heimspeki 1e (áhersla á samræður með börnum) Vettvangsnám 1e (nemendur heimsækja grunnskólana)		Unglingsárin 2e Íslenska 2e Vettvangsnám 6e	Skapandi starf III 1e Kennslufræði þroskaþjálfunar 4e Valritgerð 3e (getur tengst kennslufræðilegu m viðfangsefnum)
6. misseri	Valgrein 4e (framhald af 5. misseri) Stjórnun 3e Vettvangsnám 5e Lokaritgerð 3e (getur t.d. tengst leikskólafræði, tónlistaruppeldi og hreyfingu)		Kennarastarfið 1e Val: Kennslufræði greina 2e Vettvangsnám 1e	Kennslufræði þroskaþjálfunar / vettvangsnám 9e Hagnýt stjórnun 2e

Auk þeirra námskeiða sem hér eru talin úr Kennaraháskólanum kemur kennslufræði beint eða óbeint inn í þær valgreinar sem þar eru kenndar. Eins er rétt að leggja áherslu á að þessi viðfangsefni geta verið á dagskrá í ýmsum fleiri námskeiðum en hér eru talin. Sem dæmi má nefna að í Íþróttakennaraskólanum fléttast kennslufræði inn í kennslu um hinar ýmsu íþróttagreinar. Sem dæmi úr Þroskaþjálfaskólanum má taka námskeiðin Uppeldi (5e) og Fötlun (6e) þar sem fjallað er um ýmis viðfangsefni sem gæti tengst kennslufræði.

Undirbúningur vettvangsnáms (kallað verkáætlanir í starfslýsingu vinnuhópsins) tengist yfirleitt ákveðnum námskeiðum, t.d. leikskólafræði í Fósturskólanum, kennslufræði þroskaþjálfunar í Þroskaþjálfaskólanum og hlýtur að vera gert ráð fyrir því að svo verði áfram.

Yfirlitið sýnir að í skólunum fjórum eru fjölmörg námskeið sem gætu nýst öllum nemendum hins nýja skóla. Augljóst er t.d. að kjarninn í kennslufræðimenntun almennra kennara og íþróttakennara getur verið hinn sami, uns að sérhæfingu kemur. Eins virðast margir þættir í



kennslufræðimenntun þroskaþjálfra og leikskólakennara geta verið sameiginlegir.

Þá má hugsa sér að búa til almennan kennslufræðigrunn sem gæti verið sameiginlegur öllum nemendum. Í þessum kjarna væri fjallað um eftirfarandi þætti:

Almenn kennslufræði  
Námssálarfræði  
Samskipti  
Námskráfræði og námsefnisgerð  
Kennslutækni  
Tölvu- og upplýsingatækni  
Tjáning, mælt mál, framsögn  
Leikræn tjáning  
Sérþarfir.

Jafnframt er vert að benda á að eins og kemur fram í yfirlitinu er kennslufræði einnig tengd námskeiðum um listgreinar og skapandi starf, náttúrufræði og umhverfismennt. Vel má hugsa sér að þessi námskeið verði að einhverju leyti sameiginleg í hinum nýja skóla.

Við útfærslu mætti hugsa sér t.d. að fyrsta misserið væri sameiginlegt öllum nemendum. Annað misserið yrði tvískipt þannig að verðandi leikskólakennarar og þroskaþjálfar sæktu sameiginleg námskeið og hins vegar nemendur í almennu kennaranámi og nemendur á íþróttabraut. Þriðja misserið gæti síðan verið þrískipt þannig að leikskólakennarar hæfu þá sitt sérhæfða nám og þroskaþjálfar sömuleiðis. Nemendur í almennu kennaranámi og nemendur á íþróttakennarabraut yrðu saman þangað til á 4. misseri. Eins er hægt að hugsa sér sameiginleg kjarnanámskeið á hverju misseri. Hvað kennslufræði snertir koma þessir kostir báðir til greina.

Rétt er að minna á að meginvandinn við samræmingu þessara atriða gæti verið fólgin í því að við það týndist sú sterka starfsmiðun sem áhersla hefur verið lögð á í öllum skólunum.

Hópurinn vekur sérstaka athygli á því að auk þeirra viðfangsefna sem fallið gætu undir kjarna er einsýnt að flest námskeiðin í yfirlitinu gætu hentað sem valnámskeið fyrir nemendum á öðrum námsbrautum þar sem hægt er að koma slíku við.

Að endingu skal þess getið að í hópnum urðu umræður um möguleika á að efna til sameiginlegs námskeiðs, snemma í náminu um eðli og einkenni kennslu- og uppeldisstarfa, samskipti stéttanna, fagmennskuhugtakið, gæðamat, lög, reglugerðir og siðareglur.

# Greinargerð vinnuhóps um námsmat og próf

## Tilgangur og form

Námsmat er óaðskiljanlegur hluti af náms- og kennsluferli. Það hefur tvennan megingilgang: annars vegar að gefa kennurum og nemum tækifæri til að móta og bæta nám og kennslu; hins vegar að veita upplýsingar um árangur kennslu og námsgengi nema. Í *námi uppeldisstétta* skal stefnt að því að *nemar* hljóti sem fjölbreytilegasta reynslu af mismunandi matsaðferðum. Því er eðlilegt að beitt sé margvíslegum aðferðum við námsmat og bryddað upp á nýmælum. Samræmis skal þó ætíð gætt milli umfangs, viðfangsefna, markmiða og námsmats í hverju námskeiði.

Námsmat skal örva nema til frekara náms, aðstoða þá við námið og hvetja til sjálfsmats. Beina skal athygli nema að þeim þáttum námsins sem þeir þurfa að leggja sérstaka áherslu á svo að þeim verði lokið með fullnægjandi árangri. Jafnframt er mikilvægt að beina athygli að þeim þáttum námsins sem *nemar* sýna góð tök á og hvernig bæta megi um betur. Hvetja skal nema til sjálfsmats þannig að þeir verði síðar færir um að meta eigin frammistöðu.

Námsmat getur byggt á skriflegum eða munnlegum prófum, ritgerðum og smærri eða stærri verkefnum, skriflegum, munnlegum eða verklegum.

Námsmat í vettvangsnámi skal verða í höndum *þeirra sérhæfðu starfsmanna sem taka við nemum á vettvangi* og starfsmanna *Kennara- og uppeldisháskólans*. Nauðsynlegt er að í vettvangsnámi komi sem fyrst fram þau atriði sem ábótavant er og aðstoða þarf nema sérstaklega við.

## Skólasókn

Ekki er sóknarskylda í námskeiðum nema slíkt sé tekið fram í kennsluskrá. Ef mat á starfi í kennslustundum er hluti af námsmati má gera kröfu um allt að 80% sóknarskyldu í þær kennslustundir sem slíkt mat nær til. Í vettvangsnámi er ætíð gert ráð fyrir minnst 80% sóknarskyldu.

Námskeið sem hefur 80% sóknarskyldu telst að öllu jöfnu ólokið ef skólasókn er undir lágmarki. Verður nemi þá að skrá sig aftur í námskeiðið ef hann ætlar að ljúka því síðar.

## **Einkunnir**

Í *Kennara- og uppeldisháskóla Íslands* eru yfirleitt gefnar talnaeinkunnir og skal gefa í heilum og hálfum tölum frá 0 - 10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum *Lokið/ólakið*. Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunn 5.

Í námskeiðum þar sem námsmati er skipt á milli prófa og verkefna þarf lágmarkseinkunn 5 í hvoru tveggja. Í námskeiðum sem skipulögð eru í sjálfstæðum þáttum er heimilt að gera kröfu um að nemar standist lágmarkseinkunn í hverjum þætti fyrir sig og skal það þá tekið fram í viðkomandi kennsluskrá.

## **Vitnisburður**

Námsmat miðast ýmist við leiðsögn eða upplýsingar um árangur nema. Í báðum tilvikum er mikilvægt að vitnisburður sé skýr og marktækur fyrir þá sem hlut eiga að máli. Erfitt er að koma fjölþættum upplýsingum á framfæri með einföldum táknum eins og tölustöfum eða bókstöfum. Því skal það vera meginregla að munnleg eða skrifleg umsögn fylgi með. Að öðrum kosti skal veita nemum upplýsingar um hvaða viðmiðun kennarar hafa þegar gefið er í tölum.

## **Prófdómarar**

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs, þar á meðal B.Ed.-ritgerð, skal vera einn prófdómari utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemi á rétt til þess að fá útskýringar á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, annað hvort með prófsýningu eða ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji neminn þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til kennslustjóra sem getur skipað prófdómara. Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstökum námsþáttum, telji hann til þess sérstaka ástæðu. Þegar prófdómari metur úrlausn ásamt kennara gildir einfalt meðalgildi beggja einkunna sem lokaeinkunn.

## **Próf - verkefni**

Þegar nemi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í lokapróf í viðkomandi námskeiði þar sem slíkt á við eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef þannig er háttað námsmati.

Til að fá leyfi til að þreyta sjúkrapróf á sama próftímabili skal nemi skila gildu læknisvottorði innan þriggja daga frá prófdegi sem sýnir að hann hafi ekki getað mætt í auglýst próf vegna veikinda.

Nú stenst nemi ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll. Er honum þá heimilt að þreyta það einu sinni að nýju. Nemi getur skráð sig úr prófi án þess að skrá sig úr námskeiði. Slíkt er hægt að gera með allt að fimm daga fyrirvara. Nemi sem skráir sig úr prófi á þennan hátt, þarf að skrá sig aftur í próf eins og um endurtökupróf væri að ræða.

Nemi verður að ljúka endurtökuprófi eða verkefni áður en kennsla hefst að nýju í viðkomandi námskeiði, að öðrum kosti verður hann að skrá sig aftur í námskeiðið.

Nemi sem stenst ekki endurtökupróf hefur rétt til að skrá sig að nýju í viðkomandi eða sambærilegt námskeið samkvæmt gildandi kennsluskrá og hefur þá rétt til að ganga öðru sinni undir próf og endurtökupróf. Standist hann þá ekki próf telst hann ekki lengur nemi við skólann. *Deildarráð / skólaráð* getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Nemi sem lokið hefur prófi í tilteknu námskeiði með fullnægjandi árangri en kys að þreyta prófið að nýju, hefur rétt til að endurtaka prófið næst þegar það er haldið. Skal þá gilda sú einkunn sem hann fær í seinna skiptið.

Sambærileg ákvæði gilda um önnur matsform en próf. Í kennsluskrá skal birta nákvæmar reglur um skráningu í próf, þar með talin endurtöku- og sjúkrapróf, svo og um önnur atriði sem varða framgang nema í námi.

### **Skráning einkunna**

Umsjónarmenn námskeiða þurfa að skila námsmati fyrir hvert námskeið til skráningarskrifstofu skólans á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en þremur vinnuvikum eftir að próf er haldið eða verkefni skilað. Ef námsmat í einstökum námskeiðum er byggt á tveimur eða fleiri þáttum þurfa umsjónarmenn að reikna út lokaeinkunn og færa hana á umrætt eyðublað. Ef nemi hefur ekki lokið einhverjum námsþáttum, og þar með ekki námskeiðinu í heild, skal það merkt í einkunnadálkinn. Umsjónarmaður gerir grein fyrir lokaeinkunn þegar hún liggur fyrir.

Merkja skal prófurlausnir og öll verkefni sem nemar skila kennurum með númeri viðkomandi nema. Prófurlausnir nemenda og stærri verkefni, sem metin eru til einkunna, eru geymd í skólanum meðan nemi er skráður við nám. Með samþykki kennslustjóra er umsjónarmanni námskeiðs þó heimilt að afhenda nemum úrlausnir sínar að loknu endanlegu mati á þeim.

Farið er með einkunnir sem trúnaðarmál. Skrifstofa skólans sendir hverjum nema yfirlit yfir stöðu hans í náminu eigi síðar en fimm vikum eftir að prófum lýkur við lok hvers misseris. Einkunnir eru ekki gefnar upp í síma.

## **Brautskráning**

Brautskráning fram þrisvar á hverju ári. Opinber brautskráning fer þó aðeins fram í júní. Við brautskráningu fær nemi afhenta viðurkenningu fyrir að hafa lokið námi með fullnægjandi árangri ásamt yfirliti um námsárangur.

Elsa Sigríður Jónsdóttir

Erla Kristjánsdóttir

Guðbjörg Daníelsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir

Fósturskóla Íslands

Kennaraháskóla Íslands

Íþróttakennaraskóla Íslands

Þroskaþjálfaskóla Íslands

# Greinargerð vinnuhóps um siðfræði

## Inngangur

Vinnuhópur um siðfræði í Kennara- og uppeldisháskóla var skipaður skv. bréfi dags. 11. apríl sl. Hann skipuðu Ástríður Stefánsdóttir fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands, Gunnar J. Gunnarsson fyrir Kennaraháskóla Íslands, Ingimar Jónsson fyrir Íþróttakennaraskóla Íslands, en hann kom í stað Guðbjargar Daníelsdóttur, og Sigurður Björnsson fyrir Fósturskóla Íslands.

Hópurinn fékk það verkefni að bera saman það sem gert er á viðkomandi sviði í Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Í skipunarbréfi hópsins segir: “Verkefni hópsins er að bera saman og meta að hve miklu leyti um sambærilegt efni er að ræða. Á grundvelli þess mats er æskilegt að fá tillögu hópsins um umfang efnisins og hvar á námstímanum því væri best fyrir komið.”

Með bréfi, dags. 18. apríl sl., var hópnum falið það viðbótarverkefni að taka til skoðunar faglegar kröfur til nemenda, kennsluhætti, lesefni og annað sem einkenna ber kennslu á háskólastigi. Þess skal getið að hópurinn var sammála um að fjalla ekki um þetta viðbótarerindi þar sem hann taldi það fremur eiga heima í kennsluskra og vera útfærsluatriði á ábyrgð umsjónarmanna námskeiða.

Hér á eftir fer greinargerð hópsins. Fyrst er stutt lýsing á því sem gert er á sviði siðfræði og heimspeki í skólunum fjórum. Síðan er það borið saman og loks settar fram tillögur um framtíðarskipan sviðsins í sameinuðum Kennara- og uppeldisháskóla.

## Siðfræði við Fósturskólann

Heimspekikennsla hefur verið eflað í Fósturskólanum sl. tvö ár. Áherslan hefur verið á þekkingarfræði, siðfræði og heimspekilegri samræðu. Í þekkingarfræði hefur verið hugað að grundvallarhugtökum fræðilegrar hugsunar. Í siðfræði er fjallað um helstu kenningar siðfræðinga og hugað sérstaklega að mikilvægum hugtökum varðandi uppeldi og mannleg samskipti, s.s. ást, kærleika, fordóma, frelsi, aga o.s.frv. Heimspekileg samræða hefur verið skoðuð sem leið til að efla gagnrýna og skapandi hugsun og jafnframt hefur verið fjallað um siðferðilegt uppeldisgildi heimspekilegrar samræðu.

Í nýrri námskra Fósturskólans eru eftirfarandi heimspekinámskeið:

Þekkingarfræði (1 ein.). Námskeiðið er kennt á 1. námsári. Fjallað er um grundvallarhugtök fræðilegrar hugsunar og forsetningar vísindakenninga. Ýmis hugtök eru tekin til umfjöllunar s.s. afleiðsla, tilleiðsla, þversagnir, hughyggja, efnishyggja, veraldarhyggja, efahyggja, blekkingar, frelsi o.s.frv.

Menntun og uppeldi (1 ein.). Fjallað er um gagnrýna og skapandi hugsun. Sérstaklega er hugað að því hvernig mögulegt er að efla slíka hugsun hjá börnum.

Heimspæki með börnum (1 ein.). Námskeiðið er kennt á 3. námsári. Fjallað er um kenningu Matthew Lipmans um uppeldislegt gildi heimspækilegrar samræðu. Á námskeiðinu er eðli hinnar heimspækilegu samræðu skoðað frá mörgum sjónarhornum. Einnig fá nemendur þjálfun í að leiða heimspækilega samræðu með börnum.

Námskeiðin eru öll sambland af fyrirlestrum og samræðum.

### **Siðfræði við Íþróttakennaraskólann**

Við Íþróttakennarskóla Íslands hefur siðfræði ekki verið kennd á sérstöku námskeiði. Hins vegar hefur verið fjallað um siðfræðilega þætti eða siðfræðileg vandamál á nokkrum námskeiðum. Á námskeiði í þroskasálfræði er t.d. fjallað um félagsþroska, siðgæðisþroska og hegðun. Á námskeiði í námssálarfræði er fjallað um agavandamál. Í íþróttasálarfræði er komið inn á ofbeldi í íþróttum. Í kennslufræði er fjallað um samskipti kennara og nemenda, agamál, samskipti íþróttakennara við aðra kennara o.fl. Á námskeiðum í íþróttagreinum og íþróttakennslu eru markmið íþróttakennslu, þ.m.t. örvun félags- og siðgæðisþroska, ofarlega á baugi. Í erlendum fræðiritum (námsbókum) er fjallað um siðfræði í íþróttum.

Í menntun íþróttakennara og þjálfara er þörf á því að auka þátt siðfræðinnar. Er þá bæði átt við fræðslu um almenna siðfræði og síðan íþróttasiðfræði. Aukin áhersla hefur á undanförunum árum verið lögð á siðfræði (hegðun) í íþróttum. Alþjóðasamtök hafa t.d. séð ástæðu til að hvetja íþróttasamtök og stofnanir til þess að sinna þessum þæti betur en gert hefur verið. Í þessu sambandi má benda á íþróttasiðalögmál Evrópuráðsins (The Code of Ethics for Sports) sem sett voru fram fyrir nokkrum árum. Í þeim er áhersla lögð á heiðarleika í íþróttum. Ríkisstjórnnum þeirra landa sem að Evrópuráðinu standa er meðal annars gert að skyldu að hvetja íþróttakennara til að gera heiðarleika að meginþætti í kennslu og þjálfun. Einnig má benda á að íþróttasamtök eins og Knattspyrnusamband Íslands hafa á undanförunum árum staðið fyrir eins konar “Fair play“ áróðri eða herferð meðal barna og unglinga.

## **Siðfræði við Kennaraháskólann**

Í kjarna kennaranámsins í KHÍ er einnar einingar námskeið í siðfræði á fimmta misseri (3. námsári). Námskeiðið er samtals 20 kennslustundir í staðbundnu námi, sem skiptast jafnt í fyrirlestra og umræðutíma. Í fjarnámi eru 4-5 fyrirlestratímar en síðan stunda nemendur sjálfsnám undir handleiðslu kennara. Eins og sjá má er um að ræða mjög lítið námskeið og því takmarkað svigrúm til að kafa í viðfangsefnið.

Markmiði námskeiðsins er lýst þannig:

Nemendur fá tækifæri til að athuga og ræða siðferðileg viðfangsefni frá mismunandi sjónarhornum. Þeir þjálfist í að greina siðræn vandamál eða álitamál, forsendur ólíkra sjónarmiða og röksemdafærslu fyrir þeim og öðlist færni í að taka þátt í siðfræðilegri umræðu af rökfestu, ábyrgð og umburðarlyndi.

Í námskeiðinu er leitast við að gefa nemendum innsýn í viðfangsefni siðfræðinnar ásamt yfirliti um helstu hugmyndir og kenningar úr sögu hennar. Þá er sérstaklega tekin til skoðunar siðfræði kennarastarfsins og hugað að skyldum og ábyrgð starfstéttarinnar. Ennfremur er rætt um siðferðileg álitamál tengd uppeldis- og kennslustarfi og miðlun gilda í skólastarfi. Námssefni er úr ýmsum áttum, bókarkaflar og greinar eftir ýmsa höfunda.

Nemendur vinna verkefni í námskeiðinu þar sem tekin eru til umfjöllunar tiltekin siðferðileg álitamál tengd kennslu og skólastarfi og liggja þau til grundvallar námsmati ásamt þátttöku í umræðutímum.

Þessu til viðbótar tengist heimspeki og siðfræði að einhverju marki ýmsum námskeiðum bæði í kjarna kennaranámsins og á kjörsviðum.

## **Siðfræði við Þroskapjálfskóla Íslands.**

Námskeiðið er þrjár einingar og skiptist í 30 fyrirlestra og 15 umræðutíma. Það er kennt á þriðja og jafnframt síðasta námsári.

Markmiðið með námskeiðinu er að nemandinn öðlist þekkingu í siðfræði og viðfangsefnum hennar. Einnig að hann þjálfist í að takast á við og ræða siðferðileg álitamál og kynnist þar með þeirri hugmyndafræði sem helst hefur mótað viðhorf og gildismat á Vesturlöndum.

Í námskeiðinu eru raktar helstu kenningar siðfræðinnar frá hugmyndum forn-grísku heimspekinganna til okkar daga. Auk þess er sérstaklega fjallað um mikilvæg hugtök innan siðfræðinnar s.s. réttlæti, sjálfræði og forræði. Fjallað er um þau siðferðilegu vandamál sem kunna að rísa þegar



taka þarf ákvarðanir fyrir aðra manneskju, siðfræði rannsókna á fólki og ábyrgð og skyldur starfsmanns í starfi.

Kennslan fer fram í fyrirlestrum en auk þess eru í umræðutímum tekin fyrir ákveðin siðferðileg vandamál sem rædd eru í hópum og sameiginlega. Umræðutímarnir eru einnig notaðir til að ræða viðfangsefni sem eru í opinberri umræðu og snerta efni námskeiðs, má þar nefna breytingar á mannréttindakafli stjórnarskrárinnar og frumvarp til laga um réttindi sjúklunga. Námsmat byggist á skriflegu prófi, ritskýringu og frammistöðu og þátttöku í tímum.

### **Samanburður á siðfræðinámskeiðunum**

Samanburður á stöðu siðfræðinnar í skólunum fjórum leiddi í ljós að áherslur eru líkastar í Kennaraháskólanum og Þroskaþjálfaskólanum. Í þeim skólum er bæði um að ræða nokkra áherslu á þætti úr sögu siðfræðinnar, kenningar og höfunda þeirra, og ennfremur siðfræði starfsstéttanna og siðferðilegar spurningar og álitamál tengd starfi þeirra. Námskeiðið í Þroskaþjálfaskólanum er nokkuð viðameira en í Kennaraháskólanum eða þrjár einingar á móti einni. Í Fósturskólanum er aðaláhersla lögð á þekkingarfræði, siðgæðisuppeldi og heimspekilega samræðu með börnum en minna fjallað um siðfræði starfsstéttarinnar. Um er að ræða þrjú einnar einingar námskeið sem saman eru álíka viðamikil og námskeiðið í Þroskaþjálfaskólanum. Íþróttakennaraskólinn hefur ekkert sjálfstætt námskeið í siðfræði en siðfræðilegar áherslur koma fyrir í einstaka námskeiðum þar sem m.a. er fjallað um íþróttir og siðferði, aga, samskipti og heiðarleika.

### **Framtíðarsýn og tillögur**

Hópurinn er sammála um að í sameinuðum Kennara- og uppeldisháskóla þurfi bæði að huga að sameiginlegu grunnnámskeiði í siðfræði, aðferðafræði heimspeki og þekkingafræði en um leið að tryggja að fjölbreytnin sem er fyrir hendi í skólunum fjórum tapist ekki.

Sameiginlega námskeiðið ætti að innihalda þætti úr sögu siðfræðinnar, grundvallaratriði í þekkingarfræði og aðferðafræði heimspekinnar s.s. greiningu hugtaka og raka og þjálfun í röksemdafærslu og heimspekilegri samræðu. Slíkt námskeið getur vart orðið minna en tvær einingar og á eðlilega heima í fyrri hluta náms.

Fjölbreytnina og sérhæfinguna yrði síðan að tryggja með viðbótarnámskeiðum í siðfræði viðkomandi starfsstétta, þar sem fjallað er um réttindi og skyldur, og tekin yrðu til umræðu siðferðileg álitamál og spurningar sem tengjast starfi og viðfangsefnum viðkomandi stétta. Hér er

ekki verið að tala um valnámskeið heldur skyldunámskeið á einstökum námsbrautum sem eiga heima í síðari hluta náms. Að auki verður að reikna með að siðfræðiumræðan komi inn í ýmis önnur námskeið eða tengist viðfangsefnum þeirra. Útfærsla getur verið mismunandi eftir námsbrautum. Sem dæmi um námskeið má nefna siðfræði kennarastarfs, leikskólakennarastarfs og þroskaþjálfna, siðfræði íþrótta, heimspekileg samræða með börnum og siðgæðisuppeldi.

Þessu til viðbótar mætti hugsa sér valnámskeið þar sem nemendur geta byggt ofan á fyrri námskeið og mikilvægt er að tryggja svigrúm nemenda til þess að ræða námi sínu saman sjálfir að hluta til.

## **Lokaaorð**

Eins og sjá má er bæði um að ræða sameiginlega þætti í siðfræðikennslu í skólunum fjórum og einnig sérstæða. Tillaga vinnuhópsins mótast nokkuð af því. Sameiginlegt eða sambærilegt grunnnámskeið er rökrétt leið varðandi þá þætti sem eru sameiginlegir og eiga erindi inn í starfsmenntun allra séttanna. Viðbótarnámskeið, tengd einstökum námsbrautum, eru mikilvæg vegna sérhæfingar. Valnámskeið gefa síðan tækifæri til frekari dýpkunar á sviðinu. Það er því tillaga nefndarinnar að í námskrá nýs Kennara- og uppeldisháskóla verði um allt þetta þrennt að ræða, þ.e. sameiginlegt grunnnámskeið, sérhæfð viðbótarnámskeið og valnámskeið.

Reykjavík, 2. júní 1997

Ástríður Stefánsdóttir  
Gunnar J. Gunnarsson  
Ingimar Jónsson  
Sigurður Björnsson

# Greinargerð vinnuhóps um skipan náms íþróttakennara

## Inngangur

Vinnuhópur um skipan náms fyrir íþróttakennara í væntanlegum Kennara- og uppeldisháskóla var skipaður samkvæmt bréfi dags. 12. maí 1997. Hann skipuðu Ingimar Jónsson fyrir Íþróttakennaraskóla Íslands, Rúnar Sigríksson fyrir Íþróttakennarafélag Íslands, Þórdís Gísladóttir\* fyrir skólanefnd Íþróttakennaraskóla Íslands og Þórey Guðmundsdóttir fyrir Kennaraháskóla Íslands.

Í áðurnefndu bréfi segir að verkefni vinnuhópsins skuli vera að “móta tillögur um skipan náms fyrir íþróttakennara og skiptingu þess á meginsvið. Þá er einnig æskilegt að fram komi ábendingar um hugsanleg sérsvið í námi þeirra.”

Vinnuhópurinn var skipaður í framhaldi af fundi um menntun íþróttakennara sem haldinn var á Laugarvatni þann 7. maí sl. og til þess ætlast að hann ynni úr þeim hugmyndum sem fram komu á þeim fundi. Þetta gerði hópurinn og telur sig leggja fram tillögur í samræmi við það sem fram kom á fundinum.

Greinargerð hópsins fer hér á eftir. Í henni eru settar fram hugmyndir hans um íþróttadeild Kennara- og uppeldisháskóla Íslands og þær námsbrautir sem deildin gæti boðið upp á. Gerð er grein fyrir tilhögun náms á hverri námsbraut og síðan sett fram 6 skipurit til glöggvunar. Skipuritinn voru gerð af Rúnari Sigríkssyni.

## Um íþróttadeild Kennara- og uppeldisháskóla Íslands - skipurit 1

Vinnuhópurinn gerir ráð fyrir því að sérstök íþróttadeild starfi innan Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Jafnframt að hlutverk þessarar deildar verði margþætt. Ekki þótti hópnum ástæða til þess nú að setja fram hugmyndir um stjórn deildarinnar eða önnur verkefni sem hún kemur væntanlega til með að sinna (t.d. rannsóknir, fjarkennsla o.s.frv.). Hvað námstilboð varðar er það tillaga hópsins að stefnt verði að því að deildin geti boðið upp á nám á a.m.k. fjórum námsbrautum. Þessar brautir eru:

- íþróttakennarabraut
- þjálfarabraut
- heilsu- og líkamsræktarbraut
- stjórnunarbraut

---

\* Þórdís Gísladóttir sat aðeins fyrsta fund vinnuhópsins þann 28. maí. Stuttu eftir hann hélt hún til útlanda og gat því ekki starfað áfram með hópnum.


Á skipuriti 1 má sjá tillögu hópsins um námsbrautir íþróttadeildar háskólans. Hópurinn gerir ráð fyrir því að námsbrautum verði fjölgað er fram líða stundir.

Gert er ráð fyrir að nemendur á öllum brautum fari í gegnum grunnám í upphafi. Grunnámið er hugsað sem 30 eininga nám. Í því eiga nemendur að fá sama eða svipaðan undirbúning fyrir nám á þeirri námsbraut sem þeir koma til með að velja sér.

Skipuritið gerir ráð fyrir að nám á íþróttakennarabraut taki þrjú ár en verði síðar lengt í fjögur ár þegar annað kennaranám verður lengt eins og stefnt er að. Nám á öðrum brautum miðast hins vegar við tvö ár (30 eininga grunnám og 30 eininga sérnám).

Vakin skal athygli á að vinnuhópurinn telur að tilhögun námsins á einstökum brautum eigi að vera með þeim hætti að nemendur komi til með að eiga kost á því að skipta um námsbrautir ef þeir æskja þess, t.d. að nemandi sem hefur lokið námi á þjálfarabraut geti bætt við sig námi á íþróttakennarabraut og útskrifast sem íþróttakennari o.s.frv. Jafnframt gerir hópurinn ráð fyrir að þau námskeið sem í boði verða á hinum mismunandi námsbrautum standi starfandi íþróttakennurum opin.


Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir grunnáminu og hverri námsbraut fyrir sig. Tekið skal skýrt fram að vinnuhópurinn gerir sér fulla grein fyrir því að tillögur hans varðandi einstakar námsgreinar eða námskeið verði að athuga nánar.



## Um grunnámið - skipurit 2

Skipurit 2 sýnir hugmyndir vinnuhópsins um tilhögun grunnámsins. Grunnámið er fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám á einhverri námsbraut íþróttadeildar.

Markmið námsins er að veita nemendum góðan og almennan undirbúning fyrir nám á einhverri námsbrautinni sem í boði er. Það skiptist í almennar greinar, uppeldisgreinar, líffræðigreinar, íþróttagreinar og valnámskeið. Almennar greinar eru hér aðeins tvær (íslenska og stærðfræði) en gætu vitanlega verið fleiri. Eitt erlent tungumál kæmi vel til greina. Almennar greinar (sumar a.m.k.) skipast á fleiri námsár. Í uppeldisgreinum eru námskeið sem geta verið sameiginleg fyrir alla nemendur skólans. Gert er ráð fyrir að nám í íþróttagreinum veiti nemendum almenna en víðtæka þekkingu á íþróttum. Valnámskeið í bóklegum eða verklegum greinum (íþróttagreinum) bjóða nemendum upp á að auka þekkingu sína á sérstökum sviðum og gefa þeim kost á að velja sér námskeið sem þeir telja að þeir geti haft gagn af í náminu síðar meir. Sjálfsagt þykir að nemendur eigi einnig kost á því að velja námskeið annarra deilda en íþróttadeildar.




## Um íþróttakennarabraut - skipurit 3

Nám á íþróttakennarabraut skal veita m.a. kennsluréttindi í skólum landsins. Vinnuhópurinn setur fram tillögu um nám sem svipar mjög til þess náms sem boðið hefur verið upp á við Íþróttakennaraskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands (íþróttaval) undanfarin ár. Helstu viðbætur eru nám í almennum greinum (íslenska, stærðfræði) og námskeið sem ekki

hafa verið kennd við ÍKÍ en snerta kennarastarfið. Að öðru leyti eru námsgreinar nánast þær sömu.

Vegna lengingar námsins (nám við ÍKÍ er um 62 einingar) í þrjú eða jafnvel fjögur ár býðst tækifæri til að auka við námið í einstökum námsgreinum eða bæta námsgreinum við. Við ÍKÍ og KHÍ hefur verið talin þörf á slíku.



#### Þjálfarabraut - skipurit 4


Það er tillaga hópsins að íþróttadeildin bjóði upp á nám á þjálfarabraut. Markmið námsbrautarinnar verði að mennta þjálfara til starfa á vegum íþróttasamtaka á sviði keppnis- og afreksíþróttar. Ætlast er til að hver nemandi geti sérhæft sig í einni eða jafnvel tveimur íþróttagreinum.

Vinnuhópurinn gerir ráð fyrir 60 eininga námi (grunnám og sérnám) til að byrja með en telur þó að þörf sé jafnvel á lengra námi. Hópurinn bendir á að sérnámið (seinna árið) þurfi ekki endilega að vera samfelld nám heldur geti verið mögulegt að skipta því á tímabil, t.d. með tilliti til aðstæðna (nýta Laugarvatn að sumri til).

Mikil þörf er á slíku námi og má benda á að ÍSÍ hefur samþykkt að hvetja íþróttafélög til þess að ráða eingöngu menntaða þjálfara til starfa.

ÍSÍ og UMFÍ hafa sinnt leiðbeinenda- og þjálfaramenntun um langt skeið. Hjá mörgum sérsamböndum innan ÍSÍ er þessi menntun þó skammt á veg

komin. Við mótun á námi þjálfaraþrautar þarf að hafa náð samráð við íþróttasamtökin.




## Um heilsu- og líkamsræktarbraut - skipurit 5

Í drögum að frumvarpi um Íþróttaháskóla Íslands frá 1992 er gert ráð fyrir heilsuræktar- og forvarnardeild (forvarnir og endurhæfing). Vinnuhópurinn telur að slík námsbraut eigi rétt á sér í íþróttadeild

Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Almenn líkamsrækt hefur aukist verulega á Íslandi á undanförunum áratugum. Víða um landið hafa heilsuræktarstöðvar boðið upp á margvíslega líkamsrækt og víða hafa áhugahópar myndast sem leggja stund á reglubundna líkamsrækt. Íþróttiðkun fatlaðra og aldraðra hefur aukist mjög á undanförunum árum. Þessi þróun hefur skapað þörf fyrir sérhæfða leiðbeinendur og leiðtoga sem geta sinnt og örvað hvers konar líkamsrækt almennings.

Heilsu- og líkamsræktarbrautinni er ætlað að mennta slíka leiðbeinendur sem koma til með að starfa á vegum stofnana og íþróttasamtaka. Þær námsgreinar sem ætlast er til að kenndar verði á brautinni lýsa inntaki námsins.




## Stjórnunarbraut - skipurit 6

Samfara vaxandi íþróttaiðkun í landinu hefur starfsemi ungmennafélaga, íþróttafélaga og stofnana á sviði líkamsræktar og íþróttar aukist verulega. Starfsemi íþróttafélaga, héraðssambanda og sérsambanda í íþróttum hefur á undanförunum árum aukist svo að sjálfboðaliðar rísa ekki lengur undir starfseminni. Því hefur launuðum starfsmönnum innan íþróttahreyfingarinnar farið fjölgandi. Einnig má benda á þá sívaxandi starfsemi (t.d. félagsmiðstöðvar) sem fram fer á vegum íþróttar- og tólmstundaráða sveitarfélaga.

Vinnuhópurinn telur þörf á að til boða standi nám á þessu sviði og leggur því til að komið verði upp námsbraut sem búi nemendur undir að starfa að íþróttar- og æskulýðsmálum, annast rekstur og fjármál ungmenna og íþróttafélaga, skipuleggja íþróttaviðburði og vera í forystuhlutverki í íþróttastarfi.





## Lokaorð

Það er von hópsins að greinargerð hans og tillögur komi að einhverjum notum. Hann gerir sér að sjálfsögðu ljóst að ýmsu hefði mátt gera betri skil. Til þess leggja fram ítarlegri og nákvæmari tillögur hefði hópurinn þurft meiri tíma.

Reykjavík, 9. júní 1997

Ingimar Jónsson

Rúnar Sigríksson

Þórey Guðmundsdóttir

# Greinargerð vinnuhóps um sögu uppeldis og menntunar, íslenska menningu og samfélag

## Skýrsla starfshóps um sögu uppeldis og menntunar & íslenska menningu og samfélag

í kennsluskrám Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands,  
Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands

Einnig vangaveltur um stöðu þessara greina í væntanlegum Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Maí 1997

### 1.0 INNGANGUR

Nú stendur yfir undirbúningur að stofnun Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Frumvarp um skólann liggur fyrir Alþingi og er þar m.a. gert ráð fyrir sameiningu Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands í eina nýja stofnun. Undirbúningsnefnd stýrir verkinu. Með bréfi Ólafs H. Jóhannssonar, starfsmanns nefndarinnar, dagsettu 11. apríl s.l., var skipaður starfshópur til að fjalla um viðfangsefnin **sögu uppeldis og menntunar & íslenska menningu og samfélag** í kennsluskrám skólanna fjögurra.

*“Verkefni hópsins er að bera saman það sem gert er á viðkomandi sviði í hverjum skóla og meta að hve miklu leyti um sambærilegt efni er að ræða. Á grundvelli þess mats er æskilegt að fá tillögu hópsins um umfang efnisins og hvar á námstímanum því væri best fyrir komið.”*

Í hópnum sátu:

Sigurjón Mýrdal, Kennaraháskóla Íslands,  
Gunnlaugur Sigurðsson, Fósturskóla Íslands,  
Ingimar Jónsson, Íþróttakennaraskóla Íslands og  
Þórey Kolbeins, Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Í öðru bréfi Ólafs, dagsettu 18. apríl, var nokkrum verkefnum bætt við:

*“Þessu til viðbótar vill nefndin biðja hópana að taka til skoðunar, faglegar kröfur til nemenda, kennsluhætti (fyrirlestrar, umræðutímar, sjálfstæð viðfangsefni sem nemendum er ætlað að leysa), lesefni, og annað sem einkenna ber kennslu á háskólastigi.”*

Hópurinn hittist tvisvar sinnum og ræddi m.a. námsefni í sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar í áðurnefndum skólum, gildi þessara

greina í menntun uppeldisstétta og hugsanlega skipan greinanna í námskrá hinnar nýju stofnunar. Milli funda söfnuðu þáttakendur efni í þessa skýrslu.

Í skýrslunni er fyrst yfirlit um núverandi námskeið á sviðum sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar. Í lokin er stutt umfjöllun og niðurstaða um verkefni starfshópsins.

## 2.0 NÚVERANDI NÁMSKEIÐ Í SKÓLUNUM FJÓRUM.

### 2.1.1 Um félagsfræði í FÓSTURSKÓLA ÍSLANDS.

Í samantekt Gunnlaugs Sigurðssonar.

*Sú kennsla sem ofanritaður hefur staðið fyrir í félagsfræði í Fósturskóla Íslands hefur helgast af því meginsjónarmiði að færni til starfs leikskólakennara byggist verulega á því að geta sett sig í spor barna, að geta séð heiminn út frá sjónarhóli þeirra.*

*Við lok áttunda ársins í starfi félagsfræðikennara við Fósturskólann er ég orðinn mun sannfærðari um réttmæti þessa sjónarmiðs en ég var í byrjun og þar með tortryggjari á gildi þess einfaldlega að VITA í menntun leikskólakennara. Reynsla mín af starfi kennara í sögu uppeldis og menntunar í skólanum og þau kynni mín af uppeldishugsuðum genginna kynslóða sem því hafa fylgt hefur einnig styrkt þessa sannfæringu. Sama gerir kynni mín af starfi leikskólakennara. Ég hef síðan almennt orðið efins um gagnsemi þessarar tiltölulega alvanalegu beitingar félagsfræði sem námsefni á framhaldsskólastigi sem umfram allt og þrátt fyrir tilburði til annars, m.a. í formi "heimildarritgerða" og þess háttar, hefur einkennst af því nægjusama sjónarmiði að það hafi gildi að vita, og ekki síst að vita það sem aðrir vissu á undan þér!!*

*Auðvitað er rangt að tala um að félagsfræðinni sé "beitt" í þessu sambandi. Það er nákvæmlega það sem ekki gerist, henni er ekki beitt, heldur er búin til úr henni námsgrein á þann hátt að lauslega eru kynntar nokkrar niðurstöður athugana og hugsunar þeirra sem voru á undan þér að athuga viðfangsefnið, samfélagið. Sem námsgrein verður félagsfræðin við þetta kraftlaus enda aðferðin röng frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með tilliti til eiginleika vísindagreinarinnar.*

*Félagsfræði byggir ætíð á því að skapa þekkingu á grundvelli hugsunar og staðreynda um þann veruleika sem er að eiga sér stað. Félagfræðin skilgreinist enda af þeirri sérstöku þekkingu sem henni er eiginlegt að skapa í þessari sérstæðu þrívídd hins "einstaklingsbundna", "félagslega" og "menningarlega", í skilningi félagsfræði. Þegar leidd er í ljós tilvist einstaklings með tilliti til áhrifa gjörða annarra í henni og áhrifa hins mannlega sköpunarverks í henni um leið, þá er að verða til félagsfræðileg þekking.*

Ég held að nemendur geti tekið þátt í slíku félagsfræðilegu sköpunarferli í ríkari mæli en raunin er yfirleitt í dag. Ég held líka að í því felist menntunarmöguleikarnir í félagsfræði sem námsgreinar, að með þessu móti öðlist nemandinn aukna vitsmunalega færni sem ekki fæst með því að birta honum námsefnið sem f.o.f. safn þekkingar. Að mínu mati á félagsfræðin ætíð að birtast nemandanum í ljósi (eða "skugga"!) viðfangsefnis síns, samfélags manna.

Það hefur ótvírætt gildi að vita um Napóleonsstyrjaldirnar, jafnvel að ráma lauslega í einhverjar þeirra, þó ekki væri nema vegna þess að það er gert svolítið með slíkan fróðleik í daglegu lífi okkar. Menntun væri það hins vegar að verða svo vel að sér í Napóleonsstímanum að verða skynbær á "nú tímann" í þeirri fortíð hverju sinni, þ.e. nútíma viðkomandi fortíðar! Í félagsfræði uppeldis hefur sá menntast sem með námi í henni er skynbærari á þá tilveru sem samfélagið skapar barni. Sá hefur afmenntast við nám í félagsfræði uppeldis sem í stað meiri skarpskyggni á þessa félagslegu og menningarlegu vídd hefur lært að nota abstrakt fræðiorð í stað almennra yfir sama þokukennda veruleikann og áður! Slík "afmenntun" er raunveruleg hætta í allri félagsfræðikennslu, svo maður haldi sig nú við það fag sérstaklega.

Til þess að forðast þessa hættu er strangt tekið tvennt mögulegt: Að vekja djúpan skilning á eðli hins fræðilega með strangri fræðilegri og þar með þekkingarfræðilegri hjálfun. Það er erfið leið ein sér og ekki fær nema á æðri menntastigum. Hin er að fá nemandann til að "kafa dýpra" í hvaðeina fyrirbrigði samfélags og mannlífs sem hann kann að vera forvitinn um eða hægt er að vekja forvitni hans um.

Slík "djúpköfun" byggir ætíð á því ferli sem gæðir einhver tilfallandi hugtök almennrar merkingar daglegs eða sértæks máls skýrri skilgreindri og "dýnamískri" merkingu. Þú byrjar á einfaldri athugun á grundvelli þess sem þú telur þig vita, skerpir svo sjónarhorn þitt með því að reyna að afmarka þann veruleika sem þú ætlar yfirhöfuð að fjalla um..., og þar með er hafið það ferli sem að lokum leiðir til þess að þú einangrar þær staðreyndarlegu upplýsingar sem þér er vant til að breyta hugmynd um veruleikann í þekkingu.

Þetta tel ég vera rétta beitingu félagsfræði á því menntastigi greinarinnar sem eiginlegt er þeirri fyrirhuguðu menntastofnun sem við erum hér að fjalla um. Ég tel brýnt að félagsfræðin verði ekki þeirri þægilegu kennsluaðferð að bráð að nota hana sem ramma um fróðleik né þeirri að tildra upp fræðimannlegri orðræðu án þess að gengið sé í það sársaukablandna verkefni að nemandinn taki raunveruleikann til greiningar í krafti þeirra hugtaka sem hann þar með hefur raunverulega tileinkað sér!!

*Meginvandamálið í kennslu félagsfræði af því tagi sem ég er að gefa hér í skyn felst í því að nemendur eiga bággt með að skilja hvenær nálgun þeirra er félagsfræðileg og hvenær t.d. sagnfræðileg, uppeldisfræðileg eða sálfræðileg. Það er mjög eðlilegt því enginn hefur sagt þeim það. Þess vegna skoða þau hiklaust sem "félagsfræðilegt" viðfangsefni að bera t.d. saman tengsl foreldra og barna í gamla bændaþjóðfélaginu og nútímanum, að meta uppeldisáhrif hetjuímynda í sjónvarpsefni eða (van)líðan fólks í stórmörkuðum. Þess vegna er það líka mörgum nemandanum talsverð reynsla að upplifa það að verkefnið hans tekur á sig félagsfræðilega mynd í krafti einhvers hugtaks sem til skamms tíma var bara almennt og sljótt eða merkingarlítill sérfræðilega útlítandi frasi. En einmitt þessi reynsla er menntandi.*

*Til þess að mennta nemanda á þennan hátt þarf kennarinn að hafa djúpan skilning á eðli fræðigreinarinnar og að mínu viti er nauðsynlegt að hann sé að rannsaka það svið sem tekið er þannig til félagsfræðilegrar athugunar á plani nemandans í einstaklingsbundnu verkefni hans (sem hentugt er þó að tengja við verkefni annarri nemenda í námskeiðshópnum með sameiginlegu þema. Eins má koma við samvinnu nemenda í smærri hópum með t.d. samanburðarathugunum).*

*Almennt séð má segja að nám af þessu tagi byggir á því að hjálfa nemandann í að skerpa athugun sína á þeim veruleika sem við lifum í. Kúntin er að finna jafnvægi milli hins fræðilega (og þar með þess fræðilega sem hugsað hefur verið af öðrum), hugsunar nemandans, þess sem nemandinn telur sig almennt vita um þann veruleika sem er til athugunar og þeirra tiltöllega takmörkuðu staðreyndarlegu upplýsinga sem svigrúm er til að afla nýrra. Þetta krefst því fyrirlestra, fræðilegra texta, texta amenns eðlis eftir atvikum (t.d. dagblaða), einstaklingsbundinnar leiðsagnar og góðrar skipulagningar. Þetta krefst sem sagt kennslu!*

2.12 Fyrsta námskeið af þremur í "félagsfræði uppeldis", samkvæmt kennsluskrá Fósturskóla Íslands fyrir skólaárið 1997-1998. (Námskrá Fósturskólans er í endurskoðun. Þessi áfangi er þegar frá genginn en hinir tveir eru í gerð. Samtals verður Félagsfræði uppeldis um 7 einingar af 90)

**Námskeið: Félagsfræði uppeldis. 2. einingar.**

**Tími:** Haustönn.

**Markmið :**Nemandinn öðlist færni í að greina áhrif samfélagsins og menningar þess í þeirri tilveru sem börn lifa hverju sinni.

**Viðfangsefnisefni :** Áhrifspættir í stöðu barna á leikskólaaldri á Íslandi í dag, - vísbendingar um breytingar.

**Vinnulag :** Áfanginn byggir á rannsókn sem kennarinn er að gera á stöðu barna á Íslandi. Nemendum er kynnt áætlun um þessa rannsókn og lauslegt

yfirlit og þeim boðið að taka þátt í tilteknum þáttum hennar, að því marki sem við verður komið.

Námsmat : Verkefni og skriflegt lokapróf.

2.1.3 Söguáfanginn samkvæmt kennsluskrá Fósturskóla Íslands fyrir skólaárið 1997-1998: (Alls verða einingar í Sögu uppeldis og menntunar 2 af 90).

Námskeið: **Saga uppeldis og menntunar** 2 einingar.

Tími: Haustönn

Markmið: Að nemandinn geti (betur) greint uppeldi og menntun í nútímanum eins og sögulega atburðarás og í fortíðinni sem (þáverandi) nútíma.

Viðfangsefni: Breytivaldar í uppeldi og menntun á hverjum tíma, með aðaláherslu á hugmyndir og verk brautryðjenda frá (vestrænni) fornöld til nútíma.

Vinnulag: Lestur valinna texta, fyrirlestrar og verkefni.

Mat: Lokapróf.

2.2 Við **Íþróttakennaraskóla Íslands** hefur sögu uppeldis og menntunar og íslenskri menningu verið gerð skil að nokkru á tveimur námskeiðum. Annað námskeiðið er íþróttasaga en hitt íþróttafélagsfræði. Hvort námskeið er ein eining (25 bundnir tímar á stundaskrá). Tímasókn er bundin á báðum námskeiðunum.

1) 10.19.31 **Íþróttasaga** (1 e.)

Tími: 3. Misseri

Markmið: Að nemendur öðlist almenna þekkingu á þróun íþróttar; annars vegar á Vesturlöndum allt frá Forn-Grikkjum til nútímans og hins vegar á Íslandi frá landnámi til vorra daga.

Viðfangsefni: Fjallað verður einkum um áhrif íþróttar í Grikklandi til forna á nútíma íþróttir, upphaf íþróttakennslu í skólum, Ólympíuleika og alþjóðlegsamtök, þróun íþróttar á Íslandi, þ.e. íþróttir til forna, upphaf íþróttakennslu í skólum og íþróttafélög, þróun helstu íþróttagreina og íþróttasamtaka (UMFÍ, ÍSÍ, Ólympíunefnd Íslands o.fl.) Sérstök áhersla verður lögð á þróun íþróttar á Íslandi frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Námstilhögun: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum.

Námsmat: Nemendur skili skriflegu verkefni og er það metið sem þriðjungur af heildareinkunn; að öðru leyti byggist námsmatið á skriflegu prófi í lokin.

## 2) 10.18.41 Íþróttafélagsfræði (1 e.)

Tími: 4. misseri

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á íþróttafélagsfræði sem fræðigrein og viðfangsefnum hennar.

Viðfangsefni: Fjallað verður um meginhugtök og sjónarhorn greinarinnar, um félagsmótun og íþróttir, hlutdeild íþróttar í samfélaginu, íþróttastefnu (íþróttapólitík), skipulag íþróttastarfsemi, íþróttir og efnahagsmál, íþróttir og frítíma, íþróttir og fjölmiðla, stjórnun og rekstur íþróttafélaga, íþróttir og kynferði. Nemendum gefst kostur á að kynnast rannsóknum og aðferðum íþróttafélagsfræðinnar á tilteknum sviðum hennar.

Námstilhögun: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum. Nemendur vinna að gerð skriflegra verkefna.

Námsmat: Nat á verkefnum svarar allt að þriðjungi af heildareinkunn; að öðru leyti byggist mat á skriflegu prófi.

2.3 Í **Kennaraháskóla Íslands** er fengist við sögu og félagsfræði menntunar í öllum deildum: í Kennaramenntunardeild; almennu kennaranámi og menntun framhaldsskólakennara; í framhaldsnámi í Uppeldisvísindadeild og í Endurmenntunardeild.

2.3.1 Í **almenna kennaranáminu**, sem er skipulagt sem 90 ein. nám, bæði sem fjarnám og staðbundið, eru eftirtalin námskeið í kjarna á 1. misseri:

### 20.01.11.946 Íslensk menning og samfélag (2e)

Tími: 1. misseri.

Markmið: Stefnt er að því að kennaranemar

- öðlist þekkingu á sérkennum íslensks samfélags og menningararfleifðar og hvernig þau hafa mótað uppeldishætti og menntunarskilyrði á umliðnum öldum,
- glöggvi sig á þætti fjölskyldu, skóla og fjölmiðla í félagsmótun barna og unglunga sem og á ólíkum félagslegum aðstæðum sem hafa áhrif á gengi þeirra í skóla,
- kunni skil á almennri þróun skólahalds á Íslandi, m.a. á mismunandi framkvæmd eftir eðli byggða,
- þjálfist í að greina og meta mikilvæg atriði í texta og skiptast á skoðunum,
- þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum og efnisumfjöllun í rituðu máli.

Viðfangsefni: Fjallað verður um megindrætti í samfélagsgerð og menningararfleifð sveitapjóðfélags fyrri alda. Í þessu sambandi verður rætt um uppeldishlutverk kirkju, trúarbragða og heimila og hvernig nýir félagsmótunaraðilar, eins og skólar og fjölmiðlar, hafa þrengt að hinum fyrrnefndu. Fjallað verður um rætur almenningsskólans í menningarhefðum fortíðar sem og um hlutverk hans í nútíð og nánustu framtíð. Í þessu sambandi verður rætt um áhrif ólíks félagslegs umhverfis á skólahald og á stöðu kennara.

Vinnulag: Kennt er í fyrirlestrum og umræðutímum þar sem nemendur fást m.a. við verkefni tengd efni fyrirlestra. Hver nemandi semur ritgerð um afmarkaðan efnispátt og nýtur til þess leiðsagnar kennara. Ritgerð skal skilað fyrir lok 13. viku.

Námsmat: Námsmat byggist á skriflegu prófi sem vegur 70% af lokaeinkunn og ritgerð sem vegur 30% af lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn 5 er tilskilin fyrir hvort um sig, próf og ritgerð. Tímasókn er óbundin.

### **20.01.12.916 Inngangur að uppeldisvísindum (2e)**

Tími: 1. misseri.

Markmið: Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar

- öðlist þekkingu á viðfangsefnum, starfssviði og helstu aðferðum uppeldisvísinda,
- þekki helstu stefnur og strauma er varða þróun hugmynda um uppeldi og menntun í vestrænum menningarheimi,
- þjálfist í að greina og meta mikilvæg atriði í texta og skiptast á skoðunum,
- þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum og efnisumfjöllun í töluðu máli.

Viðfangsefni: Kynnt verða helstu hugtök uppeldisvísinda (s.s. uppeldi, menntun, þekking, inntak, skóli/skólastarf) og tengsl við aðrar fræðigreinar. Leitast verður við að tengja umfjöllun uppeldisvísinda daglegu skólastarfi. Kynntar verða mismunandi hugmyndir um menntun og skipulagt skólastarf á ýmsum tímum. Sérstök áhersla verður lögð á að tengja þessar hugmyndir við þróun íslenskra skólamála síðustu áratugi.

Vinnulag: Námskeiðið byggist að verulegu leyti á fyrirlestrum og málstofum þar sem ætlast er til veigamikils framlags nemenda. Auk þess verða leiðsagnartímar í tengslum við verkefnavinnu.

Námsmat: Námsmatið er byggt á verkefnavinnu, framlagi nemenda í málstofutímum og skriflegu prófi. Sóknarskylda er í málstofutíma.

Á lokamisseri kennaranámsins er námskeiðið

### **21.01.61.930 Kennarastarfið (1e)**

Markmið námskeiðsins er að kennaraefnum gefist kostur á að athuga og ræða eðli og einkenni kennarastarfsins í grunnskólum í ólíkum byggðarlögum. Áhersla er lögð á að efla skilning á faglegri ábyrgð kennara, starfsaðstöðu þeirra og kjörum. Rædd eru álitamál er varða löggjöf og reglur um skólamál og mismunandi starfsaðferðir í skólum; vinnubrögð og námsefni. Hugað er að starfsnámi kennaraefnanna sjálfra og tengslum þess við raunveruleika kennarastarfsins.

Vinnulag: Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu.

Í umræðutímum verður rætt um efni fyrirlestra, reynsluna úr kennaranáminu og starfið framundan. Áhersla verður lögð á að vinna með framtíðaráætlanir og hugmyndir kennaraefna, ræða hagnýt atriði sem snerta þær, s.s. umsóknir, samskipti, símenntun ofl. Í lok námskeiðsins skila kennaraefni vinnubók um efni þess.



Verkefni: Í lok námskeiðsins skila nemandur vinnubók þar sem þeir hafa skráð hugleiðingar sínar um kennaranámið og starfið framundan. Vinnubókin skal vera 2000 - 5000 orð.

2.3.2 Í s.k. **UF-námi, þ.e. uppeldisfræðum fyrir framhaldsskólakennara** sem skipulagt er sem 30 ein. nám, bæði staðbundið og sem fjarnám, eru eftirtalin námskeið:

### **22.01.13.886 Menningararfur og menntastefnur (2e)**

Tími: 40 stundir á stundaskrá auk heimavinnu.

Markmið:

Að nemandur kynnist mikilvægum þáttum í uppeldi og menntun í menningarhefð Vesturlanda frá grískri fornöld fram á okkar daga.

Að nemandur kynnist hugmyndafræðilegum forsendum helstu atriða í þróun íslenska menntakerfisins. Lögð er áhersla á að skoða menntun og uppeldi í félagslegu, pólitísku og hagfræðilegu samhengi.

Að nemandur öðlist færni í að greina og meta hugmyndir samtímans um uppeldi og menntun í sögulegu ljósi.

Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðutímum og hópvinnu. Auk þess vinna nemandur verkefni sem felst í því að gera athugun á hugmyndum um nám, kennslu og menntun í eigin skóla. Áhersla er lögð á að athuga hugmyndir um skipulag og vinnubrögð. Bókasafnskygning er liður í undirbúningi fyrir verkefni þetta.

Námsmat: Verkefni og skriflegt próf.

### **22.01.31.996 Skóli, samfélag, atvinnulíf (2e)**

Tími: 40 stundir á stundaskrá auk heimavinnu.

Markmið: Að nemandur öðlist skilning á tengslum skóla og samfélags í sögulegu og félagslegu samhengi. Sérstök áhersla verður á tengsl skóla og atvinnulífs.

Vinnulag: Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefni.

Námsmat: Verkefni og próf.

2.3.3 Í **M.Ed. námi, framhaldsnámi fyrir uppeldistéttir**, eru 15 skyldueiningar í fyrri hluta, þar á meðal námskeiðið

**Stefnur og straumar** (4 ein.)

Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur glöggvi sig á innbyrðis tengslum og áhrifum menningarstrauma, uppeldis- og menntahugmynda og samfélags í tímans rás. Sérstök áhersla verður lögð á að skýra og gagnrýna forsendur þeirrar ólíku orðræðu sem sett hefur mark sitt á skóla- og menntamál á Vesturlöndum síðustu hálfa öld. Þátttakendur þjálfist í að rýna stefnur og strauma í menntamálum frá ólíkum sjónarhornum, einkum með hliðsjón af áhrifum þeirra á Íslandi.

Auk þess eiga framhaldsnemur sem það kjósa kost á valnámskeiðum og einstaklingsverkefnum á þessu sviði.

2.3.4 **Endurmenntunardeild KHÍ** býður árlega fjölda námskeiða. Sum þeirra eru á sviði sögu og félagsfræði menntunar.

2.4 Í **Proskapjálfskóla Íslands** er kennt námskeiðið **Uppeldi** á 1. ári. Þar er lögð áhersla á sögu og þróun hugmynda um uppeldi, hvernig þær hugmyndir tengjast viðhorfum og uppeldiskenningum á okkar tímum og hvernig þær birtast í framkvæmd. Markmið uppeldis í nútímanum hafa mótast af þessum hugmyndum sem jafnframt hafa skýrt og skilgreint stöðu einstaklingsins í samfélaginu, réttindi hans og skyldur. Umfjöllun um viðhorf og hugmyndir um uppeldi stuðlar að auknum mannskilningi og þroskar lífssýn sem er nauðsynleg þeim sem starfa í þágu fatlaðra. Þekking á sögu þeirra hugmynda og tengslum þeirra við nútímaviðhorf og nútímaaðstæður er mikilvæg undirstaða í námi nemenda sem búa sig undir störf þroskajálfa. Slík þekking eykur skilning á markmiðum og hjálpar til að meta fjölbreytilegar aðstæður sem oft eru frávik frá því sem venjulegast er. Náminu er skipt í fjóra námsþætti sem styrkja hver annan og mynda eina heild. Samtals eru námsþættirnir fjórir metnir sem 5 námseiningar.

## **Uppeldi**

**Markmið:** Að nemendur kynnist uppeldishugmyndum í vestrænum menningarheimi fyrr og nú og öðlist aukinn skilning á stöðu einstaklingsins í samfélaginu, kynnist ríkjandi viðhorfum til fatlaðs fólks á ýmsum tímum sögunnar og gildandi lögum um málefni fatlaðra svo og aðstæðum fatlaðra.

### **Námsþáttur A. 1,5 e**

**Markmið:** Að nemendur kynnist uppeldishugmyndum fyrr og nú í vestrænum menningarheimi.

**Námsefni:** Uppeldishugmyndir, uppeldismarkmið og uppeldisvenjur á ýmsum tímum sögunnar. Hugmyndir ýmissa uppeldisfrömuða.

**Viðfangsefni:** Umfjöllun um hugtök frá ólíkum sjónarhornum: uppeldi, uppalanda, uppeldismarkmið, uppeldisgildi og um réttindi barna í sögulegu ljósi. Rætur vestrænnar menningar, mikilvæg umbrotaskeið við trúarskipti frá heiðni til kristni og við siðaskipti frá kaþólsku til lúthersku. Upplýsingastefnan og áhrif hennar á uppeldishugmyndir og menntun og hvernig breyttir tímar leiddu til almennrar skólagöngu barna. Staða einstaklingsins á okkar tíð með sérstakri tilvísun til íslenskra uppeldisaðstæðna. Hugmyndafræðilegar breytingar í skólastarfi í samræmi við þróun í samfélaginu.

**Námstilhögun.** Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

### **Námsþáttur B. 1,5 e.**

**Markmið:** Að veita nemendum innsýn í uppeldishugmyndir 20. aldar.

Námsefni: Hugmyndir uppeldisfræðinnar og hvernig þær tengjast störfum með fötluðum á þessari öld. Ýmsar hugmyndir tengdar reglugerð um störf þroskaþjálfara.

Viðfangsefni í fyrsta hluta námsþáttarins: Umfjöllun um ólík lífsgildi og tengsl þeirra við uppeldishugmyndir. Kristinn mannskilningur og kristin uppeldismarkmið í íslensku samfélagi. Trúarþroski barna og tengsl við hugmyndir þroskasálfræðinnar. Samantekt um mannskilning og markmið uppeldis. Inngangur að uppeldishugmyndum tuttugustu aldar.

Viðfangsefni í öðrum hluta námsþáttarins: Umfjöllun og verkefni um hugmyndir uppeldisfrömuða á tuttugustu öld. Umfjöllun um stofnanir og dulda uppeldisfræði, frelsishugmyndir og tengsl þeirra við uppeldisstarf. Umfjöllun um einstaklingsbundið nám, gagnvirkni og uppgötvunarnám og veg listgreina í uppeldisstörfum.

Viðfangsefni í þriðja hluta námsþáttarins: Umfjöllun um kröfur samtímans um aðbúnað barna og rétt íslenskra barna til uppeldis samkvæmt núgildandi lagasamþykktum.

Námstilhögun: Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

### **Námsþáttur C. 1e**

Markmið: Nemendur kynnist þjónustu velferðarkerfisins við þegna samfélagsins með vísun til sérstakrar áherslu á þátt uppeldis.

Námsefni: Nútíma velferðarkerfi (heilbrigðis-, trygginga-, félags- og menntakerfið) og sögulegur aðdragandi þess. Þjónusta þess tengd nútíma félagslegum og uppeldislegum hugmyndum.

Námstilhögun: Fyrirlestrar og umræður. Vettvangsferðir á stofnanir.

### **Námsþáttur D. 1e**

Markmið: Nemendur kynnist stofnunum undir leiðsögn kennara skólans.

Námsefni: Inngangur að starfsmannafræðslu.

Námstilhögun: Nemendur 3. bekkjar í starfsþjálfun annast leiðsögn undir stjórn kennara.

Námsmat í A, B og C: Sameiginlegt próf úr námsþáttum A og B. Forkrafa próftöku er 80% mæting í námsþætti C. Greinargerðir um vettvangsferðir.

Námsmat í D: Skýrsla.

## **3.0 FRAMTÍÐARSÝN**

Saga og félagsfræði uppeldis og menntunar eru kjarnaþættir í menntun kennara og annarra uppeldisstétta. Nauðsynlegt er að nemendur hins nýja Kennara- og uppeldisháskóla fái í námi sínu umfjöllun um tengsl menntunar og samfélags við fjölbreytilegar aðstæður í tíma og rúmi. Hér þarf bæði að fást við almenn fræðileg atriði og svo skipan mála við tiltekna sögulegar aðstæður, sérstaklega á Íslandi. Þannig öðlast namar almenna víða sýn á starfsvettvanginn til að spegla í reynslu sína af skólum

og uppeldisstofnunum og greina viðfangsefni kennslu og uppeldisstarfa. Slíkt sjónarhorn, raunhæft ásamt með fræðilegum hugtökum til að fást við og skýra félagsleg, menningarleg og pólitísk hlutverk uppeldisstofnanna eru ein forsenda fagmennsku kennara og annarra uppeldisstétta.

Í væntanlegum Kennara- og uppeldisháskóla þarf að efla rannsóknir á sviði sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar. Sérstaklega er mikilvægt að byggja upp þekkingu á íslenskum uppeldis- og menntunaraðstæðum; á þróun stofnana og hugmynda hérlendis; og á tengslum menntunar, menningar og atvinnulífs í tímans rás. Slíkur þekkingargrunnur er undirstaða stefnumörkunar, þróunarstarfs og faglegra vinnubragða uppeldisstétta í síbreytilegu samfélagi.

Í nýjum Kennara- og uppeldisháskóla er því eðlilegt að námskeið um sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar verði kjarnaþættir í öllum deildum stofnunarinnar. Á öllum námsbrautum í grunnnámi er nauðsynlegt að nemar kynnist námsefni úr sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar. Einnig er eðlilegt að slíkt námskeið verði í kjarna framhaldsdeildar stofnunarinnar og að endurmenntunarnámskeið á þessum sviðum verði boðin reglulega.

Starfhópnum var sérstaklega falið að taka til skoðunar kröfur til nemenda, kennsluhætti og lesefni á þessum sviðum. Til að gera langa sögu stutta er eðlilegt er að gerðar séu sömu inntökukröfur og námskröfur og gilda í háskólum víðs vegar. Sama má segja um kennsluhætti. Þar skulu ríkja góð háskólavinnubrögð, raunhæf jafnt sem fræðileg, en telja verður að nokkur reynsla sé af slíkum vinnubrögðum í skólunum fjórum. Mikilvægt er í þessu samhengi að nemendum gefist kostur á hagnýtri, sjálfstæðri vinnu, m.a. í tengslum við rannsóknir stofnunarinnar. Lesefni á þessu sviði skarast nú þegar umtalsvert í skólunum fjórum. Tilfinnanlegur skortur er að vísu á aðgengilegu íslensku lesefni, en það stendur vonandi til bóta á komandi árum.

Eðli sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar og viðfangsefni þessara fræðigreina henta vel sem inngangsnámskeið í námi uppeldisstétta. Þar er unnið á gagnrýninn hátt með mikilvægar hugmyndir og faglega starfshætti. Þar geta nemar kynnst meginhugmyndum kennslu og uppeldisstarfa um leið og þeir nýta aðferðir sagnfræði og félagsvísinda til að þæla í heimildum og margbreytileika mannlífsins.

#### 4.0 NIÐURSTÖÐUR

Námskeið um **sögu uppeldis og menntunar** og um **íslenska menningu og samfélag** eru sjálfsgöð í námsskrá hins nýja Kennara- og uppeldisháskóla. Þau geta að stórum hluta verið sameiginleg nemendum á öllum brautum. Hugsa má sér tvö 3 eininga kjarnanámskeið á þessum sviðum, sem allir nemar stunduðu í grunnnámi, hvort sem þeir væru að búa sig undir kennslu

í forskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, á stofnunum eða kennslu og uppeldisstörf við aðrar aðstæður.

Að auki þyrfti að bjóða sérhæfð námskeið í grunnnámi á sviði sögu og félagsfræði uppeldis og menntunar, þar sem t.d. væri hugað sérstaklega að leikskólastarfi, íþróttakennslu, faggreinum eða þroskaþjálfun. Slík námskeið gætu verið kjarnanámskeið á tilteknum námsbrautum, en valkostur fyrir aðra nemendur stofnunarinnar.

Ljóst er af lýsingum á námskeiðum skólanna fjögurra, að þar má finna sömu meginþræði í umfjöllun um sögu uppeldis og menntunar og um íslenska menningu og samfélag. Þeir eru að vísu spunnir á mismunandi hátt, en þegar til kastanna kemur verður ekki flókið að setja saman sameiginleg námskeið. Starfshópurinn sá ekki ástæðu á þessu stigi til að dengja saman dæmum um námskeið á þessum sviðum. Fyrst þyrfti að vinna ýmsa undirbúningsvinnu í námskrá hinnar nýju stofnunar.

Lokið 21. maí 1997.

# Greinargerð vinnuhóps um valþætti í námi

## Val í kennaranámi

### Val í kennaranámi

Kennaranemar velja sér svokölluð kjörsvið, tvær bóklegar greinar eða eina list- eða verkgrein, alls 15 greinar. Kjörsvið er talið vera um þriðjungur 90 eininga kennaranáms. Í raun er hér um að ræða 25 einingar á kjörsviði. Greinar, sem mynda kjörsvið, eru námsgreinar í grunnskóla. Innan kjörsviða er um lítið val að ræða. Í félagsfræði - sögu geta nemar valið námskeið sem tengjast öðru hvoru meginsviði kjörsviðsgreinar, alls 3 einingar. Í íslensku geta nemar á 6. misseri valið á milli málfræði eða bókmennta, samtals 1 eining.

Nemar geta valið eftirfarandi í kjarna: Ein eining í námskeiði um náms- og kennslufræði. Á 4. misseri eru tveggja eininga námskeið sem ætluð eru til að veita nemanda nokkra innsýn í aðrar kennslugreinar grunnskóla en þær sem hann velur á kjörsviði. Á 6. misseri velur hver nemi einnar einingar námskeið í uppeldisgreinum sem ætlað er að dýpka þekkingu í grein eða til að kynnst nýjum þáttum innan uppeldisgreina. Val í kjarna telst því einungis vera 4 einingar af 60. Hér er lokaritgerð ekki talin til vals þó svo nemar séu nokkuð frjálssir að efnisvali.

Nokkur umræða hefur farið fram í Kennaraháskólanum um kjörsvið og val nemenda. Allmargir kennarar telja að auka þurfi vægi kjörsviða í kennaranámi og lengja þann hluta námsins. Þá líta menn einkum til lengingar námsins um eitt ár. Þá hafa nokkrir bent á að val í kjarna þyrfti að vera meira því svo mikil binding sé ekki til þess fallin að byggja á áhuga nemenda og jafnvel fyrra námi þeirra og hér er talið sennilegt að þessi háttur dragi úr ábyrgð nema á námi sínu og það geti haft áhrif á fagmennsku.

Sú umræða sem þegar hefur farið fram um val í kennaranámi ætti að vera góður grunnur til að byggja á þegar hugað er að þeim breytingum sem í vændum eru.

### Val í framtíð

Þegar hugað er að vali nema í nýju námi þarf að hafa tvo meginþætti í huga:

a) Sífelld fleiri kennaranemar hefja nú nám eftir að hafa lokið námi eða hluta náms í öðrum háskólum. Þeir sækja því um mat á fyrra námi til matsnefndar KHÍ. Þegar sú nefnd hefur ákveðið að fyrra nám megi meta sem ákveðinn einingafjöldi í kennaranámi er þar með búið að viðurkenna að fyrra nám sé hluti af kennaranámi. Þetta getur skapað æskilega fjölbreytni og sérhæfingu á vissum sviðum sem ætti að nýtast skólum vel.

Skipulag námsins einkennist af bekkjakerfi þar sem nemendur eru taldir vera á 1., 2. eða 3. námsári. Þetta veldur vandræðum hjá því fólki sem fær fyrra nám metið. Lausnin gæti falist í því að breyta þessu skipulagi og gera kröfu til þess að nemandur þurfi að velja sér 90 einingar (eða 120) og skipuleggi nám sitt sjálfir. Vitaskuld er hægt að gera kröfur um ákveðin skyldunámskeið og jafnvel að námskeið sé undanfari annars en gæta þarf að því að val sé samt sem áður töluvert. Þetta leggur ákveðnar skyldur á herðar stofnuninni um að skipuleggja kennslu einstakra námskeiða að minnsta kosti 3 ár fram í tímann og námskeið í boði þurfa að vera nokkru fleiri en sem nemur 90 einingum.

b) Vísir menn segja að samfélagið sé sífellt að breytast og krafa um nýjar greinar fari vaxandi og aðrar séu í stöðugri þróun. Ef það er rétt sem haldið hefur verið fram að skólinn sé spegilmynd samfélagsins er nauðsynlegt fyrir stofnun sem menntar kennara að hafa það í huga þegar nám er skipulagt. Einnig ber að hafa það í huga að skólar eru að verða sjálfstæðari en áður og meiri kröfur gerðar til þeirra um að veita menntun og uppeldi sem gerir nemendur hæfari til að takast á við það samfélag sem bíður þeirra. Þetta gerir þær kröfur til stjórnenda skóla að þeir velji sér starfsfólk sem í sameiningu er vel fært um að ná þeim markmiðum sem skólinn setur og samfélagið setur honum.

c) Mikilvægt að hafa tengsl milli einstakra brauta í nýju námi.

## ***TILLÖGUR STARFSHÓPS UM VAL Í UPPELDISNÁMI***

Á fundi í menntamálaráðuneytinu 12. febrúar 1997 hófst vinna starfshóps sem falið var að fást við valþætti í námi í uppeldisháskóla. Hópnum var falið að huga að því í hve ríkum mæli unnt er að hafa "valþætti í boði sem öllum nemendum í grunnnámi gefst kostur á að sækja" (erindisbréf starfshóps).

Hópin skipa Guðmundur B. Kristmundsson Kennaraháskóla Íslands, Hafþór B. Guðmundsson Íþróttakennaraskóla Íslands, Kristín Hildur Ólafsdóttir Fósturskóla Íslands og Kristín Lilliendahl Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hópurinn kom fimm sinnum saman til fundar og varð sammála um að leggja fram þá skýrslu sem hér fer á eftir.

### **STAÐA NÚ**

Í upphafi starfs ræddi hópurinn nokkuð um valnámskeið sem í boði eru í skólunum um þessar mundir. Þar kom fram að lítið er um val í þeim öllum. Ástæður geta verið ýmsar og þar vegur fámenni þungt. Stuttur og ásettur tími til námsins hefur þar einnig nokkuð að segja samfara þeirri skoðun að það efni sem nú er kennt myndi nauðsynlegan grunn og þar megi því fátt missa sín.

Hópurinn lýsti áhuga sínum á að fást við þetta viðfangsefni og taldi mjög mikilvægt að aðstæður sköpuðust til að auka val nemenda og þar með ábyrgð þeirra á eigin námi.

## **GILDI ÞESS AÐ VELJA**

Nútímasamfélag er sífellt að breytast, nýjar fræðigreinar koma fram og þær sem þegar hafa skipað sér sess eru í stöðugri þróun. Mennta- og uppeldisstofnanir eiga að mótast af þessari stöðugu þróun og leitast við að búa stúdenta undir að veita kennslu og uppeldi sem gerir börn hæf til að takast á við líf og starf í óræðri framtíð.

Flest bendir til þess að skólar og aðrar uppeldisstofnanir séu að verða sjálfstæðari en áður og þær fari hver og ein að marka sér ákveðna stefnu um starfsemina. Þetta gerir þær kröfur til stjórnenda að þeir velji sér starfsfólk sem í sameiningu er vel fært um að ná þeim markmiðum sem stofnunin setur sér og samfélagið henni. Það verður ljósara með hverju árinu sem líður að hver og einn menntaður starfsmaður getur ekki verið jafnfær á öllum sviðum og því ættu stúdentar að eiga þess kost að sérhæfa sig með ýmsum hætti og dýpta þekkingu sína á ákveðnum sviðum. Með þeim hætti ættu þeir að finna til ábyrgðar á eigin námi og skipuleggja það í samræmi við faglegan metnað sinn. Það ætti að auðvelda þeim að þróa starfskenningu sem stuðlar að samfellu í námi og uppeldi sem leiðir til þroska.

## **TILLÖGUR**

Hópurinn fjallaði um val í kjarnanámi, þ.e. því námi sem gæti verið sameiginlegt í öllum skólunum. Í öðru lagi um val í deildir, þriðja lagi val á kjörsviðum innan deilda, fjórða lagi val milli deilda og fimmta lagi val um að sækja nám í öðrum stofnunum. Tillögurnar beinast að því að gera nám sveigjanlegt og líklegt til að koma til móts við þær forsendur sem getið var um hér að ofan, auk þess sem þess er vænst að þessi háttur veiti fjölbreytt nám sem geri stúdenta færari um að takast á við fjölbreytilegar aðstæður.

### **1. Val í deildir eða skóla**

Í upphafi náms verða stúdentar að velja sér deild, íþróttakennaradeild, kennaradeild, leikskólakennaradeild, eða þroskaþjálfadeild.

### **2. Val í kjarna**

Allir nemar verða að ljúka ákveðnum fjölda námseininga í kjarna. Hópurinn lítur svo á að þar geti verið um nokkurt val að ræða og leggur til að kjarni einkennist af eftirfarandi þáttum:

a) **Bundinn kjarni.** Nemendur á öllum brautum verða að ljúka ákveðnum námskeiðum. Ef dæmi er tekið af núverandi námi í skólunum gætu fallið í þennan flokk námskeiðin Þroskasálarfræði/Þróunarsálarfræði, Kennslufræði/Námssálarfræði, Íslenskt mál/mælt mál/Vinnulag,



Aðferðafræði/Tölfræði, Listmenning og skólastarf/Rytmik/Líkams- og hreyfiproski, Saga uppeldis- og menntunar/inngangur að uppeldisvísindum, Vettvangsnám, Lokaverkefni og e.t.v. fleiri (námskeiðin eru undir ýmsum heitum í skólunum og eru þau nefnd hér og aðgreind með skástriki. Ath. hér er einungis um dæmi að ræða og ber ekki að skoða þetta sem tillögur að námskeiðum). Lagt er til að nemum verði gert að sækja einnar viku vettvangsnám á annarri braut en þeirri sem þeir leggja stund á.

b) **Bundið val í kjarna.** Einstakar deildir gera kröfu um að nemar velji ákveðin námskeið úr tilteknum fjölda námskeiða í kjarna. Sem dæmi má taka að Leikskólakennaradeild gæti krafist námskeiða um myndsköpun barna, barnabókmenntir, heilbrigðisfræði/næringarfræði og skyndihjálp, kennaradeild gæti krafist námskeiða um umhverfismennt, skóla og samfélag, stærðfræði, íþróttakennaradeild gæti krafist námskeiða um skyndihjálp, umhverfismennt, heilbrigðisfræði/næringarfræði, þroskaþjálfadeild gæti krafist námskeiða um hollustu og heilbrigði/næringarfræði/heilsurækt, myndsköpun barna, umhverfismennt. (Ath. hér er einungis um dæmi að ræða og ber ekki að skoða þetta sem tillögur að námskeiðum).

c) **Óbundið val í kjarna.** Lagt er til að allmörg námskeið verði í boði í kjarna og nemar í öllum deildum þurfi að velja sér ákveðinn fjölda námseininga úr þeim potti. Markmiðið með þessu vali er að styrkja nema í að móta nám sitt og þar með að hafa nokkuð um það að segja hvað mótar fræði þeirra og starfskenningu í framtíðinni.

### **3.Val á kjörsviði innan deilda**

Lagt er til að nemar eigi þess kost að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum innan deilda. Kennaranemar geti til dæmis stundað nám í einstökum greinum svo sem nú er á kjörsviði. Einnig væri æskilegt að þeir gætu sérhæft sig í að kenna á ákveðnum stigum innan grunnskólans, svo sem kennslu yngri barna, eða unglinga. Leikskólakennaranemar ættu að eiga þess kost að sérhæfa sig í til dæmis máli og málörvun eða myndíð. Íþróttakennaranemar ættu að eiga þess kost að sérhæfa sig t.d. í kennslu fatlaðra. Þroskaþjálfanemar ættu að eiga þess kost að sérhæfa sig í uppeldi og þjálfun þroskaheftra barna, fullorðinna, fjölfatlaðra, einhverfra, eða í sérstökum starfsaðferðum, svo sem skapandi starfi eða líkamsþjálfun. Þetta val ætti að geta leitt til þess að stofnanir hefðu á að skipa vel menntuðu fólki á ákveðnum sviðum og það gæti leitt til frjórrar samvinnu og verkaskiptingar sem leiddi til betra starfs.

### **4. Val á einstökum námskeiðum milli deilda**

Nefndin telur að mikill ávinningur geti orðið að því að gefa nemum í öllum deildum kost á að sækja tiltekin námskeið í öðrum deildum og styrkja

Þannig faglega getu til að koma til móts við mismunandi þarfir þeirra sem skólar og aðrar uppeldisstofnanir eiga að þjóna. Sem dæmi um þetta má nefna að leikskólakennarar gætu sótt námskeið um upphaf lestrarnáms og þjálfun móðurmáls í yngstu bekkjum grunnskóla og kennaranemar gætu sótt námskeið um listsköpun ungra barna og nám með leik. Proskapjálfanemar gætu sótt námskeið um þroska leikskólabarna og kennslufræði leikskólakennslu. Kennaranemar gætu sótt námskeið í þroskapjálfadeild t.d. um þjálfun og kennslu misþroska barna. Íþróttakennaranemar gætu sótt námskeið um börn með Down's syndrom og allar deildir gætu sótt námskeið í íþróttakennaradeild um hreyfingu, heilsuvernd og þjálfun.

## **5. Nám í öðrum stofnunum**

Lagt er til að nemum verði gefinn kostur á að sækja einstök námskeið í öðrum háskólum hér á landi og erlendis. Þetta er í raun framhald og frekari þróun á því sem þegar er hafið og ætti að geta orðið góður kostur til að auka fjölbreytni í fræðum og starfi.

Hér hefur verið dregin upp mynd af þeim tillögum sem hópurinn gerir um val í væntanlegum háskóla (sjá skipurit í fylgiskjali). Ekki er gerð tillaga um hve mikið af námi einstakra hópa skal vera valkvætt og hvað skyldubundið en nemar ættu strax í upphafi náms að eiga kost á nokkru vali sem vex síðan eftir því sem líður á nám þeirra. Þannig er lögð áhersla á að hver einstaklingur beri vaxandi ábyrgð á námi sínu og eigi sinn þátt í að skapa sér faglegan grundvöll sem byggður er á fræðilegum áhuga.


Nám í öllum skólunum er skipulagt á misseri og námsár. Ef þessi skipan verður viðhöfð í nýjum skóla er lagt til að á fyrsta ári fari fram nám í kjarna og þá ljúki nemar skyldubundnum kjarnanámskeiðum sem allir eiga að taka og námskeiðum sem krafist er vegna náms í einstökum deildum. Nokkur valnámskeið koma einnig til álita í kjarna á þessu ári. Á öðru ári ljúki nemar vali í kjarna.

Hópurinn ræddi nokkuð þessa skipan náms og taldi að hún gæti orðið til trafala fyrir skipulag náms sem byggðist að töluverðu leyti á vali. Þessi háttur rýrir sveigjanleika námsins og getur valdið miklum vanda við að skipuleggja stundaskrár og daglegt skólastarf. Þó svo það sé ekki í verkahring þessa starfshóps að fást við skipulag námsins leyfir hann sér að benda á að alvarlega ætti að huga að því að koma á annarri skipan sem ekki væri jafn bundin misserum og árum og nú er. Benda má á að stöðugt fjölgar þeim nemum sem hefja nám eftir að hafa sótt annað, skylt nám í öðrum háskólum. Það nám er því metið til eininga og þessir nemar geta því þurft að sækja nám á tveimur árum í senn. Núverandi skipulag veldur þessum nemum oft nokkrum vanda.

Að lokum vill starfshópurinn áréttta það að val í uppeldisnámi getur leitt til framfara í í menntun og veitt stofnunum starfsmenn með fjölbreyttari menntun en nú er. Ef svo á að vera þarf valkvætt nám að vera allstór hluti

námsins og þar verða namar að fá að velja sér námskeið sem skipta miklu fyrir þá faglegu stefnu sem þeir hyggjast taka.

## Valmöguleikar við kennara- og uppeldisnám



Reykjavík, 2. apríl 1997

Guðmundur B. Kristmundsson  
Hafþór B. Guðmundsson  
Kristín Hildur Ólafsdóttir  
Kristín Lilliendahl

# Greinargerð vinnuhóps um vettvangsnám

## Vettvangsnám í Kennara- og uppeldisháskóla Íslands

Meginhlutverk Kennara- og uppeldisháskóla er að veita menntun til starfa að uppeldis- og kennslumálum. Hann skal stuðla að því að nemar temji sér fræðileg viðhorf og heildarskilning á væntanlegu starfi og starfsumhverfi; gera þá hæfa til að taka ábyrga afstöðu og mæta þörfum þeirra einstaklinga sem þeir munu starfa með. Kjarni þess náms er fólgin í þjálfun og námi á vettvangi.

Vettvangsnám er samofið öðrum þáttum námsins og tengist ákveðnum námskeiðum á hverju tímabili (sjá nánar í kennsluskrá einstakra brauta).

Lögð er áhersla á að nemar fái reynslu, hver á sínum starfsvettvangi, kynnist ólíkum aldurshópum og treysti fræðilega þekkingu sína í samvinnu við starfsmenn á vettvangi. Nemar eru hvattir til að sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum innan þess ramma sem vettvangsnámi er settur.

Mikilvægt er að nemar hafi kynni af starfsvettvangi frá fyrstu tíð (upphafi námstímans), með heimsóknum, könnunum og athugunum á vettvangi áður en að kennslu eða öðrum uppeldisstörfum kemur.

Vettvangstímabil dreifast á námstímann og er þeim nánar lýst í kennsluskrá einstakra brauta skólans. Gerðar eru stigvaxandi kröfur eftir því sem líður á námið. Hlutverk og ábyrgð nema á vettvangi vex að sama skapi. Vettvangstímabil skulu vera samfelld og samhengi milli tímabila tryggt þannig að það feli í sér auknar kröfur. Í upphafi geri nemar stuttar áætlanir en þegar á námið líður þurfi nemar að sýna hæfni sína í að skipuleggja og áætla kennslu og uppeldisstarf til lengri tíma.

Heildarumsjón og skipulag vettvangsnáms er í höndum verkefnisstjóra / æfingastjóra sem vinnur í nánú samráði við umsjónarmenn þeirra námskeiða sem vettvangsnámið tengist beint.

Í upphafi vettvangstímabils skulu nemar kynna sér vel aðstæður á vettvangi áður en þeir huga að gerð kennslu- eða starfsáætlunar. Á vettvangi njóta nemar leiðsagnar starfsmanna sem hafa til þess hlotið sérstakan undirbúning. Þeir kynna sér áhersluatriði í námi nemanna, sækja kynningar- og undirbúningsfundi fyrir vettvangsnám og fræðslufundi sem boðað er til um einstök atriði og snerta nám og kennslu og vinnu með ólíkum aldurshópum. Þeir veita nemum nauðsynlegar upplýsingar um starfið og eftir atvikum skjólstæðinga sína. Þeir skipuleggja veru þeirra á

vettvangi með þeim hætti að þeir öðlist innsýn í fjölbreytileg hlutverk sem í starfinu felast.

Við undirbúning og gerð áætlana njóta nemar leiðsagnar kennara í Kennara- og uppeldisháskóla og leiðbeinenda eða tengla á vettvangi.

Á vettvangi fá nemar tækifæri til að treysta fræðilega þekkingu sína og bera saman við eigin reynslu. Þeir framkvæma áætlanir sínar, leggja fyrir eigin verkefni og kannanir og meta frammistöðu sína að tímabili loknu. Nemar halda leiðarbók á hverju tímabili þar sem þeir skrá hugleiðingar sínar og spurningar sem kunna að vakna, athugasemdir og ályktanir eða annað sem þeir telja að varpi ljósi á eigin frammistöðu. Auk leiðarbókar skila nemar skýrslu um vettvangsnám sitt að loknu hverju tímabili.

Um útfærslu vettvangsnáms er að öðru leyti vísað í kennsluskrár fyrir viðkomandi brautir.

Umfang miðað við núverandi skipan (ath þó ÍKÍ):

*Vettvangsnám F.Í er alls 18 einingar.*

Á fyrsta ári eru nemendur 6 vikur á vettvangi á vorönn, 4 tíma á dag. Þeir stunda jafnframt bóklegt nám í skólann 4 tíma á viku. Á öðru ári fer vettvangsnám fram í desember og janúar 6 tíma á dag í 6 vikur .

Á þriðja ári er áætlað að nemendur fari 1 viku á haustönn í heimsóknir í yngri bekki grunnskólans Í apríl-maí er 5 vikna verknám, 6 tíma á dag. Eftir hvert tímabil er ætlaður tími til að vinna úr reynslunni á vettvangi.

*Vettvangsnám í KHÍ er nú 13 einingar.*

Kennaranemar eru 12 vikur á vettvangi en einni viku er varið í uppgjör og frágang leiðarbókar í lok námstímans.

Nemar fara á vettvang grunnskólans og kenna á miðstigi í þrjár vikur á vormisseri fyrsta námsárs. Á öðru ári kenna nemar í byrjendabekkjum þrjár vikur á vormisseri. Á þriðja námsári fara nemar í sex vikur að hausti og kenna valgreinar sínar í 5.-10. bekk grunnskólans. Nenum er gert að verja allt að einni viku (20 stundum) til heimsókna í nokkra skóla sem eru ólíkir hvað snertir hugmyndafræði og starfshætti.

*Vettvangsnám í ÍKÍ.*

Í drögum að þriggja ára íþróttanámi er gert ráð fyrir vettvangsnámi sem nemur 14 einingum. Það dreifist þannig að á 2. misseri er gert ráð fyrir heimsókn á vettvang (1 ein.). Á þriðja misseri er 3 einingum varið til að kenna efstu bekkjum grunnskólans (6.-10.bekk). Á fjórða misseri fari nemar þrjár vikur (3 ein.) á vettvang til að kenna yngstu bekkjum grunnskólans (1.-4.bekk). Á 5. misseri fari nemar á íþróttabraut í fjórar vikur (4 ein.) til kennslu í framhaldsskólum.

*Vettvangsnám í Þroskaþjálfaskóla Íslands., 13 einingar.*

Á öðru misseri eru nemar eina viku samfelld á vettvangi (1e).

Á fjórða misseri eru nemar í 13 vikur á vettvangi, tvo daga í viku 6 klst í senn (5 e).

Á 2. ári vinna nemar einstaklingsáætlun fyrir skólstæðing undir leiðsögn umsjónarmanna starfsþjálfunar. Jafnframt er lögð áhersla á að leiðbeindur þeirra á vettvangi veiti þeim innsýn í ábyrgð og skyldur þroskaþjálfara og kynni þeim þá þætti starfsins er varðar uppeldi, ummönun og þjálfun sinna skjólstæðinga.

Á 6. misseri eru nemar í 13 vikur á vettvangi, 4 daga í senn (7 e). Á 3. ári vinna nemendur áætlun fyrir stofnun eða hóp undir leiðsögn umsjónarmanna starfsþjálfunar. Jafnframt er lögð áhersla á að leiðbeindur þeirra og tenglar á vettvangi veiti þeim innsýn inn í starfssvið þroskaþjálfara með sérstaka áherslu á stjórnun og yfirsýn í starfi.

# Greinargerð vinnuhóps um þróunarsálarfræði

## Greinargerð frá vinnuhópi um kennslu í þróunarsálfræði.

Vinnuhópurinn hittist fjórum sinnum, fór yfir námsefni, kennsluáætlanir og lesefni í þróunarsálfræði í Fósturskólanum, Kennaraháskólanum, Þroskaþjálfaskólanum og Íþróttaskólanum á Laugarvatni. Samanburður leiddi í ljós sameiginlegan kjarna í þróunarsálfræðinámskeiðum skólanna fjögurra, þótt námsþáttum sé komið fyrir á mismunandi hátt og kennslutilhöggun sé að ýmsu leyti ólík. Þar að auki er fjallað ítarlega um tiltekin svið eða æviskeið í hverjum skóla fyrir sig. Í ljósi þessa leggur vinnuhópurinn áherslu á að kennsla í þróunarsálfræði við hinn væntanlega Kennara- og uppeldisháskóla verði samræmd að svo miklu leyti sem kostur er, en jafnframt verði hún aðlöguð að viðfangsefnum hvernar brautar og tryggt að starfstengdar áherslur glattist ekki.

### *Sameiginlegt grunnnámskeið í þróunarsálfræði*

Lagt til að nemendur allra brauta taki sameiginlegt inngangs- og yfirlitsnámskeið í þróunarsálfræði til 5 eininga. Í þessu námskeiði verði áhersla lögð á æviskeiðið frá 0-20 ára, helstu kenningar og þroskaáfangar (sjá nánar um markmið og efni námskeiðsins Þróunarsálfræði I hér að neðan).

Samhliða áherslu á samræmingu, verði haldið inni aðhæfingu sálfræðikennslunnar að meginviðfangsefnum námsbrautanna. Í því skyni verði nemendum skipt í smærri hópa eftir brautum þar sem hluti kennslunnar fari fram á umræðufundum (seminörum). Hugmynd vinnuhópsins er sú að nemendur vinni verkefni fyrir þessa umræðufundi, þar sem sameiginlegur kjarni er tengdur viðfangsefnum á þeirra sérsviði.

Kennsluhættir í þessu námskeiði byggist á sameiginlegum fyrirlestrum auk umræðufunda í smærri hópum og sjálfstæðrar verkefnavinnu sem þeim tengist eins og áður hefur verið skýrt frá.

Auk grunnnámskeiðs í þróunarsálfræði verði í boði sérhæfðari námskeið þar sem kafað verður dýpra í einstök aldurskeið og/eða þroskaþætti. Sum þessara námskeiða verði skylda fyrir nemendur ákveðinna brauta, en geti jafnframt verið valnámskeið fyrir nemendur annarra námsbrauta (sjá nánari útfærslu á þessum hugmyndum í námskeiðslýsingum hér að neðan).

### *Tillögur um skyldu- og valnámskeið í þróunarsálfræði í nýjum Kennara- og uppeldisháskóla.*

Þróunarsálfræði I. (5 einingar)

Grunnnámskeið ætlað öllum nemendum Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Kennt á fyrsta námsári.

### Markmið:

- Nemendur kunni skil á völdum kenningum og rannsóknum þróunarsálfræðinnar sem og helstu áhrifavöldum á þroskaferlinum.
- Þeir kynnist helstu orsökum og eðli frávíka og einstaklingamunar.
- Nemendur kynnist nokkrum aðferðum við mat á þroska barna, m.a með eigin athugunum.
- Nemendur geri sér ljósa þýðingu fjölskyldu barns, jafnaldra, kennara og annarra uppalenda fyrir þroska þess,
- og móti á fræðilegum grunni eigin hugmyndir um það hvernig þeir sem uppalendur og kennarar geta best stuðlað að framförum og alhliða þroska.

### Helstu viðfangsefni:

- Yfirlit yfir helstu viðfangsefni, aðferðir og kenningar þróunarsálfræðinnar.
- Upphaf og þróun félags- og tilfinningalegra tengsla í frumbersku og áhrif þeirra á síðari þróun einstaklingsins.
- Máltaka barna og vitræn þróun. Helstu áhrifaþættir í vitrænni þróun, þ.á.m. samskipti við jafnaldra og uppaldendur.
- Þróun sjálfsmýndar og sjálfsvitundar, þ.á.m. kynferðisvitundar.
- Félagslegur skilningur og þróun siðgæðisvitundar.
- Áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska barna.

### Þróunarsálfræði II: Frumberska og bernskuár (4 einingar).

Gert er ráð fyrir að námskeiðið sé skyldunámskeið á námsbrautum leikskólakennara og þroskaþjálfara, en jafnframt sé hver hluti fyrir sig valnámskeið á öðrum brautum.

Markmiðið er að dýpka þekkingu nemenda á sálfræði þessa aldurskeiðs. Þeir kunni sér ítarlega þróunarferli á tilteknum sviðum, bæði frá fræðilegu sjónarhorni og með eigin athugunum, og tengi jafnframt við uppeldis- og kennslustörf. Í tengslum við hvern þroskaþátt verður fjallað um áhrif umhverfis og uppalenda, einstaklingamun og seinkaðan þroska.

### A. Líkams- og hreyfifroski (1 eining).

#### Helstu efnisþættir:

- Þróun á fósturstigi og helstu fósturskaðvaldar.
- Líkamsþroski, þ.á.m. þroski taugakerfis.
- Fjallað um hvernig barnið nær valdi á líkama sínum, um þróun hreyfinga og hreyfimynda og þau lögmál sem hún lýtur.
- Skynjun ungbarna og þróun samhæfingar skynjunar og hreyfinga.
- Skynúrvinnsla og skynúrvinnsluvandi. Ofvirkni, misþroski.
- Þáttur umhverfis og uppalenda á hreyfifroska barna
- Hreyfihömlun og uppeldi hreyfihamlaðra barna.



## B. Félags- og tilfinningaþroski barna (1 eining).

Helstu efnisþættir:

- Tilfinningaleg og félagsleg tengsl. Áhersla lögð á tengsl og samskipti foreldra og barna, en einnig fjallað um samskipti barna við önnur börn og aðra uppaldendur en foreldra. Leikir barna, vináttutengsl, samskiptaskilningur og siðgæðisvitund.
- Kenningar um skapgerð barna og persónuleikaþróun. Þróun sjálfsvitundar barnsins og kynhlutverks.
- Uppeldisaðferðir foreldra og áhrif þeirra á þroska.

## C. Vitræn þróun og máltaka barna (2 einingar).

Helstu efnisþættir:

- Ítarleg umfjöllun um kenningar og rannsóknir á vitrænni þróun í frumbersku og í bernsku, m.a. kenningu Piagets og gagnrýni á hana, kenning Vygotskys o.fl.
- Rannsóknir á skynjun, greind og minni.
- Seinkaður greindarþroski o.fl. þroskafrávik.
- Kenningar um máltöku barna og tengsl hugsunar og máls.
- Máltökuferlið.
- Þáttur foreldra og annarra uppaldenda í máltöku barna.
- Boðskiptahæfni og boðskiptaleiðir. Önnur málkerfi en talmál kynnt.
- Seinkaður málþroski, orsakir, úrbætur.

## Þróunarsálfræði III. Miðbernska (2 einingar).

Skyldunámskeið í almennu kennaranámi. (Kennt sér eða sem hluti af námskeiði um Nám ungra barna). Valnámskeið á öðrum brautum.

Skoðað verður sérstaklega hvar börn eru stödd í alhliða þroska um það bil sem þau hefja skólagöngu og þróun þeirra á fyrstu skólaárunum. Áherslur á mál og málnotkun, “metacognition”, vitsmunarþroska, félagsþroska og samskipti, siðgæðisvitund o.fl.

## Þróunarsálfræði IV. Unglingsár (2 einingar).

Skyldunámskeið í almennu kennaranámi. Valnámskeið á öðrum námsbrautum. Fjallað ítarlega um vitsmuna-, félags- og siðgæðisþroska, sem og þróun sjálfsmýndar á unglingsárunum, auk sérstakrar umfjöllunar um málefni sem tengjast unglingsárunum sérstaklega s.s. kynþroskann, kynfræðslu, vímuefnanotkun og forvarnir. Nemendur sem stefna að kennslu þessa aldurshóps fá tækifæri til að taka sérstaklega fyrir málefni sem tengjast samskiptum í skóla.

## Þróunarsálfræði V. Fullorðinsár (2 einingar).

Skyldunámskeið á þroskaþjálfabraut, valnámskeið á öðrum brautum.

Í þessum námsáfangi þróunarsálfræðinnar er fjallað um æviskeiðin fullorðinsár og miður aldur. Miklar breytingar hafa orðið innan

sálfræðinnar hvað varðar viðhorf til þessara æviskeiða og beinast rannsóknir í auknum mæi að þeim. Í námskeiðinu verður áhersla á vitræna þróun og persónuleikaþróun á þessu æviskeiði, félags- og tilfinningalega þróun. Meðal viðfangsefna verða: Upphaf starfsferils og mikilvægi starfsins í nútíma samfélagi. Ástin, hjónabandið, stofnun fjölskyldu, foreldrahlutverk o.fl. Breytingar á miðjum aldri hjá konum og körlum.

Þróunarsálfræði VI. Efri ár, elli (1 einingar).

Valnámskeið sem einkum er ætlað nemendum á námsbrautum fyrir þroskaþjálfara og íþróttakennara sem hyggjast starfa með öldruðum.

Elliárin. Persónuleg og félagsleg þróun. Breytingar á fjölskylduhögum, hlutverkum innan fjölskyldunnar, búsetu og starfslok. Inn í þetta námskeið er fléttað fyrirlesturum öldrunarlæknis um ellina og áhrif hennar á líkamlegt atgerfi og andlegan þroska. Loks er fjallað um um kenningar um dauðaferlið og viðhorf samfélagsins til dauðans.

#### *Um kröfur til nemenda*

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins, fjallaði hann einnig um “faglegar kröfur til nemenda, kennsluhætti, lesefni...” o.fl. Fulltrúar FÍ, ÍKÍ og ÞSÍ í stafshópnum telja sig sjá fram á að breyting verði á þeim kröfum sem gerðar verði til nemenda með flutningi þessara skóla á háskólastig. Meiri kröfur verði gerðar til sjálfstæðrar vinnu þeirra og lesturs námsefnis á erlendum tungumálum. Einnig verður það talsverð breyting fyrir þessa nemendur að gert er ráð fyrir að veigamikill hluti kennslu í þróunarsálfræði fer fram í stórum fyrirlesturum þar sem takmarkað svigrúm er fyrir mikil samskipti við kennarann.

kennslu þessa aldurshóps fá tækifæri til að taka sérstaklega fyrir málefni sem tengjast samskiptum í skóla.

Þróunarsálfræði V. Fullorðinsár (2 einingar).

Skyldunámskeið á þroskaþjálfabraut, valnámskeið á öðrum brautum.

Í þessum námsáfangna þróunarsálfræðinnar er fjallað um æviskeiðin fullorðinsár og miður aldur. Miklar breytingar hafa orðið innan sálfræðinnar hvað varðar viðhorf til þessara æviskeiða og beinast rannsóknir í auknum mæi að þeim. Í námskeiðinu verður áhersla á vitræna þróun og persónuleikaþróun á þessu æviskeiði, félags- og tilfinningalega þróun. Meðal viðfangsefna verða: Upphaf starfsferils og mikilvægi starfsins í nútíma samfélagi. Ástin, hjónabandið, stofnun fjölskyldu, foreldrahlutverk o.fl. Breytingar á miðjum aldri hjá konum og körlum.

Þróunarsálfræði VI. Efri ár, elli (1 einingar).

Valnámskeið sem einkum er ætlað nemendum á námsbrautum fyrir þroskaþjálfu og íþróttakennara sem hyggjast starfa með öldruðum.

Ellíárin. Persónuleg og félagsleg þróun. Breytingar á fjölskylduhögum, hlutverkum innan fjölskyldunnar, búsetu og starfslok. Inn í þetta námskeið er fléttað fyrirlesturum öldrunarlæknis um ellina og áhrif hennar á líkamlegt atgerfi og andlegan þroska. Loks er fjallað um um kenningar um dauðaferlið og viðhorf samfélagsins til dauðans.

*Um kröfur til nemenda*

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins, fjallaði hann einnig um “faglegar kröfur til nemenda, kennsluhætti, lesefni...” o.fl. Fulltrúar FÍ, ÍKÍ og ÞSÍ í stafshópnum telja sig sjá fram á að breyting verði á þeim kröfum sem gerðar verði til nemenda með flutningi þessara skóla á háskólastig. Meiri kröfur verði gerðar til sjálfstæðrar vinnu þeirra og lesturs námsefnis á erlendum tungumálum. Einnig verður það talsverð breyting fyrir þessa nemendur að gert er ráð fyrir að veigamikill hluti kennslu í þróunarsálfræði fer fram í stórum fyrirlesturum þar sem takmarkað svigrúm er fyrir mikil samskipti við kennarann.